


skoðun 14




2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Veiði




Hádegisverður til fyrirtækja og stofnana
Holt og ferskt
Fyrsta flokks hráefni
Fagmennska í fyrirrúmi
Nánari upplýsingar á www.iss.is
Netfang sala@iss.is
Sími 5 800 600



# FRÉTTABLAÐIÐ

ÞITT

ÞRIÐJUDAGUR

29. júní 2010 — 150. tölublað — 10. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000




**SUS er áttatíu ára**
*Mikill baráttuhugur í ungum sjálfstæðismönnum.*

tímamót 16


**Vilja leika á móti Ingó**
*Tugir stúlkna vilja leika unnustu Buddy Holly í samnefndum söngleik.*

fólk 26




**Sambataktar Brassa**
*Brasilíumenn sýndu meistaratakta á HM í gær.*

sport 23


**veðrið í dag**




**HÆGVIÐRI** eða hafgola á landinu í dag. Bjartviðri NA-lands, annars víða skýjað með köflum en horfur á vætu NV-til síðdegis. Hiti 8-16 stig, hlýjast V-lands.


VEÐUR 4




**VINNU HALDIÐ ÁFRAM** Litlar skemmdir urðu af eldinum sem kviknaði í tónlistarhúsinu Hörpu síðdegis á sunnudag. Því var hægt að halda áfram vinnu við bygginguna í gær eins og ekkert hefði í skorist. Hugsanlegt er talið að eldur hafi kviknað út frá neista í slípirokki eða logsuðutæki, en ekki vegna íkveikju eins og fyrst lék grunur á. Ekki er búið að meta tjónið en talið er að það sé óverulegt. Áætlað er að húsið verði tilbúið í maí á næsta ári. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Ísland styrkt til aðlögunar

**Næstu þrjú árin fær Ísland ríflega fjóra milljarða króna úr sjóðum Evrópusambandsins til að búa sig undir aðild. „Sérlega ógeðfellt," segir Ögmundur.**

**STJÓRNMÁL** Um miðjan júlí bættist Ísland á lista þeirra ríkja, sem njóta stuðnings úr sjóðum Evrópusambandsins til að fara í aðildarviðræður og búa sig undir hugsanlega aðild. Ákveðið hefur verið að næstu þrjú árin fái Ísland ríflega fjóra milljarða króna úr sjóðunum.

„Þetta er stuðningur sem tengist aðildarviðræðum, en hins vegar er þetta óafturkræft þótt ekkert verði af aðild," segir Stefán Haukur Jóhannesson, sendiherra í Brussel og formaður samninganefndar Íslands í aðildarviðræðum við Evrópusambandið.

„Þetta getur þannig nýst okkur með ýmsum hætti, til dæmis sem stuðningur vegna stofnanauppbyggingar og við fjárfestingar. Evrópusambandið hefur stutt önnur ríki með þessum hætti sem hafa farið þessa leið og lítur á það sem skyldu sína að koma til móts við ríki sem standa í þessu ferli, enda gerir ESB sér grein fyrir því að aðildarviðræður eru flókið og umfangsmikið ferli sem getur reynt á stjórnsýslu ríkja."

„Ég held að það sé mjög mikilvægt að sjá þetta sem tækifæri fyrir okkur," segir Þóra Magnúsdóttir, ráðunautur í sendiráði Íslands í Brussel. „Þarna fáum við möguleika á að styrkja stjórnsýsluna og fara í alla þá endurskoðun og rýnivinnu sem við þurfum núna. Við getum fengið heilmikinn stuðning við að skoða á markvissan hátt hvernig okkar stjórnsýsla er í samanburði við stjórnsýslu ESB, hvað við gerum vel og hverju þarf að breyta."

„Það kostar náttúrlega sitt að fara í gegnum þennan feril þannig að það er svo sem sjálfsagt að taka við því fé sem býðst í þessu efni," segir Eiríkur Bergmann Einarsson stjórnmálafræðingur, „en menn ættu samt að hugsa þetta betur því þetta er stuðningur sem var hugsaður fyrir ríki í Austur- og Suður-Evrópu, ríki sem hafa staðið verr efnahagslega en ESB. Þetta er sem sagt eins konar þróunaraðstoð og sumpart skrýtið að ríkt ríki eins og Ísland sé að taka til sín þetta fé. Við þurfum ekkert á þessu að halda til að uppfylla skilyrði aðildar, en eigi að síður heyrir maður að þeir ætli að veita okkur ríkulega af þessu eins og um þróunarríki væri að ræða. Svo er spurning hvort Íslendingar vilji það."

> Þetta er sem sagt eins konar þróunaraðstoð.
>
> **EIRÍKUR BERGMANN EINARSSON**
> STJÓRNMÁLAFRÆÐINGUR

„Mér finnst þetta sérlega ógeðfellt," segir Ögmundur Jónasson, þingmaður Vinstri grænna. „Við höfum gengið til þessara samninga á jafnræðisgrundvelli til að kanna forsendur fyrir því hvort Íslendingar vilji ganga í Evrópusambandið eða ekki. En þessar kvaðir um að aðlaga okkar stjórnsýslu að stjórnsýslu Evrópusambandsins, með öðrum orðum að laga okkur að ESB í þessu viðræðuferli miðju, er nokkuð sem margir höfðu nú ekki reiknað með að væri jafn umfangsmikið og raun ber vitni. Svo þegar í ofanálag er verið að bera á okkur fé með þessum hætti, þá veldur það óneitanlega örlítilli velgju."


- gb / sjá síðu 10


Rándýr sjónvarpstæki seljast vel þrátt fyrir minnkandi kaupmátt í landinu:

# Þrívíddarsjónvörpin rjúka út

**VERSLUN** Þrívíddartæknin er að ryðja sér til rúms á Íslandi. Nú seljast nokkur þrívíddarsjónvarpstæki í hverri viku á allt að 650 þúsund krónur. Það er um 400 þúsundum meira en hefðbundnir flatskjáir af sömu stærð kosta.

Kaupmáttur launa hefur minnkað jafnt og þétt frá seinni hluta árs 2008 samkvæmt nýjum tölum frá Hagstofu Íslands. Þrátt fyrir það eru Íslendingar fljótir að tileinka sér nýjustu og dýrustu tækni sem völ er. Sjónvarpsmiðstöðin er ein af fáum búðum á Íslandi sem eru byrjaðar að selja þrívíddarsjónvörp og selur allt að sjö á viku. Ólafur Már Hreinsson, starfsmaður verslunarinnar, segir að það sé allt annað að horfa á sjónvarp í þrívídd en til þess þarf maður sérhönnuð gleraugu. Þau kosta um 20.000 krónur parið.

> **650.000** Þrívíddarskjáir kosta allt að 650 þúsund krónur stykkið hér á landi, 400 þúsundum meira en flatskjár af sömu stærð. Verslanir selja nokkur tæki í hverri viku.


- áp / sjá síðu 26



Fréttablaðið er með 180% meiri lestur en Morgunblaðið.




Allt sem þú þarft...

Meðallestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18–49 ára.
Könnun Capacent í febrúar til apríl 2010.

Gefðu boltann!
1.500 króna sending til þurfandi í Afríku
Reikningsnúmer styrktarsöfnunar
301-13-304799
kt. 521208-0660
Sóley & félagar
soleyogfelagar.is




ÍSAFOLDAR PRENTSMIÐJA
Sími 595 0300 - www.isafold.is

## SPURNING DAGSINS



*„Grétar, var ekkert að marka þetta?“*

„Nei, við ætlum ekki að láta þetta standa í vegi fyrir því að við náum markmiðum okkar.“

Grétar Sigfinnur Sigurðsson er varnarmaður í KR, sem tapaði jöfnum leik gegn Breiðabliki á sunnudag. Markið sem réð úrslitum var skrautlegt í meira lagi. Eftir leik sagði Grétar þetta hafa verið eitt ljótasta mark sem hann hefði séð.

Starfshópur um skattbreytingar hefur boðað til fyrsta fundar með samráðsnefnd:

# Fengu frest fram til ágústloka

**EFNAHAGSMÁL** Starfshópur á vegum fjármálaráðuneytis sem leggja á fram tillögur að heildstæðum breytingum og umbótum á skattkerfinu fundar í fyrsta sinn með samráðsnefnd hagsmunaaðila í dag. „Þetta verður örugglega gagnlegur fundur,“ segir Maríanna Jónasdóttir, formaður starfshópsins.

Starfshópurinn var settur á laggirnar um miðjan apríl. Samráðsnefnd hagsmunaaðila sem starfshópurinn á að ræða við í tengslum við skattatillögurnar var stofnaður á sama tíma. Maríanna sagði í samtali við Fréttablaðið í síðustu viku það hafa reynst þrautina þyngri enda fleiri óskað eftir þátttöku en upphaflega var stefnt að.

Nítján hagsmunaaðilar, þar af allir flokkar, eiga sæti í nefndinni og fengu þeir boðunarbréf fyrir helgi. Óskað var eftir því að tveir væru tilnefndir, einn af hvoru kyni. Það gekk ekki eftir.

Starfshópurinn átti að skila fyrstu áfangaskýrslu með tillögum að breytingum 15. júlí. Maríanna segir það frá upphafi hafa verið knappan tíma. Fjármálaráðherra hefur nú lengt frestinn, sem rennur út 31. ágúst næstkomandi. **- jab**



**MARÍANNA** Erfitt reyndist að setja saman samráðsnefnd hagsmunaaðila sem ræða á um tillögur að skattbreytingum þar sem fleiri vildu vera með en stefnt var að, segir formaður starfshóps fjármálaráðuneytis. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Handteknir í Bandaríkjunum:

# Tíu Rússar sakaðir um njósnir

**BANDARÍKIN, AP Bandarísk yfirvöld hafa handtekið tíu Rússa fyrir njósnir. Þeir eru grunaðir um að hafa ætlað að koma sér inn í málsmetandi hópa í bandarískum stjórnmálum og senda síðan skýrslur til rússneskra stjórnvalda.**

**Samkvæmt dómsskjölum hafa bandarískir leyniþjónustumenn hlerað samskipti Rússanna, bæði við stjórnvöld í Moskvu og starfsmenn valdastofnana í Bandaríkjunum, svo ljóst þótti hvað þeim gekk til.** **- gb**

Erlendir stangveiðimenn:

# Fjölgar umtalsvert á milli ára

**VEIÐI Erlendum veiðimönnum hefur fjölgað umtalsvert á Íslandi í sumar.**

**„Útlendingum hefur fjölgað um tuttugu prósent,“ segir Þröstur Elliðason, forstjóri Veiðiþjónustunnar Strengja. Hann segir að ekkert hafi verið um afpantanir vegna eldgossins. „Fyrirspurnir stoppuðu þó alveg um tíma.“**

**Þröstur segir að aukning sé bæði í lax- og silungsveiði. „Silungsveiði hjá útlendingum hefur aukist. Ekki bara laxveiðin. Ísland er smátt og smátt að komast á kortið sem silungsveiðiland,“ segir Þröstur glaðbeittur.** **- mmf /sjá Allt**

Mál Byrs og Exeter Holding:

# Búið að gefa út fyrstu ákærur

**DÓMSMÁL** Fyrstu ákærur frá embætti sérstaks saksóknara hafa verið gefnar út, vegna umboðssvika í tengslum við lánveitingar Byrs sparisjóðs til félagsins Exeter Holding. Sagt var frá málinu í fréttum Stöðvar 2 í gærkvöldi.

Hinir ákærðu eru Jón Þorsteinn Jónsson, fyrrverandi stjórnarformaður Byrs, Ragnar Zophonías Guðjónsson, fyrrverandi sparisjóðsstjóri og Styrmir Þór Bragason fyrrverandi forstjóri MP banka, samkvæmt mbl.is.

Byr hf. hefur lagt fram skaðabótakröfu á hendur þeim sem hafa verið ákærðir vegna lánveitinganna. Í tilkynningu frá Byr kemur fram að gerðar hafi verið verulegar breytingar á innra skipulagi félagsins til að tryggja að viðlíka mál geti ekki komið upp. „Við lítum á það þannig að við höfum verið fórnarlömb í þessu máli þar sem miklir fjármunir töpuðust í tengslum við umræddar lánveitingar,“ er haft eftir Jóni Finnbogasyni forstjóra. **- þeb**

# Litháískar konur í haldi vegna smygls

**Langmesta magn amfetamíns sem fundist hefur hér á landi fannst í bíl sem kom hingað með Norrænu 17. júní. Tvær litháískar konur á fimmtugsaldri, sem búsettar eru í Þýskalandi, eru í gæsluvarðhaldi til 2. júlí vegna málsins.**

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan og tollayfirvöld lögðu hald á rúmt 21 kíló af amfetamínsúlfati hinn 17. júní. Úr því hefði verið hægt að framleiða mesta magn af amfetamíni sem um getur á Íslandi. Efnið var falið í bíl sem kom með Norrænu til Íslands þann 17. júní.

Tvær konur á fimmtugsaldri, báðar af litháískum uppruna, og fimm ára sonur annarrar þeirra voru í bílnum, sem er af gerðinni Volkswagen Passat. Konurnar eru búsettar í Þýskalandi. Sú sem ók bílnum er þýskur ríkisborgari og bíllinn var á þýskum númerum. Önnur þeirra á smávægilegan brotaferil að baki í Þýskalandi.

Grunur leikur á að efnin hafi einnig komið frá Litháen, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Á undanförnum árum hafa mörg amfetamínmál komið upp hér á landi, sem talið er að tengist stórfelldri amfetamínframleiðslu í borginni Kaunas og nágrenni hennar í Litháen. Verið er að rannsaka tengsl kvennanna við fólk hér á landi og miðar þeirri rannsókn vel. Þær eru í gæsluvarðhaldi fram til 2. júlí. Drengnum var komið til barnaverndaryfirvalda en hann var svo sóttur og fluttur til Þýskalands af ættingja sínum.

Hægt hefði verið að framleiða minnst 264 kíló af amfetamíni að styrkleika 5,8 prósent úr súlfatinu. Sá styrkleiki er nærri því sem er selt og dreift hér á landi að sögn lögreglu. Magnið er allt að því fimmfalt meira en áður hefur fundist í einu lagi hér á landi. Talið er að ársneysla amfetamíns hér á landi sé um það bil 300 kíló miðað við þennan styrkleika.

Á blaðamannafundi í gær kom fram að miklum áfanga hefði verið náð með því að haldleggja efnið. Ef það hefði komist í umferð hefði verð á amfetamíni orðið lægra og aðgangur neytenda auðveldast umtalsvert. Þannig hafi vonandi verið komið í veg fyrir neyslu, veikindi og ef til vill dauðsföll. Auk þess hafi vonandi verið komið í veg fyrir að nýir kaupendur og neytendur yrðu til.

Karl Steinar Valsson, yfirmaður fíkniefnadeildarinnar, segir rannsóknarvinnu liggja að baki. Samkvæmt heimildum blaðsins hefur verið fylgst með fólki og málið verið rannsakað lengi.

thorunn@frettabladid.is



**EFNIN ÚR BÍLNUM** Lögreglan sýndi efnin á fundinum í gær. Um er að ræða amfetamínsúlfat, sem með blöndun við sýru og leysiefni hefði verið hægt að framleiða 264 kíló af amfetamíni úr. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**264** kíló af amfetamíni tilbúnu til neyslu hefði mátt framleiða úr efnunum.

### Tæp ársneysla af efninu




Hægt hefði verið að framleiða minnst 264 kíló af amfetamíni að styrkleika 5,8 prósent með því sem fannst nú. Það er allt að fimmfalt meira en í því sem áður var stærsti amfetamínfundurinn hér á landi. Ársneysla er talin vera um 300 kíló, samkvæmt SÁÁ.



**VIGDÍS FINNBOGADÓTTIR** Forsetinn fyrrverandi mun setjast niður í Iðnó í dag og skrifa þakkarbréf. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Fyrirmyndarátak nær hámarki:

# Skrifa bréf til fyrirmynda

**FÓLK** Bréfsefni með yfirskriftinni Takk fyrir að vera til fyrirmyndar verður dreift inn á heimili landsins í dag og á morgun. Bréfsefnið er ætlað til bréfaskrifta til þeirra sem fólk telur hafa verið sér fyrirmynd á einn eða annan hátt. Það er liður í hvatningarátakinu Til fyrirmyndar sem er tileinkað Vigdísi Finnbogadóttur. Í dag eru þrjátíu ár frá því að hún var fyrst kvenna kosin þjóðhöfðingi í lýðræðislegum kosningum.

Opið hús verður í Iðnó klukkan 14 í dag, þar sem fólki gefst kostur á að skrifa bréf. Vigdís Finnbogadóttir verður meðal þeirra sem þar skrifa þakkarbréf. **- þeb**

Þjófar nappaðir í Auschwitz:

# Hugðust stela lausum nöglum

**PÓLLAND, AP Tveir Kanadamenn voru handteknir í fyrrverandi útrýmingarbúðum nasista í Auschwitz í Póllandi á laugardag, eftir að aðrir gestir á minjasvæðinu þar sögðust hafa séð þá stela lausum nöglum af járnbrautarteinum.**

**Mennirnir eru báðir þrítugir og báðir kennarar. Naglarnir fundust í bakpokum þeirra, en mönnum var síðan leyft að fara úr landi.**

**Ekki hafði verið ákveðið í gær hvort þeir yrðu ákærðir, en þeir gætu átt yfir höfði sér allt að tíu ára fangelsi ef í ljós kemur að naglarnir hafi verið sögulegar minjar.** **- gb**




Óánægðir sjálfstæðismenn ætla að berjast áfram innan flokksins:

# Sjá ekki fyrir sér nýjan flokk

**STJÓRNMÁL** Ragnheiður Ríkharðsdóttir, þingkona Sjálfstæðisflokksins, segist langt frá því að vera sátt við samþykkt landsfundar Sjálfstæðisflokksins um Evrópusambandið.

„Það eru mikil vonbrigði að Sjálfstæðisflokkurinn skuli setja fram skýra kröfu um að aðildarviðræðurnar verði dregnar til baka í stað þess að einhenda sér í það, eins og flokkurinn hefur alltaf gert, að hafa forystu í utanríkismálum,“ segir Ragnheiður. Hún segist þó alls ekki ætla að gefast upp á flokknum heldur berjast áfram fyrir því að skoðun sín hljóti hljómgrunn innan flokksins.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, fyrrverandi varaformaður Sjálfstæðisflokksins, segir að sjálfstæðismenn þurfi að horfast í augu við að aðildarferlið sé hafið. Því sé æskilegra að menn sameinist um að berjast fyrir hagsmunum Íslands í aðildarviðræðum við sambandið.

Þá sagði Þorsteinn Pálsson, fyrrverandi formaður Sjálfstæðisflokksins, við fréttastofu Vísis í gær að frá sínum bæjardyrum séð hefði flokkurinn tekið mjög óskynsamlega ákvörðun með stjórnmálaályktuninni. Niðurstaða landsfundar væri bæði vond fyrir flokkinn og Evrópumálstaðinn.

Hvorki Þorgerður né Þorsteinn segjast sjá fyrir sér stofnun nýs flokks óánægðra sjálfstæðismanna. **- gb**

### Fáir skráð sig úr flokknum

„Það er bæði um að ræða nokkrar úrsagnir en líka inngöngur í flokkinn en það er ekkert sem er teljandi í rauninni og bara svipað því sem gengur og gerist,“ sagði Jónmundur Guðmarsson, framkvæmdastjóri Sjálfstæðisflokksins, spurður hvort mikið hafi verið um úrsagnir úr flokknum eftir landsfund hans um helgina. Í kjölfar fundarins hafa verið uppi getgátur um töluverðar úrsagnir Evrópusinnaðra sjálfstæðismanna.

Jónmundur fékkst ekki til að gefa upp neinar tölur í þessu samhengi en sagði breytingarnar ekki vera miklar miðað við fjölda flokksmanna. **- mpl**



**JÓNMUNDUR GUÐMARSSON**




# Netlykill á 0 kr.

Þú getur fengið 3G netlykil á 0 kr. gegn sex mánaða bindingu.
Netlykilinn geturðu notað í sumarbústaðnum, fellihýsinu eða bara á þjóðveginum, enda veitir hann aðgang að stærsta 3G dreifikerfi landsins.

**Kynntu þér hagstæðar áskriftarleiðir Símans.**

Það er **Síminn**

800 7000 • siminn.is

ENNEMM / SÍA / NM42470

## GENGIÐ 28.06.2010

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 127,14 | 127,74 |
| Sterlingspund | 191,32 | 192,26 |
| Evra | 156,85 | 157,73 |
| Dönsk króna | 21,07 | 21,194 |
| Norsk króna | 19,73 | 19,846 |
| Sænsk króna | 16,397 | 16,493 |
| Japanskt jen | 1,4229 | 1,4313 |
| SDR | 188,05 | 189,17 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

202,4899

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Hlaupið í Skaftá náði hámarki í gær og heldur áfram að vaxa:

# Skemmdir á vegum og gróðri

**NÁTTÚRA** Skaftárhlaup, sem eru orðin tvö á rúmri viku, gætu orðið þau mestu í sögu Skaftárhlaupa. Hlaupið nú heldur stöðugt áfram að vaxa og hefur nú þegar valdið skemmdum á gróðri og vegum.

Flóðið náði hámarki við Sveinstind, nálægt Vatnajökli, um klukkan átta í gærmorgun. Ágúst Gunnar Gylfason hjá almannavarnadeild ríkislögreglustjóra, segir flæðið hafa haldist stöðugt út daginn en það náði inn í byggð um kvöldmatarleytið, en þá var rennslið við Sveinstind rúmir 1.300 rúmmetrar á sekúndu. Talið er að það geti farið í 1.500 til 1.600 rúmmetra á sekúndu.

„Skaftárhlaup eru mjög vel þekkt. Það verða alltaf skemmdir á vegum og gróðri, svo sem á veginum inn í Skaftárdal, Einnig er viðbúið að það fari eitthvert vatn yfir veginn við Fjallabak," segir Ágúst.

Hann segir jafnframt möguleika að vatnið berist alla leið niður að Þjóðvegi eitt, en það sé ekki allt vatnið sem skili sér niður í byggð sökum þess að mikið af því síist niður í hraunið. Dragi það mikið úr áhrifum hlaupsins. **- sv**



**SKAFTÁRHLAUP** Hlaupið nú gæti náð 1.500 til 1.600 rúmmetrum á sekúndu. MYND/STÖÐ 2

Hæstiréttur dæmir Chicago:

# Er óheimilt að banna byssur

**BANDARÍKIN** Hæstiréttur Bandaríkjanna hefur komist að þeirri niðurstöðu að bann við skammbyssueign, sem hefur verið í gildi í Chicago, brjóti gegn stjórnarskrá landsins. Dómurinn gæti breytt lögum um byssueign í mörgum ríkjum Bandaríkjanna.

Hæstiréttur klofnaði í afstöðu sinni til málsins, fimm dómarar voru með og fjórir á móti. Bannið hefur verið í gildi í Chicago og úthverfinu Oak Park í Illinois í 28 ár. Reglurnar um byssueign þar eru þær ströngustu í Bandaríkjunum. **- þeb**



**PETR NECAS** Tók við forsætisráðherraembætti í gær. NORDICPHOTOS/AFP

Stjórnarskipti í Tékklandi:

## Petr Necas hefur tekið við

**TÉKKLAND** Petr Necas, leiðtogi íhaldsmanna í Tékklandi, tók í gær við forsætisráðherraembætti landsins. Flokkur hans, Borgaralegi lýðræðisflokkurinn, hefur myndað stjórn ásamt tveimur öðrum hægri og miðjuflokkum.

Stjórnin hefur 118 þingsæti á 200 manna þjóðþingi landsins. Bráðabirgðastjórn hefur verið við völd í landinu í rúmt ár, eða síðan slitnaði upp úr þriggja flokka stjórnarsamstarfi, undir forystu Borgaralega lýðræðisflokksins, í mars 2009.

Necas var félagsmálaráðherra í þeirri stjórn. **- gb**

### LEIÐRÉTT

Þyrla Landhelgisgæslunnar var ekki kölluð að Kálfafelli í Suðursveit á laugardagskvöld eins og stóð í Fréttablaðinu í gær. Rétt er að þyrlan var send að Kálfafelli í Fljótshverfi sem er um 30 kílómetra austan Kirkjubæjarklausturs.

# Fólk getur sjálft skoðað breytingar á gengislánum

**Ráðgjafarfyrirtækið Sparnaður hefur búið til reiknivél sem fólk getur notað til að skoða áhrif mismunandi leiða á gengistryggð bílalán. Umræðan er orðin svo ruglingsleg að við ákváðum að smíða vélina, segir stjórnarformaður fyrirtækisins. Svo mikil ásókn var í reiknivélina í gær að tölvukerfi fyrirtækisins hrundi.**

**NEYTENDUR** „Frá því dómur Hæstaréttar féll hefur umræða tengd gengistryggðum bílalánasamningum verið mjög ruglingsleg. Við ákváðum því að smíða reiknivél svo fólk geti séð svart á hvítu hvaða áhrif þær leiðir sem ræddar hafa verið hafa á lán fólks," segir Ingólfur H. Ingólfsson, stjórnarformaður ráðgjafarfyrirtækisins Sparnaðar.

Tæpur hálfur mánuður er síðan dómur Hæstaréttar féll þar sem fram kemur að óheimilt hafi verið að tengja bílalán í krónum við erlenda myntkörfu.

Margir hafa gagnrýnt fjármögnunarfyrirtækin fyrir gengistrygginguna, sem bönnuð hefur verið með lögum frá því Alþingi samþykkti lög um vexti og verðtryggingu árið 2001. Lánin bera á bilinu tveggja til þriggja prósenta vexti að viðbættu álagi. Á meðal háværustu gagnrýnenda eru Gylfi Magnússon, efnahags- og viðskiptaráðherra, og Már Guðmundsson seðlabankastjóri, sem báðir segja að hagstæðustu vextir Seðlabankans eigi að taka við af gengislánunum.



**INGÓLFUR H. INGÓLFSSON**

Forsvarsmenn fjármögnunarfyrirtækjanna segja erfitt að finna viðmiðun við útreikninga á gengistryggðum lánasamningum og hafa krafið stjórnvöld um að grípa í taumana þar til Hæstiréttur dæmir í sambærilegum málum sem gætu skýrt hvert framhaldið verður.

Ingólfur segir stjórnvöld hafa flækt málið frekar en hitt og því hafi fyrirtæki hans ákveðið að stíga fram á sviðið með reiknivél sem lántakendur geta nýtt til að reikna út áhrifin af þeim mismunandi leiðum sem rædd hafa verið síðasta hálfan mánuðinn.

„Þetta er flókið mál en alveg mögulegt," segir Árni Gunnar Vigfússon, ráðgjafi hjá Sparnaði. Hann segir fjármálaverkfræðing hafa unnið sleitulítið að smíði reiknivélarinnar frá því á miðvikudag í síðustu viku. Hann segir fjármögnunarfyrirtækin og bankana eiga að geta búið til sambærilega vél, þau hafi sérfræðinga í vinnu til þess. Fyrirtækið er nú langt komið með smíði reiknivélar sem nota má til að reikna út áhrif mismunandi leiða á gengistryggð íbúðalán.

Í reiknivél Sparnaðar má sjá hver staða gengistryggðra bílalána er í dag og skoða hver áhrifin verða við að samningsvextir eru látnir standa eða hvort verðtryggðir vextir Seðlabankans eða óverðtryggðir taka við. Útreikningarnir eru eingöngu til viðmiðunar og umhugsunar fyrir fólk til að gera sér grein fyrir stöðunni.

Netverjar sem áhuga hafa á að skoða áhrif mismunandi leiða á gengistryggð lán sín verða að skrá sig á heimasíðu Sparnaðar áður en þeir geta skoðað reiknivélina. Svo mikill heimsóknafjöldi var á heimasíðu fyrirtækisins í gær að tölvukerfi þess hrundi, að sögn Ingólfs.

jonab@frettabladid.is

### Mismunandi þróun bílaláns

**Raunverulegt dæmi um afborganir af gengistryggðu bílaláni, tekinu í nóvember 2007, án greiðsluúrræðis.**




**Reiknivél Sparnaðar.is býður upp á nokkrar forsendur**

- Samningsvextir. Óbreyttir vextir á gengistryggðu láni.
- Raungreiðslur. Afnám gengistryggingar en óbreyttir vextir (samkvæmt dómi Hæstaréttar).
- Verðtryggðir vextir Seðlabankans.
- Óverðtryggðir vextir. Afnám gengistryggingar en breytilegir vextir eins og þeir voru hjá Seðlabankanum við töku láns.

### Sanngjarnast að semja upp á nýtt

Semja verður upp á nýtt við þá sem tóku gengistryggð bílalán. Það er sanngjörn lausn sem felur í sér að tekið er tillit til hagsmuna beggja aðila, að mati Jóns Ólafssonar, kennara í heimspeki og forseta félagsvísindadeildar við Háskólann á Bifröst.

Jón bendir á nokkra fleti tengda gengislánunum á bloggsíðu sinni fyrir helgi. Þar kemst hann að þeirri niðurstöðu að kjör gengistryggðra bílalána mættu ekki vera þannig úr garði gerð að lántakendur hefðu aldrei tekið þau á þeim tíma sem samningarnir voru upphaflega gerðir. Þá mega þeir heldur ekki verið þannig að lánveitandinn hefði aldrei veitt þá á sínum tíma. Því blasi við að samningsferli fari í gang eigi málið ekki að setja allt á annan endann í samfélaginu.




### VEÐURSPÁ



**Elísabet Margeirsdóttir** veðurfréttamaður

**VINDUR OG VÆTA FRAM UNDAN** Við skulum njóta veðursins í dag því seint á morgun þokast nokkuð kröpp lægð upp að landi og við fáum þá vaxandi austanátt með vætu syðra í fyrstu. Á fimmtudag verður víða strekkings vindur og hvassviðri syðra með vætu í flestum landshlutum.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 27° |
| Basel | 30° |
| Berlín | 32° |
| Billund | 22° |
| Frankfurt | 32° |
| Friedrichshafen | 30° |
| Gautaborg | 24° |
| Kaupmannahöfn | 24° |
| Las Palmas | 22° |
| London | 25° |
| Mallorca | 25° |
| New York | 31° |
| Orlando | 33° |
| Ósló | 20° |
| París | 28° |
| San Francisco | 20° |
| Stokkhólmur | 21° |

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.

AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal jonl@frettabladid.is ALMENNAR SÍMI 512-5401: Hendrik Sigurðsson hendrik@frettabladid.is, Guðmundur Steinsson gudmundurs@365.is, Laila Awad laila@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is ALLT SÍMI 512-5402: Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is, Henný Árnadóttir henny@365.is, Þórdís Hermannsdóttir thordish@365.is SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016: Sigríður Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynurs@365.is, Bjarni Þór Sigurðsson bthor@365.is, Benedikt Freyr Jónsson benediktj@365.is RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is, Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is

# ÍSLENSK GÆÐARÚM Í SUMARBÚSTAÐINN

**Framleiðum öll rúm eftir pöntun og afgreiðum innan sólarhrings!**

# 30% AFSLÁTTUR

## AF ÍSLENSKUM HEILSURÚMUM ÚT JÚNÍ

## VIÐ FRAMLEIÐUM ÞITT RÚM EFTIR ÞÍNUM ÓSKUM

**Rúmgott framleiðir svæðaskiptar hágæða heilsudýnur í öllum stærðum.**

**Verðdæmi:**

| | |
|---|---|
| Íslensk rúm: | 90 x 200 cm - Verð frá kr. 58.000,- |
| | 160 x 200 cm (2 dýnur) - Verð frá kr. 139.226,- |
| Dýnur: | 80 x 200 cm - Verð frá kr. 39.473,- |









## ÖLL ARINELDSTÆÐI Á 50% AFSLÆTTI

**EITT BESTA VERÐ LANDSINS Á GEL / ETHANOL ARINELDSTÆÐUM.**

**Ethanol uppkveikilögur 2L. Kr. 1.490,-**

VERSLUNIN Rúm Gott ÍSLENSK HEILSURÚM

**Löggiltir dýnuframleiðendur, starfandi í 60 ár**

RúmGott · Smiðjuvegi 2 (við hliðina á Bónus) · Kópavogi · Sími 544 2121
Opið virka daga frá kl. 10–18 og laugardaga kl. 11–16 · www.rumgott.is

**KJÖRKASSINN**



*Hefur HM í knattspyrnu staðið undir væntingum þínum?*

| | |
|---|---|
| Já | 47,1% |
| Nei | 52,9% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Vilt þú að áfengisverslun ríkisins verði færð úr miðbænum?*

Segðu þína skoðun á vísir.is.

SA og Viðskiptaráð mæla gegn starfandi stjórnarformönnum:

# Starfandi formaður virkar illa í eftirliti

**VINNUMARKAÐUR** Í tveggja ára gömlum leiðbeiningum Viðskiptaráðs og Samtaka atvinnulífsins er sérstaklega kveðið á um aðskilnað á milli stjórnarformanns og framkvæmdastjóra. Þær byggja á lögum sem áttu að fækka starfandi stjórnarformönnum. Verkefnisstjóri leiðbeininganna segir nýráðinn stjórnarformann hjá Orkuveitu Reykjavíkur (OR) geta lent í vanda með eftirlitshlutverk sitt.

„Stjórnir eiga að vera þannig samsettar að þær geti beitt hlutlausri og sjálfstæðri dómgreind. Góð framkvæmd krefst aðskilnaðar milli stjórnarformanns og framkvæmdastjóra," segir í leiðbeiningunum.



**DAGUR B. EGGERTSSON**



**HARALDUR I. BIRGISSON**

Haraldur I. Birgisson, lögfræðingur hjá Viðskiptaráði, var verkefnisstjóri leiðbeininganna. Hann segir þær byggja á anda laganna. Lögunum hafi í raun verið ætlað að koma í veg fyrir að stjórnarformaður yrði starfandi stjórnarformaður og leiðbeiningarnar byggðu á þeim grunni. „Stjórnin hefur mörg hlutverk en eitt af hennar meginhlutverkum er eftirlitshlutverk. Stjórnarformaðurinn er lykilmaður í stjórninni og það er þess vegna sem mælst er til þess að hann sé ekki starfandi."

Haraldur segir að starfandi stjórnarformaður taki meiri þátt í rekstri félagsins en stjórnarmönnum sé almennt ætlað. Ef menn telji sig ekki geta fylgt ákvæðum leiðbeininganna sé sú krafa gerð að skýrt verði í ársreikningi hverju það sæti og útskýrt hvernig annarri tilhögun sé háttað.

Dagur B. Eggertsson, formaður borgarráðs, segir þetta ekki eiga við um stjórnarformann OR. Hann sé ekki starfandi, heldur í fullu starfi. „Við erum ekki að breyta hlutverki stjórnarformanns, heldur styrkja hann í því hlutverki sem hann á að hafa sem stjónarformaður." Dagur segir stjórnarformanninn ekki verða hluta af framkvæmdastjórn, slíkt hafi gefist illa. **- kóp**



**BLÓÐGJÖF** Mestur er skortur á blóði í blóðflokknum o mínus.

Blóðbanki biðlar til blóðgjafa:

## Skortur á blóði í bankanum

**HEILBRIGÐISMÁL** Skortur er á blóði í blóðbankanum. Sérstaklega vantar blóð í O-blóðflokkunum og segir Sigríður Lárusdóttir, hjúkrunarfræðingur hjá Blóðbankanum, að sumarið og jólin séu þeir tímar ársins sem blóðskortur sé viðloðandi.

„Íslendingar eru að fara í frí. Við viljum bara minna fólk á að koma aftur til okkar svo bankinn sé vel birgur fyrir sumartímann," segir Sigríður. „Fram undan eru stórar umferðarhelgar og við verðum að vera við öllu búin ef slys verða." **- sv**

Vilja styrkja fræðastarf:

## Samstarf um rannsóknir í fötlunarfræði

**MENNTUN Háskóli Íslands og Öryrkjabandalag Íslands skrifuðu í gær undir samstarfssamninga um kennslu og rannsóknir á sviði fötlunarfræði.**

**Öryrkjabandalagið mun kosta hálft starf lektors í fötlunarfræðum til tveggja ára og veita sex milljóna króna framlag til rannsókna á félagslegum og efnahagslegum aðstæðum og mannréttindum fatlaðs fólks. Markmiðið er að efla fræðastarf og styrkja kennslu, rannsóknir, framþróun og stefnumörkun í fötlunarfræðum og í málefnum fatlaðra. - þeb**

# Kvíðir ekki úttekt á starfi Hraðbrautar

**Ólafur Haukur Johnson, skólastjóri og eigandi Menntaskólans Hraðbrautar, segir ekkert athugavert við arðgreiðslur til sín. Hann kvíðir ekki úttekt Ríkisendurskoðunar á skólanum. Menntamálaráðherra segir nauðsynlegt að skoða málið.**

**MENNTUN** Ríkisendurskoðun hefur verið falið að gera úttekt á starfi Menntaskólans Hraðbrautar. Ólafur Haukur Johnson, skólastjóri og eigandi skólans, kvíðir ekki skoðuninni og segir hana í raun eðlilega í aðdraganda endurnýjunar þjónustusamnings skólans og menntamálaráðuneytisins.

DV greindi frá því í gær að Ólafi hefði verið greiddur tugmilljóna króna arður út úr rekstrarfé skólans. „Ég tel ekkert athugavert við hvernig staðið var að málum í þeim efnum og kvíði ekki niðurstöðu Ríkisendurskoðunar þar að lútandi," segir í yfirlýsingu Ólafs.

Þriggja ára þjónustusamningur skólans og ríkisins rennur út næstu áramót en fyrir liggja drög að árssamningi sem gildir til næsta sumars og verður ritað undir í dag að sögn Ólafs. Sá samningur verði gerður til að eyða óvissu um skólann sem skapast hafi vegna frétta af úttekt á málefnum skólans.

Katrín Jakobsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, sagði í gær að nauðsynlegt væri að skoða allar hliðar á málefnum skólans. „Það verður að gæta fjármuna skattgreiðenda og hagsmuna nemenda," segir Katrín. „En þar sem málið er enn í skoðun er ekkert hægt að segja til um hvernig starfsemin hefur farið fram."

Ólafur bendir í yfirlýsingu sinni á að úttekt á faglegu starfi skólans sé nær lokið og hafi komið vel út. Í nýrri könnun nýnema við Háskóla Íslands komi einnig fram að nemendur Hraðbrautar telji almennt námið góðan undirbúning fyrir háskólanám.



**ÓLAFUR HAUKUR JOHNSON** Segir faglega úttekt á skólanum sýna að starfið þar sé gott. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

> Ég tel ekkert athugavert við hvernig staðið var að málum í þeim efnum og kvíði ekki niðurstöðu Ríkisendurskoðunar [...]
>
> **ÓLAFUR HAUKUR JOHNSON** SKÓLASTJÓRI HRAÐBRAUTAR

Hann segir að verið sé að skoða kjaramál kennara skólans en fram hefur komið að þeir hafi ekki fengið greitt samkvæmt kjarasamningum Kennarasambandsins. Ólafur segir það mál alls óskylt hinum.

Mikill óróleiki var í skólanum í gær vegna fréttanna og hóf Ólafur daginn á því að ganga í stofur og útskýra mál sitt. Einnig höfðu fjölmargir foreldrar samband við skólann að sögn Ólafs. „Óvissa um skólastarf er alltaf óþægileg."

Þremur kennurum hefur verið sagt upp nýverið og einnig hefur Jóhanna Magnúsdóttir aðstoðarskólastjóri nýlega sagt starfi sínu lausu. Ólafur segir þau mál óskyld fréttum gærdagsins og ekki fréttaefni.

„Þetta er mjög góður skóli en ég er einfaldlega ekki sátt við starfsemina," sagði Jóhanna í samtali við Fréttablaðið í gær.

**sunna@frettabladid.is / sigridur@frettabladid.is**

Fljótsdalshérað eftirsótt:

## Nítján vilja bæjarstjórastól

**SVEITARSTJÓRNARMÁL Tuttugu manns sóttu um starf bæjarstjóra á Fljótsdalshéraði en einn dró umsókn sína til baka eftir að tilkynnt var að ekki væri nafnleynd yfir umsóknunum. Austurgluggin hefur birt nöfn þeirra nítján sem sækja um á heimasíðu sinni. Af umsækjendunum nítján er aðeins ein kona og þrír búsettir á Austurlandi. Þrír starfandi bæjarstjórar sækja um stöðuna: Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, bæjarstjóri í Rangárþingi ytra, Ragnar Jörundsson, bæjarstjóri í Vesturbyggð og Þórir Kr. Þórisson, bæjarstjóri í Fjallabyggð. - shá**

Svarar landsfundarályktun:

## Gísli Marteinn ætlar ekki að víkja sæti

**STJÓRNMÁL** Gísli Marteinn Baldursson ætlar ekki að víkja sem borgarfulltrúi vegna ályktunar sem landsfundur Sjálfstæðisflokksins samþykkti um helgina. Hann segist í pistli á heimasíðu sinni engar lánafyrirgreiðslur hafa fengið.



**GÍSLI MARTEINN BALDURSSON**

Í ályktuninni er skorað á þá sem hafa þegið háa styrki frá félögum eða notið fyrirgreiðslu sem ekki hafi staðið almenningi til boða, að víkja úr sínum embættum.

Gísli fékk ríflega 10 milljónir í styrki fyrir prófkjör í aðdraganda borgarstjórnarkosninga 2006, þar af milljón frá Kaupþingi, Landsbankanum, FL Group og Baugi eins og hann upplýsti skömmu fyrir kosningarnar í maí síðastliðnum.


# Áskriftarsjóður ríkisverðbréfa

*Góður ávöxtunarkostur – einnig í áskrift*

10,3%

ÁRLEG MEÐALÁVÖXTUN*

**100% RÍKISTRYGGING**



Við öflum fyrir þig

***Hafðu samband við ráðgjafa okkar í síma 460 4700 eða kynntu þér málið á www.iv.is***

ÍSLENSK VERÐBRÉF

Þar sem þínir hagsmunir ráða ferðinni

Strandgata 3 600 Akureyri | Sigtún 42 105 Reykjavík
Sími: 460 4700 | www.iv.is | iv@iv.is

*Árleg meðalávöxtun frá 15.01.2001 til 31.05.2010. Ávöxtun í fortíð er ekki ávísun á ávöxtun í framtíð.

Áskriftarsjóður ríkisverðbréfa er verðbréfasjóður skv. lögum nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag verðbréfasjóða ÍV hf. er rekstrarfélag sjóðsins. Útboðslýsingu og nánari upplýsingar er hægt að nálgast á heimasíðu www.iv.is. Fjárfestar eru hvattir til að kynna sér útboðslýsingu sjóðsins og þá sérstaklega umfjöllun um áhættuþætti.







**Málning - fyrir íslenskar aðstæður**
Þeir sem til þekkja nota Kjörvara á allt tréverk utanhúss.
Reynslan hefur sýnt að Kjörvari er viðarvörn sem
er gædd einstökum eiginleikum fyrir íslenskt veðurfar.

*Hlutfall málarameistara sem eru í viðskiptum við Málningu hf.

**málning**
*- það segir sig sjálft -*

*Veljum íslenskt*
***– okkar hagur!***

**Útsölustaðir Málningar:** BYKO Kópavogi • BYKO Granda • Litaver Grensásvegi • BYKO Kauptún • BYKO Akranesi
Axel Þórarinsson málarameistari, Borgarnesi • Snæþvottur Grundarfirði • Virkið Hellissandi • Núpur byggingavöruverslun, Ísafirði • Vilhelm Guðbjartsson málarameistari, Hvammstanga • Verslunin Eyri, Sauðárkróki • BYKO Akureyri • Verslunin Valberg, Ólafsfirði • BYKO Reyðarfirði • G.T. VÍK Egilsstöðum
Verslunin PAN, Neskaupstað • BYKO Selfossi • Miðstöðin Vestmannaeyjum • BYKO Keflavík.

**VEISTU SVARIÐ?**



*1 Hvar kom upp eldur á sunnudaginn og allt tiltækt slökkvilið kallað út?*

*2 Á hverju lifir Ásdís Rán til að undirbúa sig fyrir myndatöku í Playboy?*

*3 Hvaðan voru dómararnir í hinum dramatíska leik Englands og Þýskalands á sunnudaginn var?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 26



**VERÐLAUNIN VEITT** Ragnheiður Haraldsdóttir, forstjóri Krabbameinsfélagsins, afhenti nöfnu sinni verðlaunin, 500 þúsund krónur, í gær.

Tillaga þótti bera af öðrum:

## Hannar nýja Bleika slaufu

**FÓLK** Ragnheiður I. Margeirsdóttir vöruhönnuður mun hanna Bleiku slaufuna sem seld er til styrktar Krabbameinsfélaginu í ár.

Krabbameinsfélagið og Hönnunarmiðstöð Íslands héldu hönnunarsamkeppni og bárust yfir 70 tillögur í keppnina. Hönnun Ragnheiðar þótti bera af og verður slaufan hennar því fjöldaframleidd og seld til styrktar Krabbameinsfélaginu í október. Dómnefnd þótti hönnun hennar vera falleg, frumleg og með skemmtilega þjóðlega tilvísun.

Valdar tillögur úr keppninni verða til sýnis í húsnæði Krabbameinsfélagsins í Skógarhlíð. - þeb

Andrés Jónsson endurkjörinn:

## Áfram formaður Almannatengslafélagsins



ANDRÉS JÓNSSON

**FÉLAGSMÁL Andrés Jónsson var endurkjörinn formaður Almannatengslafélags Íslands á aðalfundi í gær. Aðrir í stjórn eru Hjördís Árnadóttir, varaformaður, Lovísa Lilliendahl, gjaldkeri, Snorri Kristjánsson, ritari og G. Pétur Matthíasson, meðstjórnandi. Á aðalfundinum var jafnframt kjörin siðanefnd félagsins.**

**Félagar eru ríflega 100 talsins.** - mþl

Álag á félagsmönnnum BHM eykst til muna, laun lækka eða standa í stað:

# Álag á starfsmönnum mikið vandamál

**KJARAMÁL** Álag á vinnustöðum hefur aukist til muna en laun lækka eða standa í stað, samkvæmt nýlegri kjarakönnun Bandalags háskólamanna (BHM). Um sjötíu prósent félagsmanna telja að álag á vinnustöðum þeirra hafi aukist, en svipuð niðurstaða kom fram fyrir ári í hliðstæðri könnun, þar sem hlutfallið var 60 prósent. Guðlaug Kristjánsdóttir, formaður BHM, segir niðurstöðuna ekki koma á óvart.



GUÐLAUG KRISTJÁNSDÓTTIR

„Hið opinbera heldur allri þjónustu gangandi og óskertri en dregur markvisst úr kostnaði," segir Guðlaug. „Það er verið að fækka höndum en ekki verkefnum."

Guðlaug segir álagið sýna sig jafnt á opinberum og almennum vinnumarkaði, en ráðningarbann ríkisins geri það að verkum að tímabundnir ráðningarsamningar séu látnir renna út og ekki endurnýjaðir.

Hún lýsir yfir gríðarlegum áhyggjum varðandi niðurstöðurnar en meira en helmingur svarenda sagðist einnig finna fyrir auknu álagi innan veggja heimilisins.

> **70%** félagsmanna BHM telja að álag á vinnustöðum þeirra hafi aukist.
>
> ÚR KJARAKÖNNUN BHM

„Gífurleg þreyta er að koma fram hjá því fólki sem sífellt er að reyna að brúa bilið," segir hún. „Það er mjög alvarlegt mál til langs tíma litið." - sv

Skógrækt í Hafnarfirði:

## Skapar 70 störf fyrir námsfólk

**ATVINNA 220 ársverk skapast við skógrækt og önnur tengd verkefni á árunum 2009 til 2011 í tengslum við átaksverkefni á vegum Skógræktarfélags Íslands (SÍ) og bæjarstjórnar Hafnarfjarðar.**

**Þar af fá sjötíu námsmenn vinnu í tvo mánuði á landsvæðum Hafnarfjarðarbæjar í ár.**

**Anna Sigurborg Ólafsdóttir, þjónustu- og þróunarstjóri, segir að nú þegar hafi 60 námsmenn óskað eftir vinnu við átakið.** - sv

# Of margir bankar á Íslandi

**Fulltrúar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins segja íslenskt efnahagslíf komið fyrir vind þótt erfiðir tímar séu fram undan. Icesave gæti tafið þriðju endurskoðunina og beðið er niðurstöðu Hæstaréttar varðandi gengislán.**

**EFNAHAGSMÁL** Kreppan er tæknilega séð búin, að mati Marks Flanagan, yfirmanns sendinefndar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS) hér á landi. Nefndin hefur verið hér í tvær vikur og fundað með stjórnvöldum og embættismönnum um stöðu efnahagsmála.

Flanagan dró hins vegar engan dul á að erfiðir tímar væru fram undan og mörgu væri ólokið. Að mati sjóðsins væri Ísland þó á áætlun.

Samkvæmt efnahagsáætlun AGS og Íslands er gert ráð fyrir þriggja ára áætlun til að koma Íslandi út úr kreppunni. Flanagan segir enn stefnt að því að þeirri áætlun ljúki haustið 2011, en vissulega geti ýmislegt komið upp á sem gæti tafið fyrir. Ísland gæti, ef á þarf að halda, sótt um nýja aðstoð, en stefnan væri að ljúka aðgerðum á tilsettum tíma.

Sjóðurinn telur að í lok árs 2010 fari landið enn frekar að rísa og efnahagur að batna. Nefndin verður hér í sumar og stefnt er að því að ljúka þriðju endurskoðun efnahagsáætlunarinnar í síðasta lagi í september. Þar gætu samningar sem ólokið er, líkt og Icesave, þó spilað inn í. „Samningarnir höfðu vissulega áhrif á fyrri endurskoðun, en sú staðreynd að aðstoðin var veitt og áætlunin endurskoðuð í tvígang, án þess að Icesave sé frágengið, sýnir, svo ekki verður um villst, að lúkning samninganna er ekki skilyrði fyrir aðstoðinni."

Fulltrúar sjóðsins funduðu með stjórnvöldum, sem eru í óðaönn að undirbúa fjárlög, um efnahagsáætlunina og stöðu hennar.

„Samkomulag hefur náðst í flestum þáttum varðandi stefnu um hvernig markmiðum áætlunarinnar verður náð," segir í tilkynningu frá sjóðnum. Þar segir enn fremur að þrátt fyrir að tæknilega séð hafi landið komist úr kreppunni, sé margt að varast.

„Engu síður er gert ráð fyrir að efnahagsbatinn komist á skrið í lok ársins og með skynsamlegri efnahagsstefnu, er hægt að viðhalda nýlegum árangri sem náðist í að koma jafnvægi á gjaldmiðilinn og draga úr verðbólgu."

Þá segir að stjórnvöld hafi náð umtalsverðum árangri í fjárlagagerð fyrir árið 2011 og þriðja endurskoðunin geti skilað afgangi og dregið úr skuldum Íslands, að því gefnu að staðið verði fast við niðurskurð á árinu og gengið verði úr óvissu varðandi bankana.

Spurður um bankakerfið og hvernig stuðningi stjórnvalda við bankana ætti að vera háttað, sagði Flanagan óvissu ríkja eftir dóm Hæstaréttar varðandi gengislán. Þó væri ljóst að allt of margir bankar væru á landinu, miðað við stærð efnahagsins.

kolbeinn@frettabladid.is



**ÁNÆGÐIR** Fulltrúar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins segja stjórnvöld hafa náð umtalsverðum árangri í að kljást við efnahagsvandann. Tæknilega séð sé kreppunni lokið, en þó mörg ljón á veginum. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

### Bíða ákvörðunar Hæstaréttar

Mark Flanagan segir að margir hafi búist við því að gengistryggð lán yrðu dæmd ólögmæt, líkt og Hæstiréttur gerði fyrir skemmstu. Það hafi hins vegar komið á óvart að engar leiðbeiningar fylgdu svo viðbrögð við dómnum séu enn óljós. Þeirri óvissu verði að eyða sem fyrst, en hann telur bankakerfið munu standa þetta af sér. Vaxtaprósentan skipti þó miklu máli.

„Stjórnvöld og AGS voru sammála um að meiri tíma þyrfti til að meta afleiðingar nýlegs úrskurðar Hæstaréttar á lán tengd erlendum gjaldmiðlum. Viðræður munu halda áfram á næstu vikum, með það að markmiði að fá endurskoðun samþykkta á fundi stjórnar sjóðsins, í byrjun september."





**Ansell einnota hanskar**

Fastus hefur tekið yfir sölu og dreifingu á Ansell einnota hönskum. Erum með gott úrval af nítríl og latex einnota hönskum.



Fastus ehf. | Síðumúla 16 | 108 Reykjavík | Sími 580 3900 | www.fastus.is


Hafrannsóknastofnun hefur lokið rannsókn í tengslum við stofnmat makríls:

# Makríllinn hrygnir við Ísland

**HAFRANNSÓKNIR** Hrygning makríls er farin að teygjast mun norðar en áður var. Þetta er niðurstaða tveggja vikna makrílleiðangurs Hafrannsóknastofnunar á hafsvæðinu umhverfis Færeyjar sem og austur og suðaustur af Íslandi. Í leiðangrinum var metið magn makrílhrogna á hrygningarsvæði tegundarinnar og frjósemi hrygnanna.

Rannsóknin var liður í stofnmati á makrílstofnunum í Norðaustur-Atlantshafi, en hliðstæð rannsókn er unnin þriðja hvert ár í samstarfi níu Evrópuríkja. Ísland og Færeyjar tóku nú þátt í verkefninu í fyrsta sinn. Rannsóknir annarra þátttökuþjóða fyrr í vetur sýna það sama og rannsókn Hafró; hrygning teygir sig æ norðar og fékkst umtalsvert magn innan íslenskrar lögsögu. Þetta er í samræmi við þá hlýnun sem átt hefur sér stað í hafinu undanfarinn áratug og endurspeglast í aukinni útbreiðslu suðlægari tegunda í Norðurhöfum. Þátttökuþjóðir verkefnisins skila endanlegum niðurstöðum til vinnuhóps Alþjóða hafrannsóknaráðsins í ágúst en þá verður unnið úr gögnunum og stærð hrygningarstofns makríls endurmetin með hliðsjón af niðurstöðum þessara rannsókna.

Verkefninu er stýrt af vinnuhópi á vegum Alþjóða hafrannsóknaráðsins (ICES). Rannsóknirnar hófust við strendur Portúgals í janúar síðastliðnum. Áætlað er að rannsóknunum ljúki vestur af Bretlandseyjum í júlí. - shá



**MAKRÍLL** Þessi suðlæga tegund sækir sífellt norðar, bæði í ætisleit og til hrygningar. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR P. FRIÐRIKSSON

# SUMAR ÚTSALA

6 mánaða vaxtalausar greiðslur

## Gerið gæða- og verðsamanburð

**20-50%**
**AFSLÁTTUR**

Lök, hlífðardýnur, sængurverasett, heilsukoddar, viðhaldskoddar, íslenskir PU leðurgaflar, náttborð, útlitsgallaðar dýnur og fleira.

**SVEFNSÓFAR**



Hágæða svefnsófi. Íslensk framleiðsla.
Heilsudýna úr þrýstijöfnunarefni.
Svefnflötur 140x200.
Nú aðeins kr. **264.900**



NÝTT

**BOAS**
**Leður hægindastóll**
**79.900**
Nokkrir litir

**Lyftu hægindastóll**
**129.900**

Ný sending

**SAGA OG ÞÓR**
Hágæða heilsudýnur



SAGA Queen rúm, nú aðeins **129.900**
ÞÓR Queen rúm, nú aðeins **149.900**

**IQ-CARE**
Ein besta heilsudýna í heimi



**Queen rúm nú aðeins kr. 179.900**

**VALHÖLL/FREYJA**
Góð rúm á frábæru verði

Ný sending



Queen rúm, nú aðeins kr. **99.900**



NÝTT

**BOAS**
**Leður hægindasófi 3 sæta 149.900**
**Svefnsófi 149.900**

**ÚRVAL STILLANLEGRA HEILSURÚMA**



**PROFLEX**

2x90x200 og 2x90x210
Nú aðeins **349.900** með okkar bestu
IQ-CARE heilsudýnum

**GERUM TILBOÐ FYRIR HÓTEL OG GISTIHEIMILI**

Íslenskir PU leðurbotnar og gaflar. Íslensk framleiðsla.

**Gerið gæða- og verðsamanburð**





**Svefn & heilsa**
★★★★★

www.svefn.is





**Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150**
**Opið virka daga kl. 10.00 - 18.00 – laugardaga 12.00 - 16.00**

## FRÉTTASKÝRING: Stuðningur Evrópusambandsins við undirbúning aðildar

### Stuðningur ESB við krónuna?

Í áliti meirihluta utanríkismálanefndar frá 9. júlí 2009 um þingsályktunartillögu um aðildarumsókn, sem þá lá fyrir Alþingi og var síðan samþykkt, segir að „komi til aðildarviðræðna beri að leggja kapp á að viðræður um gjaldmiðilsmál verði forgangsverkefni í viðræðuferlinu og því eigi að leita eftir samkomulagi við ESB og ECB um stuðning við krónuna.“

Einnig segir að meirihlutinn taki undir þau sjónarmið, sem fram hafi komið í báðum þeim þingsályktunartillögum sem lagðar voru fram á þingi um aðildarumsókn, að „Ísland leiti á fyrstu stigum viðræðna eftir sérstöku samkomulagi við ESB, og eftir atvikum evrópska seðlabankann, sem verið gæti stuðningur á næstu misserum við íslensku krónuna meðan á aðlögunarferli Íslands stæði.“

Að baki þessu býr fyrst og fremst sú hugsun, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins, að það hljóti að vera Evrópusambandinu í hag ekki síður en Íslandi, að Íslendingar fái frá Evrópusambandinu aðstoð við að styrkja gjaldmiðilinn til að auðvelda aðlögun að myntbandalagi Evrópusambandsins og upptöku evru.

Rökstuðningurinn er þessi: Við erum nú þegar á innri markaði Evrópska efnahagssvæðisins og höfum sótt um aðild að Evrópusambandinu. Íslenska krónan er örlítil mynt bundin í gjaldeyrishöft sem brjóta í bága við reglur Evrópska efnahagssvæðisins. Aðild að Evrópusambandinu fylgir að Ísland þarf að taka upp evru um leið og íslenskt efnahagslíf telst tilbúið til þess. Því betri stuðning sem Ísland fær við krónuna því fyrr má reikna með að landið verði fært um að skipta út krónunni fyrir evru.

Hvort samningar takast um slíkan stuðning er óvíst, en á þessu verður þreifað um leið og viðræður hefjast fyrir alvöru, líklega strax í haust eða næsta vetur, enda hefur samninganefnd Íslands fyrrgreint meirihlutaálit utanríkismálanefndar að leiðarljósi í öllum störfum sínum.





BYGGING FRAMKVÆMDARSTJÓRNAR EVRÓPUSAMBANDSINS Úthlutun fjár úr sjóðum Evrópusambandsins verður ákveðin í samvinnu við ráðuneytin og hagsmunahópa á Íslandi. NORDICPHOTOS/AFP

# Evrópusambandið opnar sjóði sína

**Um miðjan júlí bætist Ísland á lista þeirra ríkja, sem njóta stuðnings úr sjóðum Evrópusambandsins til að fara í aðildarviðræður og búa sig undir hugsanlega aðild. Ákveðið hefur verið að næstu þrjú árin fái Ísland ríflega fjóra milljarða króna úr sjóðunum.**

„Ég held að það sé mjög mikilvægt að sjá þetta sem tækifæri fyrir okkur,“ segir Þóra Magnúsdóttir, ráðunautur í sendiráði Íslands í Brussel.

„Þarna fáum við möguleika á að styrkja stjórnsýsluna og fara í alla þá endurskoðun og rýnivinnu sem við þurfum að fara í gegnum núna. Við getum fengið heilmikinn stuðning við að skoða það á markvissan hátt hvernig okkar stjórnsýsla er í samanburði við stjórnsýslu Evrópusambandsins, hvað við gerum vel og hverju við þurfum að breyta.“

Um er að ræða styrki úr svonefndum IPA-sjóðum Evrópusambandsins sem notaðir eru til að aðstoða ríki, sem sótt hafa um aðild að Evrópusambandinu, við að standa straum af aðildarviðræðum og undirbúningi fyrir aðild, en IPA stendur fyrir Instrument for Pre-Accession Assistance.

Hinn 14. júlí verður Íslandi bætt á lista þeirra ríkja sem eiga rétt á stuðningi úr þessum sjóðum. Þegar hefur verið ákveðið að næstu þrjú árin fái Ísland um 30 milljónir evra úr sjóðunum, eða ríflega fjóra milljarða króna, en á undanförnum árum hafa Tyrkland og sjö Balkanskagaríki, sem öll eiga í aðildarviðræðum við ESB, fengið margvíslega styrki úr þessum sjóðum.

Fyrir Evrópusambandið geta þetta engan vegin talist miklir peningar því heildarfjárhæðin er innan við eitt prósent af því fjármagni, sem Evrópusambandið hefur tekið frá til IPA-aðstoðar við Tyrkland og Balkanskagaríkin árin 2007-2011.

**30** milljónir evra eru innan við eitt prósent þeirra fjármuna sem ESB hefur úthlutað Tyrklandi og Balkanskagaríkjum til sams konar verkefna.

Fyrir Íslendinga munar hins vegar um fjóra og hálfan milljarð króna, með hliðsjón af því að heildarkostnaður okkar við aðildarumsókn er talinn geta numið um einum milljarði króna.

Enn á þó alveg eftir að ákveða til hvaða verkefna þessir peningar verða notaðir, en að mestu er það á valdi Íslendinga að ákveða forgangsröðina í þeim efnum.

Í skýrslu Össurar Skarphéðinssonar utanríkisráðherra til Alþingis um utanríkismál, sem hann lagði fram 14. maí síðastliðinn, kemur fram að þessi aðstoð myndi „annars vegar snúast um fjárhagslegan stuðning við áætlanir eða verkefni sem tengjast aðildarundirbúningi og hins vegar um aðstoð í formi sérfræðiaðstoðar eða vettvangs- og upplýsingaferða en hið seinna kostar ESB alfarið.“

Stærsti hluti fjárins, eða 28 milljónir evra, verður hluti af áætlun fyrir Ísland árin 2011-2013 sem útfærð verður í samvinnu við ráðuneytin og helstu hagsmunasamtök.

Til viðbótar þessari áætlun er ríkjunum úthlutað fé til sérfræðiaðstoðar og upplýsingastarfs, auk þess sem möguleiki er á þátttöku í ýmsum samstarfsverkefnum hinna ríkjanna, sem sótt hafa um aðild.

Í skýrslu sinni segir utanríkisráðherra þessa aðstoð geta „reynst ákaflega mikilvæga í aðdraganda aðildarviðræðna og meðan á þeim stendur. Hún getur þannig dregið úr beinum kostnaði Íslands og veitt mikilvægan stuðning við ýmis mikilvæg verkefni.“

Að sögn Þóru, sem hefur haft með þessi mál að gera í sendiráðinu í Brussel, er það Íslendinga sjálfra að ákveða alla forgangsröðun við úthlutun þessa fjármagns. Sækja þarf sérstaklega um úthlutun til einstakra verkefna og rökstyðja þarf hverja umsókn með því að útlista hvernig féð muni gagnast Íslendingum við að búa sig undir aðild að Evrópusambandinu.

Fyrir utan þennan stuðning hafa Íslendingar sett sér það forgangsverkefni í viðræðum við Evrópusambandið að sækjast eftir einhvers konar samstarfi við Seðlabanka Evrópu um stuðning við íslensku krónuna, eins og lesa má nánar um hér á síðunni.

### Styrkir úr IPA-sjóði ESB til ríkja í aðildarviðræðum

**(upphæðirnar eru í milljónum evra)**

| | 2007 | 2008 | 2009 | 2010 | 2011 | Alls 2007-2011 |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Króatía | 141,2 | 146,0 | 151,2 | 154,2 | 157,2 | 749,8 |
| Makedónía | 58,5 | 70,2 | 81,8 | 92,3 | 98,7 | 401,5 |
| Albanía | 61,0 | 70,7 | 81,2 | 93,2 | 95,0 | 401,1 |
| Bosnía | 62,1 | 74,8 | 89,1 | 106,0 | 108,1 | 440,1 |
| Svartfjallaland | 31,4 | 32,6 | 33,3 | 34,0 | 34,7 | 166,0 |
| Serbía | 189,7 | 190,9 | 194,8 | 198,7 | 202,7 | 976,8 |
| Kósóvó | 68,3 | 124,7 | 66,1 | 67,3 | 68,7 | 395,1 |
| *Alls* | *612,2* | *709,9* | *697,5* | *745,7* | *765,1* | *3530,4* |

| | 2011 | 2012 | 2013 |
|---|---|---|---|
| Ísland | 14 | 9 | 5 |



Guðsteinn Bjarnason
gudsteinn@frettabladid.is









**Málning - fyrir íslenskar aðstæður**
Þeir sem til þekkja nota Kjörvara á allt tréverk utanhúss.
Reynslan hefur sýnt að Kjörvari er viðarvörn sem
er gædd einstökum eiginleikum fyrir íslenskt veðurfar.

*Hlutfall málarameistara sem eru í viðskiptum við Málningu hf.

málning
- það segir sig sjálft -

*Veljum íslenskt*
***– okkar hagur!***
Samtök iðnaðarins - www.si.is

**Útsölustaðir Málningar:** BYKO Kópavogi • BYKO Granda • Litaver Grensásvegi • BYKO Kauptún • BYKO Akranesi
Axel Þórarinsson málarameistari, Borgarnesi • Snæþvottur Grundarfirði • Virkið Hellissandi • Núpur byggingavöruverslun, Ísafirði • Vilhelm Guðbjartsson málarameistari, Hvammstanga • Verslunin Eyri, Sauðárkróki • BYKO Akureyri • Verslunin Valberg, Ólafsfirði • BYKO Reyðarfirði • G.T. VÍK Egilsstöðum
Verslunin PAN, Neskaupstað • BYKO Selfossi • Miðstöðin Vestmannaeyjum • BYKO Keflavík.

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Þjóðkirkjan tekur vel á móti samkynhneigðum hjónaefnum.

# Fyrirgefning og samstaða

Karl Sigurbjörnsson, biskup Íslands, sló nýjan tón í umræðum um kirkjuna og samkynhneigða í samtali við Fréttablaðið á laugardaginn. Biskup hefur greinilega kosið að horfast í augu við þann yfirgnæfandi stuðning sem ein hjúskaparlög fyrir samkynhneigða jafnt sem gagnkynhneigða hafa meðal þjóðarinnar – og þar með á meðal þjóðkirkjufólks. Hann hefur því ákveðið að setja punkt aftan við neikvæða eða hálfvolga afstöðu kirkjunnar manna gagnvart hjónabandi samkynhneigðra og taka vel á móti samkynhneigðu fólki, sem kýs að ganga upp að altarinu og þiggja hjónavígslu af prestum þjóðkirkjunnar.

Ummæli biskups fyrir rúmum fjórum árum, um að ef hætt yrði að skilgreina hjónabandið sem samband karls og konu, yrði því kastað á sorphauginn, særðu marga. Karl Sigurbjörnsson breytir í samræmi við þann kristna boðskap sem hann kennir er hann biðst fyrirgefningar á þeim orðum sínum. Flestir samkynhneigðir hafa tekið þeirri fyrirgefningarbeiðni vel og talið hana til marks um að biskup vildi bjóða þá velkomna.

SKOÐUN
Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is



Hjónabandið er ein af grundvallarstofnunum okkar kristna samfélags. Því miður hefur hún veikzt undanfarna áratugi. Færri ganga í hjónaband en áður og skilnuðum hefur fjölgað gríðarlega. Þess vegna ber að fagna hverjum þeim, sem kýs að ganga í heilagt hjónaband og haga sambandi sínu við lífsförunaut sinn í samræmi við kristin gildi. Þetta undirstrikar biskup Íslands þegar hann segir í samtalinu við Fréttablaðið: „Nú er komin niðurstaða og skiptir miklu máli að við tökum höndum saman um að styðja við hjónabandið og fjölskyldurnar í landinu. Þetta er elsta stofnun mannlegs samfélags og það skiptir miklu máli að fólk vill festa ráð sitt og standa við sínar dýrmætustu skuldbindingar. Það er aðalmálið."

Á undanförnum árum hafa margir samkynhneigðir, vinir þeirra og fjölskyldur fjarlægzt þjóðkirkjuna vegna afstöðu hennar til hjónabandsins, jafnvel sagt sig úr kirkjunni og gengið í aðrar kirkjudeildir eða kosið að standa utan trúfélaga. Afstaða biskups ryður hindrunum í samskiptum kirkjunnar við þennan stóra hóp úr vegi. Vonandi er að hún verði líka öðrum kirkjunnar þjónum fyrirmynd, þannig að sem allra fæstir þurfi að hika við að sækja til kirkjunnar sinnar vegna afstöðu sóknarprestsins í þessum efnum.

Stofnun sem vill standa undir heitinu þjóðkirkja hlýtur að taka jafnvel á móti öllum sem vilja lifa í samræmi við kærleiksboðskap kristindómsins, sama hvernig þeir eru af Guði gerðir. Orð Karls Sigurbjörnssonar eru til marks um að kirkjan muni taka á móti öllum í nafni kærleikans. Þau efla þá samstöðu um þjóðkirkjuna, sem hér hefur lengi ríkt.

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Fylginu allt

Sjálfstæðisflokkurinn samþykkti um helgina tillögu um að styrkþegar ættu að íhuga stöðu sína og segja af sér. Í fréttum RÚV á sunnudag áréttaði Bjarni Benediktsson að flokksmenn ættu að „haga störfum sínum ávallt þannig, að það hámarki fylgi flokksins á hverjum tíma". Í tilfelli þingmanna stangast þessi hollráð Bjarna reyndar á við stjórnarskrána, sem segir að þingmenn eigi að fylgja eigin samvisku. Þá stangast þessi orð á við fyrri ummæli Bjarna um mikilvægi þess að þora að taka óvinsælar ákvarðanir.



### Valflokkurinn

Jóhanna Sigurðardóttir ræddi slakt gengi Samfylkingarinnar í sveitarstjórnarkosningum á fundi flokksstjórnar á laugardag. Jóhanna sagði meðal annars við fundargesti: „Þið eigið ekki að hika við að velja ykkur nýjan formann eða nýja forystu ef það er mat ykkar að það þjóni betur hagsmunum jafnaðarstefnunnar." Í Samfylkingunni kemur sem sagt til greina að skipta annaðhvort um formann eða forystu. Geri aðrir betur.



### Forsendur hverra

VG ákvað um helgina að vísa til málefnanefndar tillögu um að aðildarumsókn að ESB skyldi dregin til baka. Ástæðan var „breyttar forsendur"; skoðanakannanir sýndu að meirihluti landsmanna er andvígur aðild. Eitt sinn stærði VG sig af því að eltast ekki við skoðanakannanir. Ármann Jakobsson orðaði það svo á Múrnum sáluga: „Steingrímur J. skiptir um skoðanir eins og aðrir. En á eigin forsendum, ekki til þess að elta það sem er vinsælt. Það er trúverðugleiki."

bergsteinn@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Viðskiptaráðuneytið var lagt niður

Efnahagsmál
Svavar Gestsson
fyrrverandi alþingismaður og ráðherra



Ein skýringin á lögbrotunum í 10 ár með gengislánin er sú að mínu mati að einbeitt og hægt og bítandi unnu stjórnvöld að því markvisst og vitandi vits að leggja viðskiptaráðuneytið niður. Það var sameinað iðnaðarráðuneytinu 1988 en ekki lagt niður með lagasetningu sem þó var reynt oftar en einu sinni. Það stöðvaði þáverandi stjórnarandstaða Alþýðubandalagsins. Rök okkar voru þau að viðskiptaráðuneytið væri mikilvægt efnahagsstjórnarráðuneyti. Fyrsta skrefið til að gera viðskiptaráðuneytið að engu var reyndar stigið 1987 þegar utanríkisviðskiptin voru tekin af ráðuneytinu og flutt til utanríkisráðuneytisins.

Rökin fyrir því að gera viðskiptaráðuneytið minna og minna og veikara og veikara voru þau að hans heilagleiki markaðurinn ætti að sjá um sig sjálfur. Það mætti ekki trufla gangverk hans á neinn hátt. Það væru til eftirlitsstofnanir en þær ættu eðli málsins samkvæmt að vera veikar; hlutverk þeirra væri að smyrja hjól markaðarins en ekki að hægja á þeim á neinn hátt né heldur að hafa áhrif á hraðgengi þeirra. Frá 1988 sátu fimm ráðherrar í iðnaðar- og viðskiptaráðuneytunum. Alltaf með bæði ráðuneytin í einu. Hlutverk þeirra var það aðallega að fá inn í landið erlend stórfyrirtæki – í iðnaðarráðuneytinu – og að veikja stjórnkerfin – í viðskiptaráðuneytinu. Þess vegna var enginn á vakt 2001 þegar Alþingi setti lögin um vexti; enginn fylgdi þeim eftir í stjórnkerfinu.

Enginn las lögin. Ekki í viðskiptaráðuneytinu. Ekki í Seðlabankanum. Ekki í Fjármálaeftirlitinu.

Semsé gjörsamlega ónýtt stjórnkerfi og það sem verra var: Vísvitandi ónýtt til þess að hans náð markaðurinn gæti farið á fleygiferð með himinskautum.

Þegar Björgvin G. Sigurðsson varð viðskiptaráðherra þá var ráðuneytið endurreist. 2007. En það var of seint. Þegar hann kom þar inn var ekki til fyrir hann skrifstofa, ekki ritari, ekki ráðuneytisstjóri. Varla nokkur maður sem sinnti eingöngu viðskiptaráðuneytinu. Markaðurinn átti að sjá um sig. Frjáls, svo frjáls.

Þarna er skýringin á því að lögum var ekki framfylgt: Viðskiptaráðuneytið var varla til þessi 10 örlagaríku ár.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Níu þingmenn

**Dómsmál**

**Hallgrímur Helgason**
rithöfundur



Við réðumst öll á Alþingi. Hvað vorum við mörg? Sjö hundruð? Eitt þúsund? Tíu þúsund? Börðum potta og pönnur. Hrópuðum og kölluðum. Börðum í rúður og grýttum eggjum, snjóboltum og snýtubréfum. Einhverjir voru fyrr á ferð og komust upp á palla. Öskruðu þar á þingmenn að koma sér út.

Gott hjá þeim.

Stjórnmálastéttin hafði brugðist, við því varð að bregðast. Þúsundir stóðu á Austurvelli, þau heitustu inní Alþingisgarði. Bónusfáni blakti á þaki þinghússins. Undir sátu þingmenn Baugs og FL, Landsbankans og Kaupþings, sem fengið höfðu styrk í vasa og stólinn góða. Sátu þar að loknu landsins hruni sem framkallað var af þessum stuðningsaðilum þeirra, hjásetu þeirra sjálfra og flokkssystkina þeirra, amatöranna í ríkisstjórn og Seðlabanka. Sátu þar og héldu að þeir fengju frið til þings. Eftir á að hyggja er maður mest hissa á því þingmenn hafi sloppið þurrum fótum frá reiði þjóðar sinnar.

Einu og hálfu ári síðar sitja styrkþegarnir enn á þingi, þótt stóllinn þeirra lykti af illa fengnu útrásarfé og ýmsu fleiru sem sessan geymir. Þeim þykir í lagi að sitja á Alþingi í boði glæpamanna sem settu þjóðfélagið á hausinn, þrykktu krónunni í gegnum gólfið, lánum okkar upp í rjáfur og neita nú síðast að mæta í lögboðnar yfirheyrslur. Síðan bíta þessir sömu þingmenn höfuð af skömm sinni með því að sitja samþykkir því að þeirra eigin stofnun, Alþingi, dragi níu manns fyrir rétt vegna „árásar“ á þá sömu stofnun.

Einu og hálfu ári eftir Hrun hefur enginn verið kallaður fyrir dómara nema þessir níu. Enginn útrásarvíkingur, enginn bankastjóri, enginn Icesave-meistari, enginn Seðlabankastjóri, enginn ráðherra, enginn þingmaður.

„Vont er þeirra ranglæti en verra þeirra réttlæti.“

Æ, ég trúi því ekki að ég sé að vitna hér í Jón Hreggviðsson í umfjöllun um okkar „upplýsta lýðræðisþjóðfélag við upphaf tuttugustu og fyrstu aldar“, en þar hafiði það: Ísland virðist aðeins hafa verið uppfært, líkt og tölvuforrit; í eðli sínu hefur það ekkert breyst. Í dag býr Hr. Hreggviðsson í Salahverfinu í íbúð sem hann keypti á lánum sem nú eru komin í tvöfalt virði eignarinnar og ekur um á litlum slyddujeppa sem hann þyrfti að losa sig við en getur það ekki vegna þess að hann „á ekki fyrir sölunni“. Í eftirhrunsreiði sinni varð honum á að rekast í þingvörð og skal nú fyrstum refsað í átakinu: Réttlæti eftir hrun.

> Setningin „Drullið ykkur út!“ sem glumdi af pöllum yfir þingheim eftir að allt okkar efnahagslíf var hrunið var ekki „árás á Alþingi“ heldur virðing við Alþingi, tilraun til að rusla út svo endurreisn gæti hafist.

Það særir mann kannski mest hvað þetta hljómar klisjukennt en við erum víst enn að dæma snærisþjófa á meðan stórbokkarnir sitja seigfullir í höllum sínum erlendis. Réttvísin rýkur inn á moldargólf en stöðvast við gylltan þröskuld.

Um Rússland er sagt að það verði alltaf keisaraveldi, með tilheyrandi aðli og einræði. Jafnvel kommúnisminn breyttist í ennþá spilltara keisaraveldi í höndum þessa fólks. Kannski tekur þúsund ár að breyta þjóðarhugsun, kannski er það ekki hægt. Ísland virðist dæmt til að verða eilíf nýlenda þar sem hátopparnir eru fastir í óskiljanlegri samkeppni við erlendar hirðir og berja á lágtoppunum heima sem aftur berja á embættismönnum sem taka pirring sinn út á Jóni og Gunnu Hreggviðsbörnum. Hér er ennþá unnið eftir reglunni: Sá sem stal húsinu sleppur en sá sem braut í því rúðu skal dæmdur.

Setningin „Drullið ykkur út!“ sem glumdi af pöllum yfir þingheim eftir að allt okkar efnahagslíf var hrunið var ekki „árás á Alþingi“ heldur virðing við Alþingi, tilraun til að rusla út svo endurreisn gæti hafist. Í raun var þetta aðeins vinsamleg ábending til hrunameistara Íslands, sem þáðu þingsæti sín af útrásarvíkingum og sátu prúðir hjá, á sínum eigin lögum og reglugerðum, á meðan hetjurnar hlóðu í loftkastalann yfir höfðum okkar, að pilla sér úr augsýn þjóðar í sárum.

Alþingi Íslendinga lögsækir níu manneskjur fyrir að benda þingmönnum á hið augljósa: Þeir brugðust og ber að víkja. Alþingi Íslendinga vill níu manneskjur í fangelsi fyrir þau sannleiksorð. Vill að þau sitji inni mánuðum saman fyrir þá stóru sök.

Alþingi Íslendinga ætti fremur að sækja níu þingmenn úr eigin röðum og biðja þá að hlýða ráðum níumenninganna.

# Enginn á hliðarlínunni – allir með

**Baráttan gegn fátækt**

**Árni Snævarr**
yfirmaður Norðurlandasviðs á Upplýsingskrifstofu Sameinuðu þjóðanna í Brussel



Jákvæðar fréttir berast þessa dagana frá Afríku um knattspyrnuafrek og frábæra stemningu á HM í knattspyrnu í Suður-Afríku. Keppnin hefur nú þegar sýnt og sannað að Afríkubúar eru fyllilega færir um að hýsa stórviðburði sem þennan. Þrátt fyrir hrakspár hefur skipulagning tekist með ágætum og ekki hefur orðið vart við þá glæpaöldu sem spáð hafði verið. Fréttir eru oftar en ekki neikvæðar og langflestar fréttir frá Afríku og þriðja heiminum snúast um hungursneyð, fátækt, stríð og náttúruhamfarir.

Á hinn bóginn gleymist oft sá mikli árangur sem náðst hefur á undanförnum árum. Ban Ki-moon, framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna kynnti í síðustu viku nýja skýrslu um stöðu „Þúsaldarmarkmiðanna um þróun,“ sem veraldarleiðtogar samþykktu á Þúsaldarfundi sínum í september árið 2000. Þar hétu þeir því að vinna með markvissum hætti að því að uppræta hungur og fátækt í heiminum og auka lífsgæði íbúa í verst settu ríkjum heims (www.2015.is).

Ban Ki-moon fagnaði því að þrátt fyrir fjármála-, fæðu- og orkukreppu að undanförnu hefði heimurinn náð talsverðum árangri í að útrýma fátækt, þótt dregið hefði úr hraðanum. Þannig væri nú búist við að 15 prósent jarðarbúa byggju við fátækt árið 2015. Það er þó langt í frá öruggt að markmiðunum sem stefnt var að 2000 verði náð. Veraldarleiðtogar koma saman til fundar á Allsherjarþingi SÞ í haust til að meta árangurinn.

Heimsþekktir knattspyrnumenn með Zinédine Zidane og Didier Drogba í broddi fylkingar hafa tekið höndum saman við SÞ til að hvetja veraldarleiðtogana til dáða í tilefni af heimsmeistarakeppninni í knattspyrnu í Afríku.

„Það getur enginn setið hjá og verið áhorfandi í baráttunni gegn fátækt,“ segir markahrókurinn Didier Drogba. „Við verðum öll að vera á leikvellinum til að bæta líf milljóna fátækra um allan heim,“ bætti hann við þegar hann kynnti hressilega sjónvarpsauglýsingu (www.kickoutpoverty.org) sem sýnd verður á sjónvarpsstöðvum á meðan HM stendur yfir.

„Heimsmeistarakeppnin þjappar fólki saman um landsliðin og við þurfum á álíka ástríðufullum stuðningi að halda til að binda enda á fátækt og hungur,“ sagði Zinédine Zidane, fyrrverandi fyrirliði heimsmeistara Frakka 1998. „Það eru aðeins örfá ár þangað til Þúsaldarmarkmiðunum á að vera náð, þannig að nú er tíminn til að grípa til aðgerða.“






# Samþykkt Sjálfstæðisflokksins

Evrópumál

Björn Friðfinnsson
félagi í Evrópusamtökunum



Samþykkt flokksþings Sjálfstæðisflokksins hinn 26. júní sl. er þeim flokki til mikillar vanvirðu. Samþykkt var að draga ætti til baka aðildarumsókn Íslendinga að ESB.

Samþykktin kom að vísu ekki á óvart eins og tónninn hefur að undanförnu verið í málgagni flokksins, Morgunblaðinu, og ýmsum yfirlýsingum formanns flokksins, en báðir virðast þessir aðilar nú með öllu heillum horfnir.

Samþykkt flokksþingsins er að mínu mati heimskuleg og merkir það að Íslendingar megi ekki fá að kynnast því, hvaða kjör séu í boði, ef þeir ákveða með ítarlegri yfirvegun og meðfylgjandi þjóðaratkvæðagreiðslu að semja um aðild að ESB. Hún gefur einnig Morgunblaðinu og Bændablaðinu færi á að matreiða margvíslegar firrur um málefni ESB fyrir lesendur sína um áhrif sambandsaðildar.

> Áhrif þingmanna Evrópuráðsins byggjast hins vegar ekki á „morfís“ ræðutækni með tilheyrandi höfuðhnykkjum og innihaldslausu kjaftæði.

Nú vill svo til að sökum aðildar Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu, sem Sjálfstæðisflokkurinn hafði blessunarlega gæfu til að styðja, er stöðugt í gangi samræming á þeim sviðum sem EES-samningurinn spannar. Mikill fjöldi landsmanna hefur af þeim sökum lagt stund á Evrópufræði í menntastofnunum landsins og fjallað á ýmsan hátt um hin samræmdu fræði og reglur. Verulegur hluti af nýrri löggjöf sem árlega er sett í lögum og reglugerðum hérlendis á rætur að rekja til hinna sameiginlegu Evrópureglna.

Gallinn við þessa skipan er sá að ríkin í EFTA-hlið EES samningsins hafa ekki komið að mótun nýrra reglna. Upprunalega var gert ráð fyrir að þau hefðu slík áhrif með þátttöku í tilteknum nefndum framkvæmdastjórnar ESB, sem fjölluðu um breytingar og nýsköpun reglna EES-svæðisins. Síðan hefur vægi þings ESB í nýrri reglumótun vaxið á kostnað framkvæmdastjórnarinnar og þar með möguleikum EFTA-ríkjanna til áhrifa í því sambandi. Við sitjum því í vissum skilningi „í kjallaranum“ og tökum við þeim ákvörðunum sem teknar eru á „efri hæðunum“.

Menn kunna að gera lítið úr þeim áhrifum sem Íslendingar kynnu að öðlast við inngöngu í ESB. Viðræður mínar við kunningja úr hópi þingmanna Evrópuráðsins benda hins vegar til þess gagnstæða. Áhrif þingmanna Evrópuráðsins byggjast hins vegar ekki á „morfís“ræðutækni með tilheyrandi höfuðhnykkjum og innihaldslausu kjaftæði, eins og nú virðist eiga vaxandi fylgi að fagna á löggjafarsamkomu þjóðarinnar. Áhrifin myndast af vönduðum röksemdum í málflutningi og hæflileikum þingmanna til að mynda „blokkir“ um tiltekið málefni á þinginu, oft á tíðum þvert á þau sjónarmið sem uppi kunna að vera meðal hinni stærri og öflugri ríkja bandalagsins.

Þannig hefur t.d. Svíum tekist að hafa mikil áhrif á mótun umhverfislöggjafar ESB og fulltrúi Möltu er nú í lykilaðstöðu í fjármálastýringu sambandsins.

Evrópusambandið er bandalag friðar og farsældar. Vandamál einstakra ríkja er vandamál þeirra allra eins og reynt hefur á að undanförnu. Stofnríkin voru upphaflega 6 en eru nú 27. Sambandið er nú þungaviktaraðili hvar sem það kýs að nýta fjárhagslegan mátt sinn og viðbragðsstofnanir. Það er ekki hernaðarbandalag , þótt ýmsar aðildarþjóðir þess séu jafnframt aðilar að hernaðarbandalagi.

Sambandið mótar í vaxandi mæli rödd Evrópu andspænis alvarlegustu vandamálum heimsbyggðarinnar á okkar tímum.

Vandamál íslensku þjóðarinnar á þessum sumardögum eru okkur vel kunn, en viðbrögð margra við þeim eru oft illskiljanleg. Þannig er hin margfræga Icesave-deila vandamál sem að margra mati er Evrópusambandinu að kenna fremur en þeim bankaskúrkum sem hana sköpuðu og eftirlitsaðilum sem sváfu á verðinum. Það, að einstakir aðilar innan Evrópusambandsins skuli hafa viðrað sjónarmið andstæð málflutningi íslenskra stjórnvalda ,virðist af mörgum talið ómakleg „árás“ Evrópusambandsins á íslensku þjóðina sem útiloki aðild okkar að slíku bandalagi.

Sá sem þessar línur ritað hefur til þessa verið bjartsýnn á framtíð íslenskrar þjóðar, en því miður verð ég nú að að játa að innstæða þeirrar bjartsýni fer nú þverrandi. Ljóst er að stór hluti þjóðarinnar vill nú einangra okkur frá ímynduðum óvinum meðal nágranna- og samstarfsþjóða okkar og auknu ríkjasamstarfi í álfunni. Aðild að merkilegustu samstarfsstofnun eftirstríðsáranna skal hafnað án þess að að kannað sé hvaða skilmálar eru í boði. Áfram skal láta við það setið að taka við nýjum EES- samstarfsreglum án þess að hafa um þær fjallað innan viðeigandi löggjafarstofnun Evrópusamstarfsins. Ljóst er að smám saman rekur okkur út úr evrópsku samstarfi fyrir eigin tilverknað.

Hinir málglöðu „Morfis“ bullukollar og aðrir andstæðingar Evrópusamstarfsins í Sjálfstæðisflokknum, geta óendanlega haldið áfram að verja hvaða „rugl-málstað“ sem þeim er fenginn. Ég óttast þær afleiðingar hinnar þröngsýnu afstöðu sem hér um ræðir, að ungir og vel menntaðir Íslendingar muni í vaxandi mæli greiða atkvæði „með fótunum“ og yfirgefa landið til að velja sér búsetu í ríkjum þar sem opinberri þröngsýni og heimsku er ekki hampað á flokksþingum stórra stjórnmálaflokka. Flokka, sem vilja láta taka sig alvarlega.

# Bannaði Alþingi hlutfallsreikning árið 2001?

Efnahagsmál

Þórólfur Matthíasson
prófessor í hagfræði við HÍ



Afleiðingar af dómi Hæstaréttar um lögmæti svokallaðra myntkörfulána hafa hlotið mikla athygli enda kann í þeim að felast flutningur hundraða milljarða króna milli einstaklinga í hagkerfinu. Svo kann að fara að ríkissjóður tapi því fé sem hann hefur lagt í nýju bankana og verði þannig fyrir meiri búsifjum en af völdum Icesave-reikninga Landsbankans.

Lítið hefur verið fjallað um forsendur lagaákvæðisins sem dómurinn grundvallast á. Í 14. gr. laga nr. 38/2001 er heimild til verðtryggingar fjárskuldbindinga takmörkuð við að verðtryggingin sé byggð á neysluvísitölu Hagstofu Íslands. Í ræðum á Alþingi um frumvarpið deila þingmenn um fyrirhugaðar breytingar á ákvæðum um dráttarvexti auk þess sem sumir í þáverandi stjórnarandstöðu láta í ljós óskir um afnám verðtryggingar. Ekki verður séð að sá hluti 14. gr. sem snýr að banni við notkun gengisvísitölu til vísitölubindingar lána í íslenskum krónum hafi kallað á umræður á hinum þinglega vettvangi. Einu rökin fyrir þessu afdrifaríka banni er að finna í framsögu starfandi iðnaðar- og viðskiptaráðherra Halldórs Ásgrímssonar við fyrstu umræðu um frumvarpið. Hann sagði við það tækifæri:

„Heimildir til að binda skuldbindingar í íslenskum krónum við gengi erlendra gjaldmiðla eru felldar niður, enda eðlilegt ef um það er að ræða að menn vilji miða við erlenda gjaldmiðla að þá sé erlendi gjaldmiðillinn notaður.“ Tökum dæmi til að skýra og skilja inntak þessarar fullyrðingar: Setjum svo að einn bandaríkjadalur kosti 60 krónur 1. maí eitthvert árið og 63 krónur 1. júní sama ár. Setjum Dollaravísitöluna á 100 1. maí. Hún er þá 105 1. júní. Lögin heimila fjármálastofnun að lána Jóni Jónssyni 6.000 krónur 1. maí og tilgreina að í raun sé upphæðin 100 dollarar. Endurgreiði hann lánið 1. júní ber honum að greiða andvirði 100 dollara, eða 6.300 krónur auk vaxta.

Fjármálastofnunin má hins vegar ekki tilgreina að Jón Jónsson hafi fengið 6.000 krónur að láni og að höfuðstóll lánsins hækki í samræmi við hækkun Dollaravísitölunnar. Það jafnt þó svo endurgreiðsla Jóns og vaxtagreiðslur hefðu orðið nákvæmlega þær sömu hvor aðferðin sem hefði verið farin, enda er hlutfallið milli 63 og 60 það sama og hlutfallið milli 105 og 100. Það má því með nokkrum rétti segja að Alþingi hafi þarna gert tilraun til að banna þríliðureikning!

Dæmið hér að ofan sýnir að rökin sem nefnd eru í framsögu starfandi iðnaðar- og viðskiptaráðherra eru rökleysan ein, lán sem miðast við gengi dollars hækka jafn mikið hvort heldur miðað er við ákveðinn fjölda dollara eða gengisvísitölu dollars. Hafi ætlunin verið að verja neytendur sem hafa tekjur í íslenskum krónum gegn gengisáhættu hefði einnig þurft að banna íslenskum lánastofnunum að lána íslenskum ríkisborgurum í erlendri mynt. Líklega hefði þó slíkt bannákvæði stangast á við fjórfrelsisreglur Evrópska efnahagssvæðisins. Því miður virðist sem Hæstiréttur Íslands hafi ekki velt fyrir sér efnislegu inntaksleysi ákvæðis 14. greinar laga nr. 38/2001 sem ekki heimilar bindingu höfuðstóls láns við gengisvísitölu þegar hann kvað upp dóm númer 92/2010. Að lokum skal sett fram sú fróma ósk að þó þingi og rétti sé í nöp við þríliðu fái aðrar reikniaðferðir að vera í friði.





Sparaðu með Miele

Nýja S2120 ryksugan frá Miele er lágvær, létt, kraftmikil og með stórum poka. Parketbursti að andvirði kr. 9.320 fylgir frítt með.

Fullt verð kr. 32.812

Staðgreiðsluverð kr. 26.250*

Opið í dag laugardag frá kl. 11:00-15:00

*Gildir á meðan birgðir endast.

EIRVÍK -hágæðaheimilistæki

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | www.eirvik.is


# Ávísun á þrælahlekki

Verðtryggð lán

Karl V. Matthíasson
vímuvarnaprestur



Frá því verðtrygging lána var tekin upp hefur reglulega komið fram hörð gagnrýni á það fyrirkomulag. Ástæðan er sú að vísitala ákveður hækkun lánanna og því verður reglulega mikil hækkun á þeim vegna tíðra „verðbólguskota“. Nú er eingöngu miðað við vísitölu neysluverðs, þegar lánin eru uppfærð. Áður var miðað við fleiri vísitölur eins og launavísitölu og byggingarvísitölu.

Rökin fyrir því að hafa vísitölu á lánum eru að fólk eigi að borga jafnvirði þess sem það fékk að láni.

Og þá vaknar náttúrlega spurning: „Hvers virði eru hverjar 1.000 krónur sem ég fæ að láni? Hvernig á að finna það út?“

Svar kerfisins er vísitala neysluverðs. Ef klósettpappírinn hækkar þá hækkar skuld þín. Ef bensín hækkar þá hækkar skuld þín. Ef epli hækka þá hækkar skuld þín o.s.frv. Skiptir þá engu máli þótt laun séu lækkuð og skattar hækkaðir og þótt krónan falli og kaupmenn hækki verð á vöru jafnvel án tillits til innkaupaverðs. Skuldin hækkar hægt og örugglega en stundum hratt og þú borgar meira og meira, meira í dag en í gær.

Niðurstaða þeirra daga sem við nú lifum er þessi: „Verðtryggðar skuldir þínar hafa hækkað og hækkað, vegna gengisfalls sem leiðir af sér hærra vöruverð, vegna hærri virðisaukaskatts og vegna annarra hækkana. Greiðslugeta þín hefur minnkað vegna lækkaðra launa, hærri afborgana, hærri skatta og svona má lengi telja.“

Já, með þessu fyrirkomulagi hafa lánin hækkað reglulega og nú er svo komið að fólk sem tók jafnvel ekki háa fjárhæð að láni hefur séð skuldir sínar vaxa um milljónir um leið og greiðslugetan hefur minnkað, alvarlega.

Segja má að land sem býr við svona fyrirkomulag þurfi í raun og veru enga hagspekinga. Því þetta ódrepandi kerfi er í raun og veru hagstjórn á sjálfstýringu – þangað til allt lendir í vandræðum og fólki fjölgar á vanskilaskrá og fjárnámsbeiðnum líka og gjaldþrot blasa við með tilheyrandi niðurlægingu og niðurbroti einstaklinga og fjölskyldna.

Slíkt ástand var reyndar að myndast hér í landinu fyrir nokkrum árum en því var bara reddað með því að dæla auknu fé út í þjóðfélagið af nýlega einkavæddum bönkum fólkið fékk þá aukin lán og yfirdrátt og komst þannig í skil. Sumir kalla þetta að pissa í skóinn sinn til að verma tærnar en nú er varminn farinn.

Það er ljóst að þetta kerfi getur ekki gengið svona. Besta sönnun þess er auðvitað sú alvarlega staða sem margt fólk glímir nú við og hin gríðarlega ásókn í annars konar lán sem miðuð voru við erlendan gjaldeyri. Já, slíkur var óttinn við verðtrygginguna og reynsluna af henni að fólk veðjaði grimmt á allt annað en verðtryggðu lánin, það leit á þau sem ávísun á þrælahlekki.

Margt annað má skrifa um þetta eins og það að verðtryggingin skuli bera fjármagnstekjuskatt. Hvernig er hægt að skattleggja verðbætur sem tekjur, sem ekki eru tekjur að mati verðtryggingarmanna. Ríkissjóður hlýtur að hala inn milljarða á milljarða ofan í skatttekjur á þessar verðbætur og því sjálfsagt erfitt fyrir ríkisfjármálageirann að fella þær niður.

Mér hefur alltaf fundist fráleitt að hafa þetta ósanngjarna fyrirkomulag, sem nú hefur enn eina ferðina komið illilega í bakið á okkur. Nú er kominn tími til að breyta þessu, málinu verður hvorki reddað með auknum yfirdrætti né boði um ný lán. Allir sem hafa gagnrýnt þetta kerfi og gefið loforð eða fyrirheit um breytingar á þessu ættu að fylgja orðum sínum eftir.



**DJASS UNDIR FJÖLLUM** Árleg djasshátíð í Skógum undir Eyjafjöllum, verður haldin í sjöunda sinn laugardaginn 3. júlí næstkomandi. Ragnheiður Gröndal og Egill Ólafsson eru meðal þeirra sem koma fram.



FRÉTTABLAÐIÐ **Sölufulltrúar** **Henný Árnadóttir** henny@365.is 512 5427 **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447












Gabríel Gauti Einarsson, til vinstri, er mikill áhugamaður um fótbolta. Hér bregður hann á leik ásamt vini sínum Sigurði Bjartmari Magnússyni, fjórtán ára. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Fílar fótboltann í tætlur

**Gabríel Gauti Einarsson, fjórtán ára, hefur undanfarnar vikur fylgst með heimsmeistarakeppninni í fótbolta í Suður-Afríku og spáir því að landslið Argentínu eiga eftir að ná langt og jafnvel sigra.**

Gabríel Gauti Einarsson, fjórtán ára, er mikill áhugamaður um knattspyrnu og fylgist eins og fleiri spenntur með framvindu mála í heimsmeistarakeppninni í fótbolta sem fer fram í Suður-Afríku.

„Ég reyni að horfa á eins marga fótboltaleiki og ég get, þar sem mér finnst þetta ótrúlega spennandi,“ segir Gabríel en viðurkennir að sér hafi þótt svekkjandi að sjá lið Englendinga falla úr keppni. „Ég hélt með enska liðinu en spilamennskan þeirra var bara svolítið leiðinleg, því miður,“ segir hann og skrifar það alfarið á ítalska þjálfarann Fabio Capello. „Hann hvetur liðið aldrei áfram og mér finnst hann fúll. Hann brosir kannski á ársfresti. Kannski hefði bara verið betra að fá Englending til að þjálfa liðið.“

Gabríel segist lengi hafa fylgst með enska boltanum og af þeim sökum hafi hann ákveðið að halda með liði Englendinga á HM. „Ég fór bara að horfa á enska boltann um leið og ég uppgötvaði fótbolta.“ Hann segist vera gallharður aðdáandi Manchester United líkt og faðir sinn og bræður. „Nema reyndar yngsti bróðir minn. Hann er tveggja ára og hefur ekki hundsvit á fótbolta,“ útskýrir hann og hlær og bætir við að Wayne Rooney, leikmaður Manchester United, sé í uppáhaldi. „Hann er svo vinnusamur, er alltaf á ferðinni og skorar mikið.“

Eftir að Englendingar urðu úr leik hefur Gabríel tekið ástfóstri við argentíska liðið, sem honum finnst sigurstranglegt. „Þetta er frábært lið; Messi einn sá besti í heimi, Tévez flottur og Higuaín frábær. Maradonna er þarna líka; ég held ekkert sérstaklega upp á hann, en hann er fyndinn. Það er örugglega gaman að vera í þessum hópi, mikil gleði,“ segir Gabríel, sem ætlar að fylgjast spenntur með allt til enda en úrslitin í HM ráðast 11. júlí. *roald@frettabladid.is*




;ALLT

**Jóna María Hafsteinsdóttir**
jmh@365.is - sími 512 5473

**Henný Árnadóttir**
henny@365.is - sími 512 5427

**Þórdís Hermannsdóttir**
thordish@365.is - sími 512 5447

Á FERÐINNI
Miðvikudaga

# ;HEILSA

**PSORIASIS** er sjúkdómur sem situr í húð, nöglum og stundum í liðamótum. Streptókokka-bakteríusýkingar í hálsi, sólbruni, reykingar og áfengisneysla í óhófi eru á meðal þátta sem eru talin hafa slæm áhrif á hann.




Hjá okkur eru allir dagar heilsudagar!

Heilsustofnun NLFÍ er opin öllum alla daga og bjóðum við upp á margvíslega heilsueflingu eins og nudd, nálastungur, leirböð og heilsuböð. Tilvalið fyrir þá sem vilja bæta heilsufar sitt í friðsælu umhverfi fjarri amstri hversdagslífsins.

**Nánari upplýsingar á www.hnlfi.is**

Berum ábyrgð á eigin heilsu

Heilsustofnun NLFÍ Hveragerði - www.hnlfi.is


Kornakrem er mikilvægt að nota áður en brúnkukrem er borið á húðina. Það tekur burt dauðar húðfrumur og gerir brúnkukreminu kleift að komast lengra inn í húðina og þar með endast áhrif þess lengur.

**www.lyfja.is.**


vísir.is

"...ég sá það á vísi"




Hjólað verður í Viðey í kvöld.

# Hjólatúr í Viðey

**Hjólreiðatúr og ganga verður í Viðey í kvöld á vegum Íslenska fjallahjólaklúbbsins.**

Ár hvert hefur Íslenski fjallahjólaklúbburinn staðið fyrir hjólreiðaferð til Viðeyjar og verður hún að þessu sinni farin klukkan 19.30 í kvöld. Aukasiglingar eru á þriðjudögum klukkan 18.15 og 19.15 til Viðeyjar en ferðin hefst klukkan 19.30 við Viðeyjarstofu.

Reiknað er með að hjóla í um einn og hálfan tíma og sigla til baka um klukkan 22. Leiðin sem hjóluð verður er hvorki sögð löng né strembin og því við hæfi bæði reyndra og óreyndra hjólagarpa. Öllum er velkomið að taka þátt í ferðinni.

Kaffihúsið í Viðeyjarstofu er opið á þriðjudagskvöldum og því hægt að fá sér léttan kvöldverð í Viðeyjarstofu áður en haldið er heim á leið. Þátttaka er ókeypis og öllum heimil en allir þátttakendur fá hressingu á staðnum til að svala þorstanum. *- rat*



# Offita hefur slæm áhrif

**Offita eykur líkur á fósturláti að því er fram kemur í niðurstöðum rannsóknar sem var gerð í Bretlandi.**

Konur sem hafa gengist undir frjósemismeðferð og eru í yfirþyngd eru í meiri hættu með að missa fóstur á meðgöngu heldur en konur í kjörþyngd. Þetta er niðurstaða rannsóknar sem greint er frá á fréttavef BBC.

Rannsóknin var framkvæmd á 300 konum sem höfðu allar farið í frjósemisaðgerð við Guy's and St Thomas' Hospital í London á Englandi. Helmingur kvennanna var í yfirþyngd og fjórtán prósent stríddu við offitu, en 35 prósent kvennanna sem voru í yfirþyngd misstu fóstur á meðgöngu á móti 21 prósenti kvenna sem voru í kjörþyngd.

Eftir að hafa kannað hvort þættum eins og aldri og reykingum væri um að kenna, komust læknarnir að þeirri niðurstöðu að offita væri ein helsta orsökin fyrir fósturlátum kvennanna. Læknar segjast ekki vita nákvæma ástæðu þess að offita eykur líkur á fósturlátum, en benda á að hins vegar sé þegar vitað að offita hafi almennt slæm áhrif á heilsuna, þar á meðal efnaskipti líkamans. *- rve*



Offita er talin hafa slæm áhrif á þungun og meðgöngu samkvæmt nýrri rannsókn. Þar er of þungum konum ráðlagt að passa vel upp á mataræðið.


FLOTT Í SUMAR...

Áratuga reynsla og rannsóknir sýna að Slendertone virkar

Nýtt og enn öflugra

System +

fyrir dömu og herra

kr. 34.995,-

NÝTT

Sama verð um land allt - frí heimsending fyrir utan höfuðborgarsvæðið

allt fyrir kroppinn

HREYSTI

Skeifunni 19 - S. 568 1717

www.hreysti.is



Tinktúrur úr íslenskum lækningajurtum taldar góðar fyrir:

* breytingaskeiðið
* blöðruhálskirtil
* bjúg
* exem og sóríasis
* meltingu
* kvef og flensu

Lífrænar snyrtivörur og smyrsl

Fæst í öllum helstu lyfja- og heilsubúðum

anna rósa GRASALÆKNIR

www.annarosa.is



FULL BÚÐ AF NÝJUM SUMARVÖRUM



30 %-70 % afsláttur af öllum vörum

FLASH

Laugaveg 54, sími: 552 5201


# ;ALLT TÍSKA

Fimmtudaga


**Jóna María Hafsteinsdóttir**
jmh@365.is
**sími 512 5473**

**Henný Árnadóttir**
henny@365.is
**sími 512 5427**

**Þórdís Hermannsdóttir**
thordish@365.is
**sími 512 5447**

**HOW TO, Á NAUGTHY TEASPOON** er flokkað krækjusafn í kennsluefni um alla mögulega handavinnu og ýmislegt sem henni viðkemur. Nánari upplýsingar á vefsíðunni www.naughtyteaspoon.20m.com





Hér hjálpar Soffía Margrét Magnúsdóttir textílhönnuður Adolfi Frey að þrykkja á bol, en í bakgrunni má sjá Guðrúnu Kolbeins textílhönnuð kenna Birtu Líf Georgsdóttur að vefa í vefstól.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Vefa tré við indíánatjald

**Heimilisiðnaðarfélag Íslands býður börnum nú handverksnámskeið eftir eins og hálfs áratuga hlé. Þar verður innblástur og efniviður sóttur í náttúruna og útilistaverk unnin í bland við flotta handverksgerð innanhúss.**

„Nú eru um fimmtán ár síðan handverksnámskeið var síðast haldið fyrir börn, en þá var það styrkt af Reykjavíkurborg um árabil. Það féll svo um sjálft sig þegar borgin hætti stuðningi sínum, því félagið gat ekki lagt út í kostnaðinn eitt og sér," segir Soffía Margrét Magnúsdóttir, textílhönnuður og listgreinakennari, um handverksnámskeið fyrir 6 til 16 ára börn í ágúst næstkomandi. Með Soffíu kennir Guðrún Kolbeins handíðakennari, en námskeiðin eru haldin á vegum Heimilisiðnaðarfélags Íslands og styrkt af Barnamenningarsjóði menntamálaráðuneytisins.

„Það hafa margir beðið þessara námskeiða með óþreyju og strax orðin mikil eftirspurn, enda veit ég að margir sem áður sendu börn sín á handaverksnámskeið sakna þeirra mjög," segir Soffía.

Hún bætir við að handverksnámskeið hafi sárlega vantað í flóru námskeiða fyrir börn á sumrin, þar sem megin áhersla sé á leikja- eða íþróttanámskeið.

„Við Guðrún munum kenna þeim annars konar handverk en kennt er í handavinnutímum grunnskólanna, en helstu áherslur verða á tauþrykk, tálgun, vefnað í vefstólum og þæfingu, þar sem verkefnin verða unnin úti og inni eftir þroska og getu barnanna," segir Soffía sem ætlar að nota náttúruna í Elliðaárdalnum og á Árbæjarsafni til að leita mótífa og efniviðar til listsköpunar í handverki barnanna.

„Handverksnámskeið eru sniðin fyrir skapandi börn sem hafa áhuga á handverki og henta jafnt strákum og stelpum. Hér munu þau þrykkja á boli eftir sinni útfærslu, vefa myndir, borðdúka og jafnvel töskur, ásamt fleiru."

Soffía segir það draum Heimilisiðnaðarfélagsins að bjóða fleiri námskeið fyrir börn.

„Áhugi barna helst í hendur við þá gífurlegu aukningu sem orðið hefur á hannyrðum og handverki síðan um bankahrun þegar sprenging varð í aðsókn á námskeið okkar. Börn hafa óskaplega gaman af að dunda sér við handverk því í handavinnutímum skólans eru þau rétt komin í stuð þegar þarf að taka saman aftur. Á námskeiðinu fá þau tvær vikur til að vinna að sínum hugðarefnum, grúska í stóru bókasafni okkar og vinna að ýmsum smáverkefnum að auki, eins og hálsmena- og armbandsgerð á prjónalísum," segir Soffía sem áformar að vefa útilistaverk milli trjáa, þæfa indíánatjald og vera með uppskeruhátíð þar sem grillað verður á hlóðum.

Námskeiðið stendur frá 3. til 13. ágúst. Nánari upplýsingar í síma 551 5500 og 551 7800.

*thordis@frettabladid.is*


KYNNING

ASLANTRENDS – HANDLITAÐ 85% Merino ull / 15% polymade
Santa Fe 3.0 – 3.5 mm prjónar – þolir vélarþvott
Bariloche 4.5 – 5.5 mm prjónar



Útsölustaðir :
**garnbudin.is**
**Quiltbúðin – Akureyri**
**Gallerí garn – Mosfellsbæ**
**Frænkurnar í firðinum**

**Kynnum nýja MUSE garnið frá Phildar**



Klipptu út myndina og fáðu **25% afslátt** af MUSE garninu hjá okkur í Föndru.

**Föndra**
**Dalvegi 18**
**201 Kópavogur**
**Sími: 5686500**



Margir þekkja japanska garnið NORO. Taiyo er nýtt garn frá þeim og er blanda af bómull, silki, ull og næloni fyrir 5mm prjóna. NORO er þekkt fyrir einstaka litadýrð og það er fátt skemmtilegra en að vera með NORO á prjónunum.

**NORO Taiyo fæst í Storkinum, Laugavegi 59, sími 551 8258, www.storkurinn.is**

Gallery Garn

GÆÐA GARN Á GÓÐU VERÐI

**Opnunartímar:**
mánudaga – föstudaga.
milli kl:13:00–18:00

Súluhöfða 15 • 270 Mosfellsbæ
sími 895 6086

**Gefðu vatn**
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is


KYNNING



Jóhanna Hjaltadóttir, hönnuður og prjónakona með meiru er 90 ára gömul og tekur enn í prjóna. Hún prjónaði þessar buxur fyrir barnabarn sitt sem stundar sjósund af kappi og síðan þá hafa margir falast eftir uppskriftinni enda fátt betra en íslenska ullin þegar kuldinn er annars vegar.

*Jóhanna hefur alla tíð verið mikil prjónakona og hannað sínar eigin uppskriftir sem margar hverjar hafa verið birtar í blöðum.*

## Uppskrift að sjósundbuxum

| | |
|---|---|
| **STÆRÐ** | M |
| Mittisvídd: | 88 cm |

**EFNI**

| | |
|---|---|
| Tvöfaldur plötulopi | 400 gr |

Smá hönk af Álafosslopa til að hekla snúru og kant í mittið
Hringprjónar nr. 6, 40 og 60 cm langir
Heklunál nr. 5

**AÐFERÐ**

Buxurnar eru prjónaðar með sléttu prjóni frá mitti og niður. Rangan (brugðni hlutinn) er látinn snúa út í lokin. Í afturstykkið eru prjónaðar aukaumferðir svo buxurnar verði hærri að aftan. Umferð byrjar í hægri hlið.

**Skammstafanir:**

| | |
|---|---|
| L | lykkja/lykkjur |
| sl | slétt |
| br | brugðið |
| prj | prjónn/prjónið |
| umf | umferð/ir |

www.istex.is

**BUXUR**

Fitjið upp 140 L með tvöföldum plötulopa. Tengið í hring og prj slétt. Setjið merki í hvora hlið (70 L að framan og 70 L að aftan). Prj 3 umf slétt. Upphækkun að aftan: Prj 70 L, snúið við og prj br til baka. Prj í hring, 3 umf. Næsta umf: Prj 70 L, snúið við og prj brugðið til baka. Nú hafa verið prj 4 auka umf í afturstykkið. Prj áfram í hring slétt prjón þar til framstykki mælist 20 cm.

**Klof**

**1. umf:** *Prj 35 L, setjið merki á prjóninn (miðja á afturstykki), prj 35 L. Endurtakið frá * til * fyrir framstykki. **2. umf:** *Prj 34 L, aukið í 1 L, prj 2 L (merkið er á milli), aukið í 1 L, prj 34 L*. Endurtakið frá * til *. **3.-5. umf:** Prj umf sl. **6. umf:** *Prj 35 L, aukið í 1 L, prj 2 L, aukið í 1 L, prj 35 L*. Endurtakið frá * til *. **7.-9. umf:** Prj umf sl. **10. umf:** Prj 36 L, aukið í 1 L, prj 2 L, aukið í 1 L, prj 36 L*. Endurtakið frá * til *. **11.-13. umf:** Prj umf sl. **14. umf:** *Prj 37 L, aukið í 1 L, prj 2 L, aukið í 1 L, prj 37 L*. Endurtakið frá * til *. **15.-17. umf:** Prj umf sl. **18. umf:** Prj 38 L, aukið í 1 L, prj 2 L, aukið í 1 L, prj 38 L*. Endurtakið frá * til *. Nú eru 180 L á prjóninum. Prj þar til framstykki mælist 33 cm.

**Skálmar**

Hægri skálm: Notið styttri hringprjón og setjið síðustu 45 L í umf (af framstykki) og fyrstu 45 L af umf (afturstykki) á prjóninn. Geymið hinar lykkjurnar. Tengið í hring og setjið merki fyrir miðju innanfótar. Prj 3 umf sl. Úrtaka: Prj þar til 3 L eru að merki, prj 2 L saman, prj 2 L sl (merkið er á milli), takið 1 L óprj, prj 1 L sl og steypið óprj. L yfir. Prj 3 umf sl og endurtakið úrtöku innanfótar => 41 L. Prj áfram þar til skálmin mælist 15 cm. Fellið laust af. Prj hina skálmina eins.

**FRÁGANGUR**

Gangið frá endum og ath að rangan á að snúa út. Þæfið buxurnar í þvottavél. Það er betra að fara varlega í hitastigið og þvo frekar buxurnar oftar til að ná réttri stærð.

**Mitti**

Heklið kant í mittið með Álafosslopa þannig:
**1. umf:** Heklið fastalykkjur allan hringinn. **2. umf:** Heklið *3 fastalykkjur, 3 loftlykkjur, hoppið yfir 3 fastalykkjur*. Endurtakið frá * til * allan hringinn. **3. umf.** Heklið fastalykkjur allan hringinn (3 fastalykkjur í hvern loftlykkjuboga). Heklið, prjónið eða snúið langa snúru og þræðið hana í heklaða kantinn.

Hönnun: Jóhanna Hjaltadóttir



Björn Helgason

**HLAUPARAR** í Reykjavíkurmaraþoni Íslandsbanka 21. ágúst geta skráð sig fyrir Barnaheill – Save the Children á Íslandi en þá er hægt að heita á viðkomandi hlaupara og rennur upphæðin óskipt til samtakanna.



Álfasteinn er eitt þeirra húsa sem tilheyra svokölluðu Þorpi við Hótel Glym en hvert og eitt þeirra er innréttað út frá sérstöku þema. MYND/ÚR EINKASAFNI

# Þematengd gistihús

**Um helgina var opnað formlega svokallað Þorp sunnan megin við Hótel Glym í Hvalfirði. Það samanstendur af sex glæsilegum heilsárshúsum, í tveimur stærðum og eru þau innréttuð út frá mismunandi þemum.**

Þorpið er heiti á nýrri heilsárshúsaþyrpingu sem var formlega opnað um helgina í suðurhlíðunum við Hótel Glym í Hvalfirði. Hansína B. Einarsdóttir, sem rekur hótelið ásamt eiginmanni sínum, Jóni Rafni Högnasyni, frá árinu 2001, segir húsin öll sérhönnuð út frá sex mismunandi þemum, en húsin eru einmitt sex talsins.

„Ekkert húsanna er eins hannað en auk þess að búa yfir glæsilegu gistirými fyrir tvo til sex aðila eru öll húsin með heitum potti úti á rúmgóðri suðurverönd, glæsilegum útihúsgögnum og innandyra eru eitt til tvö baðherbergi, eldhús með uppþvottavél, ísskáp og öllu tilheyrandi og þráðlausri nettengingu,“ segir Hansína. Húsin eru 77-85 fermetrar að stærð og í kringum húsin eru göngustígar og skemmtileg stemning en þorpsbúar geta keypt alla þjónustu af hótelinu.

„Sagan segir að hótelið sé byggt á krossgötum álfa og huldufólks og því þurfti að undirbúa huldufólkið sérstaklega undir þessar breytingar og segja má að húsin séu öll byggð og hönnuð í samvinnu við þá íbúa í kring,“ segir Hansína. Öll húsin bera þannig nöfn steina. Fyrsta húsið í þorpinu heitir Silfursteinn og það er tileinkað ítalskri og íslenskri hönnun, næsta hús heitir Vizkusteinn en þar er allt fyrir vinnu- og hönnunarfundi, búnaður fyrir námskeið og ráðstefnur til að mynda eða fyrir rithöfunda sem sitja við skriftir. Hornsteinn er svo þriðja húsið og er hugsað fyrir barnafólk, með barnahúsgögnum og smávörum fyrir börnin.“



Í Silfursteini er áhersla lögð á íslenska og ítalska hönnun. MYND/ÚR EINKASAFNI

Hin þrjú húsin heita Unaðssteinn, Orkusteinn og Álfasteinn. Unaðssteinn er hugsað fyrir þá sem eru ástfangnir, brúðhjón, brúðkaupsafmæli og slíkt og Orkusteinn er hús sem stendur við hliðina á lítilli á sem rennur niður gilið og þar miðar allt að því að fólk hlaði batteríin, með hjálp jógadýnu, myndum úr búddisma og íslenskum fræðum og fleiru til. Síðasta húsið er svo Álfasteinn sjálfur en í því húsi er stór kokkaeyja á miðju gólfi og því er húsið til dæmis kjörið fyrir matreiðslunámskeið eða hópa sem ætla að leigja sér kokk. Allir geta setið í kringum eyjuna og horft á matseldina.

„Við höldum að þetta sé eina þorpið á Íslandi sem er byggt upp svona. Nú geta gestir okkar, valið úr 22 mínisvítum og þremur stórum svítum í húsinu sjálfu eða fengið sér fallegt hús í Þorpinu.“

*juliam@frettabladid.is*





**HVAÐ ER Í MATINN? Á VÍSIR.IS**

vísir.is kynnir skemmtilegan sérvef um matargerð og hagkvæm matarinnkaup.

Með því að nota einfalt og skemmtilegt kerfi útbúum við handa þér matseðil eftir þínu höfði.

Kynntu þér ótrúlegan fjölda gómsætra uppskrifta á Hvað er í matinn? á vísir.is



vísir.is
...ég sá það á visir.is

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki



# veiði

ÞRIÐJUDAGUR 29. JÚNÍ 2010

## Allt í fluguveiði

**Hilmar Hansson hefur opnað nýja veiðiverslun.**

SÍÐA 3



## Fleiri útlendingar

**Erlendir veiðimenn sækja í auknum mæli í íslenskar ár í sumar.**

SÍÐA 2






FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI





● **SÉRSTÖK ÚTGÁFA** Sunray Shadow túpur hafa verið með vinsælli flugum í laxveiði hérlendis síðustu ár. Nú er komin á markað sérstök útgáfa af þessari laxatúpu sem kallast HKA Sunray, eftir Henrik Kassow Andersen sem hannaði þessa útfærslu. HKA Sunray fæst í nokkrum litum og tveimur stærðum, það er fimm og átta sentimetrum og svo tveimur þyngdum (plaströr og álrör). HKA fæst í Veiðihorninu við Síðumúla 8 og í sérverslun fluguveiðimanna á netinu, www.flugan.is.



● **UPPFÆRÐAR AFLATÖLUR** Landssamband Veiðifélaga mun innan skamms birta nýjar aflatölur vikulega á heimasíðu sinn www.angling.is. Tölurnar eru fengnar úr laxveiðiám landsins og uppfærðar fyrir hádegi alla fimmtudaga. Þar geta áhugamenn um veiði fylgst með hvernig veiðist í ám, á hversu margar stangir verið er að veiða og fleira. Veiðiréttareigendur geta sömuleiðis notað tölurnar til að sjá hvernig þeir standa í samanburði við aðra. Þar er einnig að finna lokatölur síðasta árs, meðalveiði síðustu ára og margt fleira.

# Grunnur að góðri veiði

Fluguveiðiskólinn, sem hefur verið starfræktur að Langá á Mýrum nær sleitulaust frá árinu 1999, verður starfræktur dagana 24.-26. júní. Að þeim tíma liðnum ættu nemendur að vera fullfærir um að ganga til fluguveiða hvar sem er, lesa veiðistaði, kasta einhendu og tvíhendu, kunna hnúta, helstu flugur og beita sér bæði undan vindi og með hann í fangið.

Ólafur Finnbogason, kennari við skólann, segir hann henta jafnt byrjendum sem lengra komnum og að nemendur ættu að geta bjargað sér sjálfir að námi loknu. Matur og gisting er innifalin í verði og er dagskrá frá morgni til kvölds. Uppselt er í skólann í ár en honum verður komið á fót aftur að ári.

*-ve*



**Nemendur læra að lesa veiðistaði, kasta og beita sér í samræmi við veður.**






● **ALLT Í VEIÐINA** Mokveidi.is er síða þar sem hægt er að kaupa flest í veiðina. Meðal vöruflokka eru bækur, fatnaður, hnífar, flugur, töskur og vöðlur. Auðvelt er að kaupa hvaðan af landinu sem er og allt er sent frítt heim.

# Útlendingar sækja í silung

**Erlendir veiðimenn sækja í auknum mæli í veiðiár á Íslandi í sumar. Laxveiði nýtur vinsælda en silungsveiði sækir á.**

„Útlendingum hefur fjölgað um tuttugu prósent," segir Þröstur Elliðason, forstjóri Veiðiþjónustunnar Strengja. Páll Ármann, framkvæmdastjóri Stangveiðifélags Reykjavíkur, tekur undir það með Þresti að aukning hafi orðið á fjölda erlendra veiðimanna á Íslandi. Hann telur að frá árinu 2008 hafi fjöldi þeirra tvöfaldast.

Páll og Þröstur segjast ekki finna fyrir því að erlendir veiðimenn séu fyrr á ferðinni í ár heldur en undanfarin ár. Inntir eftir því hvort eldgosið hafi haft einhver áhrif á afpöntun útlendinga í veiði til landsins segir Þröstur að svo sé ekki. Páll samsinnir því. „Gosið truflaði okkur aðeins í sölunni núna í apríl og maí, til þeirra sem eru að bóka seint. Það var ekkert um afpantanir hjá okkur vegna þess," upplýsir Páll og Þröstur segir að um tíma hafi engar fyrirspurnir borist. „Það var hins vegar ekkert um afpantanir."

Páll og Þröstur eru sammála um að ástand íslensks efnahagslífs spili stóran þátt í auknum vinsældum Íslands meðal erlendra veiðimanna. „Með veikingu krónunnar er hagstæðara fyrir útlendingana að kaupa hér veiðileyfi. Samkeppnisstaða íslenskrar laxveiði varð betri á alþjóðlegan mælikvarða," segir Páll. „Það er heilmikil samkeppni á milli íslenskrar laxveiði og laxveiði eins og í Rússlandi, Skotlandi og víðar."

Þröstur segir að aukningin hafi ekki einungis orðið á erlendum laxveiðimönnum heldur einnig á silungsveiðimönnum á Íslandi. „Silungsveiði hjá útlendingum hefur aukist. Ekki bara laxveiðin. Ísland er smátt og smátt að komast á kortið sem silungsveiðiland," segir Þröstur og Páll samsinnir því. „Það er hagkvæmara fyrir útlendinga að kaupa veiðileyfin."

Flestir erlendu veiðimennirnir koma frá Bretlandi að sögn Þrastar og Páls. „Ég myndi segja að helmingurinn af útlendingunum séu Bretar. Svo er eitthvað af fólk frá Norðurlöndunum sem kemur helst í silung," segir Þröstur. „Síðan eru það Þýskaland, Frakkland og Spánn," telur Þröstur upp.

*- mmf*



**Þröstur segir eldgosið í Eyjafjallajökli og eftirhreytur þess ekki hafa orðið til þess að draga úr komu erlendra veiðimanna til landsins.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Spáir góðri laxveiði í sumar

„Laxinn er genginn snemma í árnar um allt landið og í það heila lítur sumarið mjög vel út," segir Ásgeir Heiðar, veiðimaður og fulltrúi leigutaka Laxár í Kjós. Hann nefnir sem dæmi að mikill fiskur sé bæði í Norðurá og Blöndu, sem hafa þegar verið opnaðar. „Meiri fiskur er kominn í gegnum teljara í Norðurá nú heldur en á sama tíma í fyrra."

Ásgeir Heiðar segist ennfremur vita til þess að menn sem hafi gengið meðfram Langá hafi orðið varir við meiri lax en oft áður. „Þeir hafa furðað sig á því að þar og víðar er líka þó nokkuð af stórlaxi."

Hann segir veiðimenn því binda miklar vonir við laxveiði í sumar. „Menn hafa þó ákveðnar áhyggjur af vatnsskorti þar sem lítið forðabúr er í fjöllum, það er lítið af snjó. Ólíkt öðrum Íslendingum treystum við veiðimennirnir því á gott rigningasumar," segir hann og hlær.

*- rve*



**Ásgeir Heiðar reiknar með að laxveiðin gefi vel af sér í sumar.**

# Nördasamfélag í fluguhnýtingum

**Hilmar Hansson hefur hnýtt flugur í tugi ára og fer reglulega til Rússlands að veiða. Hann er með veiðidellu og opnaði litla verslun í bílskúrnum sínum sem hann kallar Veiðiflugur.**

„Ég hef hnýtt flugur í 30 ár og veit svo sem allt um flugur. Sennilega er ekkert hægt að standa í svona rekstri nema hafa sérþekkinguna. Þetta er svolítið nördasamfélag," segir Hilmar Hansson, veiðimaður og verslunareigandi, og viðurkennir að eiga sjálfur sínar uppáhaldsflugur. „Það eru Green Highlander sem er stórlaxafluga og Stardust sem ég veiði mest á."

Veiðin var áhugamál sem vatt upp á sig en Hilmar er dúkalagningameistari að mennt. Í fyrra setti hann, ásamt eiginkonu sinni Oddnýju Magnadóttur, af stað vefverslun með veiðivörur. Vefverslunin fékk svo góð viðbrögð að þau hjónin opnuðu litla verslun í bílskúrnum á Kambsvegi 33 nú í vor og hefur verið fullt út úr dyrum síðan.

„Menn komu hingað heim til að fá að skoða flugurnar svo það var ekki annað hægt en að opna búð. Íslenskir veiðimenn þekkja þetta fyrirkomulag líka vel, svona litlar búðir. Við erum ekki með mikið en allt sem þarf til fluguveiði, fatnað, stangir, flugur og hjól og seljum til dæmis eina íslenska veiðihjólið. Hannað og smíðað af Steingrími Einarssyni frá Ísafirði. Hjólið hefur verið á markaðnum í nokkur ár en nýlega fullkomnaði Steingrímur bremsuna á hjólinu svo þetta er eitt besta veiðihjólið á markaðnum í dag."

Inntur eftir því hvað geri flugu að góðri veiðiflugu segir Hilmar heilmikil vísindi liggja að baki fluguhnýtingum. Erfitt sé þó að segja til um hvað geri eina flugu betri en aðra.

„Menn eru að hanna flugur hver í sínu horni, sumar verða betri en aðrar og fara þá í sölu. Ég á til dæmis eina sem heitir Fjallkonan sem veiðir lax sjóbirting og bleikju og hún er mjög einföld. Maður sér það oft bara á þeim hverjar eru góðar veiðiflugur, þá á litunum og samsetningunni," segir Hilmar og bætir við að óvanir geti stuðst við þá þumalputtareglu að nota flugur með silfur, bláum og svörtum lit á vorin en rauðar, gular og gylltar á haustin. „Flugurnar líkja í raun eftir lífríkinu og þeir hörðustu veiða einn fisk, opna magann á honum til að sjá hvað hann hefur verið að éta og hnýta svo fluguna strax á bakkanum."

Þegar blaðamaður náði tali af Hilmari var hann nýkominn úr veiðiferð til Rússlands en hann hefur haldið utan um veiðiferðir þangað um árabil. Þar segir hann að menn veiði stærstu fiskana.

„Núna veiddi ég 28 punda fisk. Maður veiðir ekki endilega fleiri fiska í Rússlandi en í öðrum löndum en stærri. Ég hef farið á hverju vori í níu ár og hef haldið utan um vikuferðir þangað síðustu árin. Þá höfum við flogið til Murmansk og þaðan er síðan flogið með þyrlu á morgnana í ána og veiðimennirnir svo sóttir aftur að kvöldi í þyrlu. Ferðirnar hafa verið vel sóttar undanfarin ár en nú hefur gengið hins vegar sett strik í reikninginn. Ég mun hins vegar halda þessu áfram. Þetta eru sannkallaðar ævintýraferðir og stórir fiskar draga mann til Rússlands."

Heimasíða litlu verslunarinnar á Kambsvegi er, www.veidiflugur.is.

*- rat*




**Áhugamál varð að verslun. Hilmar Hansson opnaði búð í bílskúrnum með konu sinni, Oddnýju Magnadóttur.**



**Agnes Andradóttir og Guðbjörg Heiða Stefánsdóttir veiddu hálfgert sæskrímsli á Hólmavík í sumar.**

MYND/JÓN HALLDÓRSSON F43280610

# Veiddu vogmey

„Við vorum að veiða á smábátabryggjunni og sáum eitthvað í sjónum. Við héldum fyrst að það væri dautt sæskrímsli," segir Agnes Andradóttir 11 ára, sem veiddi furðufisk, ásamt frænku sinni Guðbjörgu Heiðu Stefánsdóttur 9 ára, á Hólmavík í sumar þar sem þær voru í heimsókn hjá langömmu og -afa.

„Afi Guðbjargar hjálpaði okkur þegar við vorum að reyna að veiða hann. Við potuðum í hann með veiðistönginni og þá synti hann smá í burtu en þá krækti hann í fiskinn og við veiddum hann," útskýrir Agnes sem hefur meðal annars veitt tvo laxa í Langá. Fiskurinn sem þær stöllur lönduðu var 158 sentimetra langur. Í ljós kom að um vogmey var að ræða en Agnes segir að þeim hafi þótt fiskurinn ljótur og ekki hafi komið til greina að elda hann. „Nei, við hentum honum bara."

Samkvæmt Vísindavef Háskóla Íslands getur vogmær orðið 3 metra löng og slæðist öðru hvoru í veiðarfæri sjómanna hérlendis. Hún er þunnvaxin og löng með langan bakugga en aðrir uggar eru mjög litlir eða engir. Í Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar segir að nafn vogmeyjarinnar sé dregið af því eðli fisksins að koma með flóðinu upp að landi í grunnum víkum og vogum. Fiskurinn sé svo litfagur og mjúkur og því sé hann kenndur við mey.

*- rat*

**● MARÍUFISKURINN SÁ FYRSTI** Gjarnan er talað um maríulax þegar veiðimaður dregur sinn fyrsta lax á land. Orðið maríulax hefur þó sennilega þróast út frá orðinu maríufiskur sem á sér langa sögu en maríufiskurinn var fyrsti fiskur kallaður sem sjómaður veiddi ævinni. Hefðin var sú að gefa fátækustu konunni í verstöðinni, eða þeirri elstu, fiskinn þegar í land var komið. Eins þótti það gæfumerki ef ungur veiðimaður veiddi góðfisk það er að segja, þorsk, ýsu eða lúðu og myndi honum farnast vel á sjó. Í kaþólskri trú var heitið á Maríu mey til fiskiheilla og henni gefinn fyrsti fiskurinn svo líklega er nafnið þannig til komið.

Heimild: Vísindavefur Háskóla Íslands



KANADAFERÐ - ELDRI BORGARAR

HAUST Í NÝJA SKOTLANDI

9. – 16. SEPTEMBER, 2010



GIST Á SAMA HÓTELI Í HALIFAX í SJÖ NÆTUR

Atlantica Hotel

INNIFALIÐ: Flug, gisting, morgunverður, allur akstur, skoðunarferðir, aðgangur að söfnum og þjóðgörðum, hádegisverður í skoðunarferðum og fararstjórn

VERÐ: 187.000

Upplýsingar hjá Jónasi Þór á jonas.thor1@gmail.com og 861 1046

www.vesturheimur.com

Örfá sæti laus.

Ferðamálastofa
Icelandic Tourist Board

**● NYTSAMLEGT VEGANESTI Í VEIÐIFERÐINA** Það flokkast undir almenna kurteisi að draga inn línu ef annar veiðimaður er að fá hann, en það er gert svo sá veiðimaður hafi nægt svigrúm til að landa veiði sinni.

● Þögn er mikilvæg á árbakkanum. Skildu því hundinn þinn, útvarpið og símann eftir heima. Það eru tvær ástæður fyrir þögninni: Þú vilt hvorki fæla fiskinn frá né trufla aðra veiðimenn. Margir njóta veiðiskapar einkum vegna friðsældarinnar sem henni fylgir.

● Vertu hjálpfús við aðra veiðimenn, hvort sem það er að aðstoða við að ná einhverju sem hefur flotið í burt eða lána þeim eitthvað smálegt sem vantar.

● Ætlirðu að vaða skaltu fylgja eftirfarandi reglum: Farðu aldrei einn til veiða í fjarlæg vötn, ár eða strauma. Vertu í góðum vöðlum og hafðu með sterkan en sveigjanlegan staf. Kynntu þér svæðið vel áður en þú veður út í.



**●ENN BÆTIST VIÐ VEIÐIKORTIÐ** Geitabergsvatn, Sauðlauksdalsvatn og norðanvert Eyrarvatn koma ný inn til viðbótar við þau vötn sem fyrir eru á Veiðikortinu fyrir árið 2010, en kortið er að hefja sitt sjötta starfsár. Þeir sem festa kaup á Veiðikortinu geta veitt nær ótakmarkað í rúmlega þrjátíu veiðivötnum víðs vegar um landið og einnig tjaldað endurgjaldslaust við mörg þeirra. Með kortinu fylgir bæklingur sem inniheldur lýsingar á veiðisvæðunum, reglur, kort og myndir. Einnig má nú í fyrsta sinn finna grunnupplýsingar á ensku í bæklingnum. Allur texti í bæklingi er einnig aðgengilegur á vefsíðunni veidikortid.is bæði á íslensku og ensku. Veiðikortið gildir fyrir einn fullorðinn og börn yngri en fjórtán ára í fylgd með korthafa. Verð kortsins er 6.000 krónur.







Ernest Schwiebert, sem teiknaði húsið lést 75 ára að aldri. Hann dvaldi oft við veiðar á Íslandi.

# Höll Schwieberts við Grímsá

Veiðihúsið við Grímsá er æðislegur áfangastaður fyrir þá sem vilja blanda saman ánægjulegri veiði og dvöl í einu fallegasta veiðihúsi landsins.

Arkitekt hússins, Ernest Schwiebert, fæddist í Chicago en hann hann hlaut meðal annars Gullmedalíu American Institute of Architects fyrir ævistarf sitt áður en hann lést árið 2005. Ernest var kunnur veiðimaður og veiddi margoft í Grímsvatni. Veiðihúsið var tekið í notkun vorið 1973 og hefur vakið mikla athygli, hér heima sem erlendis, og þykir ekki eiga neinn sinn líka.

*-jma*



**● HREISTUR LAXA** Hægt er að lesa aldur laxfiska með því að rannsaka hreistur þeirra. Þannig má sjá út þann fjölda ára sem fiskurinn var í ferskvatni eða í sjó, ef um sjógenginn fisk er að ræða á annað borð. Eins má oft sjá hvort fiskurinn hafi hrygnt áður og hversu oft. Þá má bakreikna með mælingum og finna út hvað hvað fiskurinn var stór sem gönguseiði. Þetta og fleira kemur fram á www.angling.is.






# GÓÐAR FRÉTTIR FYRIR ALLA

## Enn betra aðgengi að Fréttablaðinu

Breytingar voru gerðar á frídreifingu og lausasölu Fréttablaðsins 1. júní. Blaðinu er áfram dreift ókeypis í lúgur og Fréttablaðskassa á kjarnadreifingarsvæði* okkar. Nýbreytnin felst í að frídreifingu í verslunum og á bensínstöðvum á kjarnadreifingarsvæði verður hætt, en blaðið í staðinn selt í lausasölu um land allt samhliða fyrrgreindri frídreifingu heim eða í hverfi. Lausasölustöðum verður fjölgað til muna auk þess sem fjöldi Fréttablaðskassa í íbúðahverfum verður nærri þrefaldaður, úr 60 í um 170. Nánari upplýsingar um dreifingu Fréttablaðsins má nálgast á **visir.is/dreifing**.

### FRÉTTABLAÐIÐ Á NETINU

Þú getur alltaf lesið Fréttablaðið frítt á visir.is eða fengið sendan daglegan tölvupóst með blaði dagsins. Nánari upplýsingar á: visir.is/dreifing

## Fjöldi lausasölustaða um allt land

**Suðurnes**
N1 þjónustustöð, Aðalstöðinni, Keflavík
10-11, Keflavík
N1 verslun, Keflavík
Olís, Básinn, Reykjanesbæ
10-11, Leifsstöð
Eymundsson, Leifsstöð
Bónus, Fitjum, Njarðvík

**Vesturland**
Olís, Kjalarnesi
Krónan, Akranesi
Olís, Akranesi
Bónus, Akranesi
N1 verslun, Akranesi
Olís, Borgarnesi
Bónus, Borgarnesi
Verslunin Baulan, Borgarfirði
Hönnubúð, Reykholti, Borgarfirði
Olís, Stykkishólmi
Bónus, Stykkishólmi
Hrannarbúðin, Grundarfirði
N1, Ólafsvík
Olís, Ólafsvík
Hraðbúð N1, Hellissandi
Shell/Vélsmiðja Árna Jóns, Hellissandi
N1 þjónustustöð, Ísafirði
Hamraborg, Ísafirði
N1 verslun, Ísafirði
Bónus, Ísafirði
Smáalind, Patreksfirði

**Norðurland**
N1 Staðarskála
Kaupfélagið Hvammstanga
Verslun Víðigerði
N1 Blönduósi
Potturinn og pannan, Blönduósi
Olís, Skagaströnd
Hlíðarkaup, Sauðárkróki
Kaupfélag Skagfirðinga, Sauðárkróki
N1 Sauðárkróki
Shellskáli, Sauðárkróki
10-11, Akureyri
N1 Hörgárbraut, Akureyri
Bónus, Akureyri
N1 Leiruvegi, Akureyri
Olís, Akureyri
Bónus, Akureyri
N1, Dalvík
Olís, Dalvík
Olís, Ólafsfirði
Eyjabúðin/Eyjaljósið, Hrísey
N1, Húsavík
Shellskáli, Húsavík
Olís, Húsavík
Goðafossveitingar, Fosshóli
Búðin, Kópaskeri
Verslunin Ásbyrgi
Verslunin Urð, Raufarhöfn
N1, Þórshöfn

**Suðurland**
Olís, Selfossi
Krónan, Selfossi
Bónus, Selfossi
N1 Fossnesti, Selfossi
N1 verslun Selfossi
Verslunin Árborg, Selfossi
Bjarnabúð, Brautarhóli (Reykholti)
Ferðaþjónustan Úthlíð
Þrastalundur, Grímsnesi
Minni-Borg, Grímsnesi
N1, Hveragerði
Bónus, Hveragerði
Glóðarsel, Laugarvatni
Olís, Hellu
Söluskálinn Landvegamótum
N1, Hvolsvelli
Söluskálinn Björk, Hvolsvelli
N1 Skaftárskáli, Kirkjubæjarklaustri
Skýlið, Vestmannaeyjum
Vöruval, Vestmannaeyjum
N1, Vestmannaeyjum
Olís, Vestmannaeyjum
Krónan, Vestmannaeyjum

**Austurland**
Mónakó, Bakkafirði
N1, Vopnafirði
N1 þjónustustöð, Egilsstöðum
Bónus, Egilsstöðum
Olís, Fellabæ
Grillskálinn Orka, Reyðarfirði
Olís, Reyðarfirði
Shellskáli, Eskifirði
Olís, Neskaupstað
N1, Höfn
Olís, Höfn




**Allt sem þú þarft...**

*Kjarnadreifingarsvæði Fréttablaðsins er höfuðborgarsvæðið, Akureyri, Stokkseyri, Eyrarbakki, Hveragerði, Selfoss, Borgarnes, Akranes, Reykjanesbær, Þorlákshöfn, Keilir, Garður, Sandgerði, Grindavík og Vogar.







Forskot á sumarútsöluna 30-50% afsláttur Emilía Bláu húsin Faxafeni s: 588 9925 emilia.is

# HEILSA

## Heilsuvörur

Árangur með Herbalife í 30 ár. Pantaðu fríann prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd



**TANTRA MASSAGE**
An exclusive gift for men, women and couples. Tel. 698 8301 www.tantra-temple.com

Soriasis, exem, migreni, ristilvandamál -Lyfjalaus meðferð og ráðgjöf, einnig nudd, svæðanudd og augnlestur. - Heilsulind Heiðars Garðabæ, S-898 1501

**SPA - DREAM OASIS**
**Fáðu kort og nudd frítt.**
NUDD: Heilln., Slökunarn., Skrúbb, Pottur, Sólbekkir og fleira. Símar 567-6666 og 862-0941. http://dreamoasis.magix.net

Vandaðir og ódýrir ferðanuddbekkir. Sumartilboð á óléttubekkjum. Uppl í 8916447.

**NUDD - Tilboð - NUDD**
**Nudd kr. 3500,-**
Skrúbb, heitur pottur, nudd f. 2 kr. 9900,-. Detox - f. 2 kr. 9900.-. Margar teg. nudds, alhliða snyrting, slökun, veitingar, heilsu, vítamín, næringarráðgjöf. Ekkert sex nudd. No sex massage. Uppl. - pantanir s. 57 8 57 57 & 823 8280. JB Heilsulind Skúlagötu 40. Opið 12-18 mán-lau.

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Námskeið

**SIGLINGANÁMSKEIÐ**
Námskeið fyrir börn og fullorðna. Skráning á www.brokey.is & s: 895 1551 Siglingafélag Reykjavíkur

# HEIMILIÐ

## Heimilistæki

Vantar þeytivindur, stóra gólfsuðupotta, stóra potta (ekki ál). Hafið samband við Hildi í síma 695 4202

## Dýrahald



Ungversk vizsla til sölu! Frábærir veiði- og fjölskylduhundar. Ættbók frá HRFÍ. Tilbúinn til afhendingar. Upplýsingar í síma 844-8386 (Helga).

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Hestamennska




Reiðskólinn er hafinn. 5 daga námskeið frá mán-fös allan daginn frá 9-16 með fæði. 5-12 ára. Uppl. í síma 894 3588.

vísir.is
„...ég sá það á vísi"

## Til sölu

**Til sölu eftirtalin búnaður & skrifstofuhúsgögn:**

- Lucent símstöð fyrir 15-30 notendur
- El Steel tölvuskápur 2m með tengi brettum
- Ricoh Afico 400 fullkomin ljósritunarvél tekur A3
- 15 x skrifborð
- 4 x skrifborðsstólar
- 3 x möppuskápar
- 3 x skjalaskápar
- 1 x Rosengrens eldvarinn skjalaskápur
- 2 x fundarborð – 6 og 12 manna
- 17 x stólar með svörtu ullaráklæði við fundarborð
- 5 x kaffistólar
- 8 x stólar með örmum
- 42 x stólar með háu baki
- Sófar & hægindastólar
- Ísskápar
- Vaskar
- Eldhúsinnrétting m. Siemens tækjum
- Graníthellur 100m2
- Ásamt ýmsum öðrum búnaði

**Til sýnis og sölu að Fiskislóð 73 frá kl. 13 - 18.**
**Lokað sunnudaga**
**Upplýsingar í s. 861 3889**



# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**Leiguliðar ehf**
**Fossaleyni 16**
Skrifstofa Leiguliða auglýsir lausar íbúðir, leiguverð frá kr. 58.000. Reykjavík, Selfoss, Þorlákshöfn, Akranes, Hafnarfjörður. Gæludýr leyfð.
**Sjá www.leigulidar.is eða 517 3440.**

**www.leiguherbergi.is**
**1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj aðganur að internet, baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535. Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj Internet, bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**




Til leigu 3 herb. íb. í grafv. sér inng. laus strax uppl: 6634374

**Stúdíóíbúð**
Nýuppgerð 20 fm. stúdioíbúð, Dugguvogi. Þvottavél, þurrkari og internet fylgir. Verð 53 þ. S. 663 5791.

Einstaklingsherb. til leigu með húsgögnum & eldhúsaðgangur með öllum áhöldum. Þvottaþjónusta og Internet fylgir. Leigist reglusömum & skilvísum karlmanni í fastri vinnu. Uppl. í s. 557 2183.

Til leigu frá lok ágúst 170 m2 einbýli á stórri lóð með útsýni yfir Elliðavatn. 180þ. Mögul. á leigu með húsg. Uppl. í síma 6960730

Góð 4. herb. íbúð í Austurbergi til leigu. Frá og með 2. júlí. Uppl. í S 820 0007.

ROOM for/RENT w/FURNITURE IN 108 REYKJAVÍK AND IN 109 AND 111 BREIÐHOLT 897 3611.

2 herb. miðb. Rvk. Húsgögn fylgja fyrir reglusam. einstak. eða par. 85 þ. S 895 0482, eftir kl 16.

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Góð 90 fm., 2-3 herbergja íbúð í Seljahverfi. Jarðhæð í raðhúsi. Sér inngangur, sér rafmagn. Innifalinn hiti. Leiga er 80 þúsund. Trygging 160 þúsund. Eingöngu fyrir 1-3 í heimili. Engin dýr. Sími:567 5607 eftir kl. 17.00

Stúdíóíbúð í Mörkinni / Vogahv. ca 40 fm. V. 56 þ. Eldri en 25 ára, barnlaus. F. reglus. einstakl. S. 898 7868 milli kl. 13-16.

## Húsnæði óskast

Reglusamt, reyklaust par á fertugsaldri með ungt barn leitar að 2-3herb. íbúð til leigu í Kópavogi s: 866-6709 Ingibjörg

## Sumarbústaðir

Sumarhús í Flóahreppi, 10 min frá Selfossi. Mikið privat. S. 899 5863 www.starplus.is

## Atvinnuhúsnæði

**LAUGAVEGUR**
Verslunarhúsnæði óskast neðan Vitastígs á Laugaveginum. Uppl s.6932505

## Geymsluhúsnæði

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Lágt verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 100 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

## Gisting

Gistiheimilið FAB Þelamörk Eyjafirði. Til leigu herbergi í sumar, morgunmatur fylgir. Sundlaug og barnvænt umhverfi. Uppl. í síma 820 0984 og á www.fabtravel.is

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Spjall, myndir og vídeo**
Fjölbreyttir tekjumöguleikar eru nú í boði fyrir kynþokkafullar íslenskar konur á vefsíðunni PurpleRabbit.eu.

Rafeindavirki óskast. Umsókn sendist á atli@hradberg.is eða í síma 660 9552 Atli

VDO Offroad Line

Óskum eftir duglegum , heiðarlegum og stundvísum starfsmanni í verslun , viðkomandi þarf að hafa frumkvæði , vera áhugasamur , hafa gaman af því að selja vörur og þjónusta fólk og helst hafa reynslu af sölu og þjónustu störfum, yngri en 18 ára kemur ekki til greina. Einnig vantar stafsmann aðra hvora helgi. Vinsamlegast sendið umsóknir á birna@vdo.is

Max1, Bíldshöfða 8 í Reykjavík óskar eftir að ráða bílaumsjónarmann til starfa sem fyrst í 100% starf. Max 1 sérhæfir sig í hjólbarðaþjónustu, bremsuþjónustu, smurþjónustu, demparaþjónustu, rafgeymáþjónustu og annarri smáþjónustu. Starfsmaður fær þjálfun hjá Max1 í starfið. Vinnutími er milli 8:00 og 18:00 alla virka daga og um helgar eftir þörfum. Gilt bílpróf er skilyrði. Umsóknir skal senda á www.max1.is

Kraftmiklir einstaklingar óskast. Óskum eftir starfsfólki í símasöluver okkar. Umsækjendur þurfa að vera 18 ára og eldri. Umsóknir sendist á simaver@kreditkort.is Kreditkort hf.

Praktík Byggingaþjónusta óskar eftir byggingaverkamanni til starfa í sumar. Reynsla í húsaviðgerðum og/eða múrverki skilyrði. Uppl. í síma 693 7003 www.praktik.is

Verslunin Augnakonfekt Laugavegi 95 óskar eftir traustri,snyrtilegri, reykl,starfskonu/manni. Ums sendast á kolbrun@augnakonfekt.is.

# TILKYNNINGAR

## Einkamál

**SÍMAÞJÓNUSTUR**



**Stefnumót**
905 2000 (símatorg)
535 9920 (kreditkort)
535 9923 (frítt karlar)
555 4321 (frítt konur)
**Spjall**
904 5454 (símatorg, karlar)
535 9940 (kreditkort karlar)
555 4321 (frítt, konur)
**Gay spjall**
535 9988 (kreditkort)
**Sögur**
905 2002 (símatorg)
535 9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908 6000 (símatorg)
535 9999 (kreditkort)


Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki






SÝNDU ÞÍNAR BESTU HLIÐAR

Ljósmyndasamkeppni Panasonic og Vísis



1. VERÐLAUN



PANASONIC G2
Glæný og byltingarkennd myndavél með útskiptanlegum linsum og snertiskjá.

2. VERÐLAUN



PANASONIC TZ10
Hágæða myndavél með 12x aðdrætti, GPS og fjölmörgum möguleikum.

3. VERÐLAUN



PANASONIC BD65
Vandaður Blu-ray spilari með minniskortarauf til að skoða ljósmyndirnar úr myndavélinni.

Taktu þátt í ljósmyndasamkeppni. Deildu þínum bestu myndum með okkur og þú átt möguleika á glæsilegum verðlaunum. Að auki er þráðlaus Panasonic KXTG1311 sími dreginn út í hverri viku.

Skilafrestur til **21. ágúst 2010**.
Allar nánari upplýsingar á visir.is.



Panasonic



vísir.is
Fyrstur með fréttirnar

HYUNDAI

# NÝR HYUNDAI SMÁBÍLL:

# i20




**Allir bílarnir eru árgerð 2010**

## i20

Í hreinskilni sagt, hversu stóran bíl þarftu í raun og veru? Heimsókn í sýningarsalinn okkar gæti orðið til þess að þú svarir öðruvísi en hingað til. Hyundai *i20* er ekta ofursmábíll, sparneytinn og lipur en svo miklu stærri en þú heldur. Komdu og reynsluaktu Hyundai *i20*, hann á eftir að koma þér á óvart.

Verð frá: **2.450.000 kr.**

5 ÁRA ÁBYRGÐ VEGAAÐSTOÐ LÉTTSKOÐUN

**Allar nánari upplýsingar á www.hyundai.is**

### i30



i30 er rúmgóður og vel búinn fjölskyldubíll.

**Verð 2.690.000 kr**

### ix35



ix35 er nýr sportjeppi sem er að slá öll sölumet í Evrópu.

**Verð 4.990.000 kr**

ENNEMM / SÍA / NM42716

**B&L og Ingvar Helgason**
Sævarhöfða 2 • 110 Reykjavík
525 8000 • www.bl.is • www.ih.is

INGVAR HELGASON

**KATHARINE HEPBURN LÉST ÞENNAN DAG.**

*„Fólki er farið að þykja vænt um mig, eins og einhverja gamla byggingu.“*

***Katharine Houghton Hepburn (1907–2003) var bandarísk leikkona, sem lék á sviði og í kvikmyndum og sjónvarpi. Hún er sú leikkona sem hefur einna oftast verið tilnefnd til Óskarsverðlauna og oftast unnið þau, eða samtals fjórum sinnum.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 29. JÚNÍ 1980

## *Vigdís Finnbogadóttir kjörin forseti*



Vigdís Finnbogadóttir (fædd 15. apríl 1930) var kjörin forseti Íslands á þessum degi árið 1980 og varð um leið fyrst kvenna til að vera þjóðkjörinn þjóðhöfðingi.

Vigdís, sem er dóttir Finnboga Rúts Þorvaldssonar og Sigríðar Eiríksdóttur, útskrifaðist úr Menntaskólanum í Reykjavík árið 1949. Eftir útskrift lá leiðin til Frakklands þar sem hún stundaði nám á árunum 1949-1953. Lauk hún BA-prófi í ensku og frönsku við Háskóla Íslands. Vigdís kenndi frönsku við Menntaskólann í Reykjavík og Menntaskólann í Hamrahlíð á árunum 1962 til 1972 og annaðist frönskukennslu í Ríkissjónvarpinu frá 1970 til 1971. Hún kenndi svo franskar leikbókmenntir við Háskóla Íslands 1972-1980 og samhliða því gegndi hún stöðu leikhússtjóra Leikfélags Íslands, en nokkrum árum áður eða frá 1954 til 1957 vann hún sem blaðafulltrúi Þjóðleikhússins.

Þegar Vigdís tók við forsetaembættinu árið 1980 varð hún fjórði forseti Íslands og gegndi hún þeirri stöðu allt til ársins 1996. Sama ár var henni veittur stórkross Hinnar íslensku fálkaorðu fyrir störf í þágu íslensku þjóðarinnar. Vigdís er velgjörðasendiherra UNESCO (Menningarmálastofnunnar Sameinuðu Þjóðanna) og frá árinu 2001 hefur rannsóknarstofnun Háskóla Íslands í erlendum tungumálum verið kennd við hana.

### MERKISATBURÐIR

**1163** Gísli Oddsson er kjörinn Skálholtsbiskup á Alþingi.
**1776** Spænskir trúboðar vígja kirkjuna Mission Dolores þar sem síðar rís borgin San Francisco.
**1802** Fyrsti dómur Landsyfirréttar kveðinn upp.
**1912** Nýja bíó í Reykjavík hefur kvikmyndasýningar á Hótel Íslandi.
**1951** Ísland sigrar Svíþjóð í landsleik í knattspyrnu 4-3. Ríkharður Jónsson skorar öll mörk Íslands.
**1952** Ásgeir Ásgeirsson kjörinn forseti Íslands.
**1996** Ólafur Ragnar Grímsson kjörinn forseti Íslands.



**ELDHUGUR Í MÖNNUM** Ólafur Örn Nielsen, formaður Sambands ungra sjálfstæðismanna, segir unga sjálfstæðismenn ætla að leggja sitt af mörkum til að efla Sjálfstæðisflokkinn svo hann nái sama styrk og áður. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

SAMBAND UNGRA SJÁLFSTÆÐISMANNA: ER ÁTTATÍU ÁRA

# Sjálfstæðisbaráttan efst á baugi

Samband ungra sjálfstæðismanna, SUS, varð áttatíu ára síðasta sunnudag, hinn 27. júní. Ólafur Örn Nielsen, formaður SUS, segir að þrátt fyrir að íslenskt samfélag hafi tekið stakkaskiptum frá því að félagið var stofnað 1930 séu áherslur þess og baráttumál í meginatriðum enn þau sömu og í upphafi.

„Við lítum svo á að hlutverk okkar sé að berjast fyrir sjálfstæði íslensku þjóðarinnar, alveg eins og í byrjun þegar SUS var stofnað í Hvannagjá á Þingvöllum meðan á Alþingishátíðinni 1930 stóð,“ útskýrir Ólafur og kveður Samband ungra sjálfstæðismanna eiga mörg stór og krefjandi verkefni fyrir höndum.

„Eitt af því sem við höfum barist fyrir frá upphafi er að vernda frelsið, frelsi einstaklingsins sem við teljum stórlega vegið að úr öllum áttum um þessar mundir með alls kyns boðum og bönnum og eins viljum við gera allt í okkar valdi til að verjast gegn frekari skattahækkunum með hagsmuni landsmanna að leiðarljósi,“ nefnir hann og segir umræðuna um aðildarumsókn Íslands að ESB eitt skýrasta dæmi um hvernig vegið sé að sjálfstæði þjóðarinnar. „Við ætlum klárlega að berjast gegn því að fullveldið verði framselt í Brussel.“

Ólafur tekur fram að þótt Samband ungra sjálfstæðismanna sé liðsafl innan Sjálfstæðisflokksins verði að gera greinarmun á þessu tvennu. „Það hefur auðvitað sýnt sig að skoðanir SUS og Sjálfstæðisflokksins fara ekki alltaf saman. Ungir sjálfstæðismenn hafa þannig í gegnum tíðina sett ýmis mál á dagskrá sem hafa ef til vill þótt mjög róttæk en hafa í fyllingu tímans öðlast góðan hljómgrunn meðal landsmanna. Sem dæmi börðust ungir sjálfstæðismenn fyrir frjálsum útvarpsútsendingum á níunda áratugnum þegar aðeins RÚV mátti það og eins því að bjórbanninu yrði aflétt á sínum tíma.“

Þrátt fyrir að einhver skoðanamunur kunni að vera á milli Sambands ungra sjálfstæðismanna og Sjálfstæðisflokksins segir Ólafur unga sjálfstæðismenn ætla að taka af fullum krafti þátt í eflingu Sjálfstæðisflokksins. „Viss uppstokkun hefur átt sér stað innan flokksins að undanförnu og við viljum að sjálfsögðu leggja okkar af mörkum til að vinna að eflingu hans,“ bendir hann á og getur þess að það hafi sýnt sig vel á landsfundinum þar sem ungir sjálfstæðismenn tóku þátt í þeirri hugmyndavinnu sem fór fram. „Að sjálfsögðu ætlum við svo að halda áfram að auka fylgi flokksins meðal ungs fólks á Íslandi svo hann nái sama styrk og áður.“

Ólafur bætir við að þessu stórafmæli Sambands ungra sjálfstæðismanna verði fagnað með ýmsu móti á árinu, þar á meðal með skemmtilegum viðburðum auk endurútgáfu á ýmsum ritum sem SUS hefur gefið út í gegnum tíðina. **roald@frettabladid.is**

---



*Ástkær unnusta mín, dóttir og systir,*

**Sylvía Kristín Sigurþórsdóttir,**

lést að heimili sínu þann 21. 6 2010. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju þann 1. júlí 2010 kl. 15.00.

**Guðmundur Stefán Erlingsson**
**Sigurþór Sigurðsson** **Aðalheiður Emma Harðardóttir**
**Sunna Karen Sigurþórsdóttir**
**Sigurleif Kristín Sigurþórsdóttir**
**Valdís Sylvía Sigurþórsdóttir.**

---

*Elskulegur faðir okkar,*

**Jóhann Adolf Pétursson**
verkfræðingur,

lést 8. október 2009 í Houston, Texas. Minningarathöfn hans fer fram í Bústaðakirkju, föstudaginn 2. júlí kl. 13.00.

Birna Pétursson Foley og Ingvar Pétursson.

---



*Okkar kæri faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Jón Bryntýr Zoëga Magnússon,**
Dalbraut 16, Reykjavík,

verður jarðsunginn frá Háteigskirkju í dag, þriðjudaginn 29. júní kl. 13.00.

**Pálína Ellen Jónsdóttir** **Örn Björnsson**
**Jóhanna Guðrún Zoëga Jónsdóttir** **Ragnar Ólafsson**
**Helgi Jón Jónsson**
**Heiðar Bryntýr Jónsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Helga F. Stefánsdóttir,**
Rauðagerði 12, Reykjavík,

sem lést á Landspítalanum í Fossvogi 16. júní, verður jarðsungin frá Bústaðakirkju 30. júní kl. 15.00.

**Jónína Kárdal** **Þorbjörn Vignisson**
**Anna María Kárdal** **Ásgeir Karl Ólafsson**
**og barnabörn.**

---



*Maðurinn minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**dr. Þorgeir Einarsson kennari,**
Granaskjóli 26,

lést sunnudaginn 27. júní á Landspítalanum í Fossvogi.

**Sigrún Guðjónsdóttir**
**Einar Þorgeirsson**
**Þórður Þorgeirsson**
**og fjölskyldur.**

---



*Innilegar þakkir fyrir þá vináttu og hlýhug sem okkur hefur verið sýnd við andlát föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,*

**Gísla Guðmundssonar**
Kristnibraut 43, Reykjavík.

Sérstakar þakkir viljum við færa starfsfólki Heimahlynningar og líknardeildar Landspítalans fyrir persónulega og hlýlega umönnun.

# Yfirburðir Fréttablaðsins staðfestir!

**68%**
Lesa bara Fréttablaðið

**5%**
Lesa bara Morgunblaðið



**27%**
Lesa bæði Fréttablaðið og Morgunblaðið

Auglýsing í Fréttablaðinu nær til yfir
**95%**
lesenda blaðanna

Fréttablaðið er sem fyrr mest lesna dagblað landsins með glæsilegt forskot á samkeppnisaðila sinn eins og síðasta könnun Capacent Gallup sýnir ótvírætt.




Allt sem þú þarft...

Skörun blaðalesturs að meðaltali á dag, mán.-lau., höfuðborgarsvæðið 18-49 ára.
Heimild: Blaðakannanir Capacent nóv 2009 - apr 2010.

Fáðu ráðgjöf um tímareimaskipti

Er tímareimin komin á tíma?

Fast verð hjá Vélalandi

Skoðaðu fast verð hjá Vélalandi. Hringdu núna í síma 515 7170 og pantaðu tíma.

**Verðdæmi um tímareimaskipti:**

**Nissan Patrol 2,8 dísil** Árgerð 1992-2000
Heildarverð, varahlutur og vinna: 61.824 kr.

**Toyota Land Cruiser 90 3,0TD** Árgerð 1997-2002
Heildarverð, varahlutur og vinna: 44.257 kr.

**Ford Focus 1,6 bensín** Árgerð 1998-2005
Heildarverð, varahlutur og vinna: 44.177 kr.

**Toyota Corolla 1,6 bensín** Árgerð 1997-2001
Heildarverð, varahlutur og vinna: 48.248 kr.

**Renault Kangoo 1,4 bensín** Árgerð 1998-2005
Heildarverð, varahlutur og vinna: 56.725 kr.

Vara þessa tilboðs er eftirmarkaðsvara (non-OEM/ekki original)

Skoðaðu www.velaland.is

Vélaland sérhæfir sig í tímareimum. Komdu í Vélaland og fáðu ráðgjöf um skiptingu á tímareim. Vélaland skiptir fljótt og vel um tímareimina fyrir þig, á föstu verði.

**Sjáðu hvar við erum. Hringdu núna í síma 515 7170 og pantaðu tíma.**






Opið virka daga kl. 8:00 til 17:00

VÉLALAND






Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 9-17.





Blaðberinn... ...góðar fréttir fyrir umhverfið


# Naglinn á höfðinu

**BAKÞANKAR Þórunnar Elísabetar Bogadóttur**



Á landsfundi Sjálfstæðisflokksins um nýliðna helgi var víst rætt um ýmislegt, og sumt vakti meiri athygli en annað. Í einni frétt sá ég minnst á það að tekist var á um jafnréttismál, eins og það var orðað í fréttinni. Sökum gífurlegrar forvitni fletti ég upp umræðum um jafnréttisstefnu Sjálfstæðisflokksins, sem vissulega var á dagskránni, og horfði á nokkrar ræður.

**FYRST** var tillagan borin upp og hún var bara ágæt. Ekki beint róttæk, enda hefur það ekki verið vinsælt orð í jafnréttismálunum, en alveg hreint í lagi. Sýnt var hvernig konur eru í minnihluta í þingflokknum og miklum minnihluta í hinum ýmsu stjórnum og ráðum. Þá var það jafnréttisstefnan – flokkurinn ætti að leitast við að hafa kynjahlutföll jöfn í innra og ytra starfi. Þegar málum væri ekki þannig háttað ætti að reyna að leita úrbóta.

**RÖDD** skynseminnar meðal þeirra sem ég horfði á var Illugi Gunnarsson (öðruvísi mér áður brá). Hann sagði það sem heyrst hefur víðs vegar annars staðar. Kynjahlutföllin hafa ekki lagast nógu hratt og það er alvöru mál. Hlutirnir eru ekki í lagi eins og þeir eru og við eigum ekki að sætta okkur við núverandi ástand. Með jafnréttisstefnunni væri ekki verið að hverfa frá því að einstaklingar eigi að vera metnir að verðleikum, heldur væri hún einmitt sett fram vegna þess. Auðvitað vildi hann búa í heimi þar sem ekki þyrfti að taka fram að kynjahlutföll ættu að vera sem jöfnust, en á meðan svo er þarf að setja reglur.

**AÐRAR** raddir voru ekki lengi að koma í pontu og fussa og sveia yfir þessu. Sjálfstæðisflokkurinn að leitast við að hafa jöfn kynjahlutföll? En einstaklingurinn verður að vera metinn að verðleikum!

**ÞARNA** hitti Illugi samt nagla á höfuð. Þetta er nákvæmlega það sem haldið hefur verið fram um nokkurn tíma, bara úr öðrum og kannski óvinsælli áttum. Málið snýst um að í núverandi stöðu eru einstaklingar ekki metnir að verðleikum, það sjáum við á kynjahlutföllunum og launamuninum, til dæmis.

**ÞAÐ** er nefnilega ekkert flókið að sjá að þegar kynjahlutföll þjóðarinnar eru svo gott sem jöfn, ekki er mikill munur á fjölda kvenna og karla á vinnumarkaði og konur eru í meirihluta í háskólum þá ætti hlutfallið líka að vera jafnara á öðrum vígstöðvum, eins og í stjórnunarstöðum og á þingi. Einstaklingshyggjan hlýtur að vera sammála því – annars er hún bara að segja óbeinum orðum að konur séu ekki jafn hæfar og karlar.

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# GOTT Í MATINN Á ÞRIÐJUDÖGUM

ÞARF AÐEINS AÐ HITA

998 KR. 1 KG

BÓNUS *FROSNIR* KJÚKLINGAMOLAR 1 KG.

565 KR.KG

KJÖRFUGL ***FERSKUR*** HEILL KJÚKLINGUR

MERKT VERÐ 664 KR.KG ***15% AFSLÁTTUR***

111 KR.PK

BÓNUS PYLSUBRAUÐ 5 STK

598 KR.KG

BÓNUS PYLSUR

25% AFSLÁTTUR

MERKT VERÐ 798 KR.KG

398 KR.KG

K.F NÝTT KJÖTFARS

239 KR.KG

KJÖRFUGL FERSKIR KJÚKLINGAVÆNGIR

MERKT VERÐ 298 KR.KG. ***20% afsláttur***

***25% AFSLÁTTUR***

AF SAMLOKUOSTI

**1157 KR/KG.**

*Merkt verð 1542 kr.kg.*

79 KR.PK

ES HAFRAMJÖL 500g

998 KR. 1 KG

BÓNUS FERSKT LASAGNE 1 KG

*MATUR FYRIR FJÓRA*

BÓNUS KORNBRAUÐ 1 KG ***198 kr.stk***

DUGAR Í 13 SAMLOKUR AÐEINS 15,2 KR. SAMLOKAN.

398 KR. 400g

GRÍMS PLOKKFISKUR 400g

*ÞARF AÐEINS AÐ HITA !*

## *FLJÓTLEGT- TILBÚIÐ Á PÖNNUNA - ÓDÝRT - ÞARFA AÐEINS AÐ HITA*

*TILBÚIÐ Á PÖNNUNA*

698 KR. 800g

BÓNUS ÝSUBITAR Í RASPI 800g

*TILBÚIÐ Á PÖNNUNA*

579 KR.KG

N.F STEIKTAR FISKIBOLLUR

*TILBÚIÐ Á PÖNNUNA*

998 KR. 1 KG

N.F GRÆNMETISBUFF 1 KG

Brokkolí frosið

Brokkolí og grænmetis blanda

EUROSHOPPER FROSIÐ GRÆNMETI ***298 KR. 1 KG.***

459 KR. 1200g

359 KR. 600g

ÚRVALS FROSNIR ÁVEXTIR Í HEILSUDRYKKINN

*FRÁBÆRT VERÐ !*

# BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA

VISA Vildarklúbbur

SAMBÍÓIN










SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| NIGHTMARE ON ELM STREET | kl. 5:40 - 8 - 10:20D | 16 |
| NIGHTMARE ON ELM STREET | kl. 10:45 | VIP |
| LEIKFANGASAGA 3 - 3D M/ ísl. Tali | 3:20(3D) - 5:40(3D) | L |
| LEIKFANGASAGA 3 M/ ísl. Tali | kl. 3:20 - 5:40 | L |
| TOY STORY 3 M/ ensku Tali | kl. 8(3D) | L |
| SEX AND THE CITY 2 | kl. 5 - 8 - 10:20 | 12 |
| SEX AND THE CITY 2 | kl. 5 - 8 | VIP |
| THE LOSERS | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| PRINCE OF PERSIA | kl. 3:20 - 5:40 - 8 - 10:20 | 10 |
| THE LAST SONG | kl. 3:20 | L |

SAMBÍÓIN SELFOSSI

| | | |
|---|---|---|
| GET HIM TO THE GREEK | kl. 8 - 10:10 | 12 |
| LEIKFANGASAGA 3 M/ ísl. Tali | kl. 8 | L |
| THE LOSERS | kl. 10:10 | 12 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| NIGHTMARE ON ELM STREET | kl. 8:20D - 10:30D | 16 |
| LEIKFANGASAGA 3 - 3D ísl. Tali | kl. 3:40(3D) - 6(3D) | L |
| TOY STORY 3 M/ ensku Tali | kl. 5:40(3D) - 10:45(3D) | L |
| SEX AND THE CITY 2 | kl. 6 - 8 - 9 | 12 |
| OFURSTRÁKURINN M/ ísl. Tali | kl. 3:40 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| NIGHTMARE ON ELM STREET | kl. 10:20 | 16 |
| LEIKFANGASAGA 3 - 3D ísl tal | kl. 5:40(3D) | L |
| TOY STORY 3 - 3D ensku tal | kl. 8 (3D) | L |
| PRINCE OF PERSIA | kl 6 | 10 |
| SEX AND THE CITY 2 | kl. 9 | 12 |

ÞRIÐJUDAGSBÍÓ Í DAG KR. 600*
*GILDIR EKKI Í VIP, Á ÍSLENSKAR MYNDIR OG Á MYNDIR Í 3D OG BEINAR ÚTSENDINGAR

NÝTT Í BÍÓ!










SMÁRABÍÓ
SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| GROWN UPS | kl. 3.30 - 5.45 - 8 - 10.20 | L |
| GROWN UPS LÚXUS | kl. 3.30 - 5.45 - 8 - 10.20 | L |
| THE A-TEAM | kl. 8 - 10.40 | 12 |
| LEIKFANGASAGA 3D íslenskt tal | kl. 3.30 - 5.45 | L |
| TOY STORY 3 3D enskt tal/ ótextað | kl. 3.30 - 5.45 - 8 - 10.20 | L |
| GET HIM TO THE GREEK | kl. 5.30 - 8 - 10.25 | 12 |
| SKÓGARDÝRIÐ HÚGÓ 3 | kl. 4 | L |

facebook.com/smarabio

HÁSKÓLABÍÓ
SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| GROWN UPS | kl. 6 - 9 | L |
| ROBIN HOOD | kl. 6 - 9 | 12 |
| GET HIM TO THE GREEK | kl. 6 - 9 | 12 |
| SNABBA CASH | kl. 6 - 9 | 16 |

BORGARBÍÓ
SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| GROWN UPS | kl. 5.50 - 8 - 10 | L |
| THE A-TEAM | kl. 5.50 - 8 - 10.15 | 12 |

NÝTT Í BÍÓ
LAUGARÁSBÍÓ
Sími: 553 2075
- bara lúxus













LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| GROWN UPS | 4, 6, 8 og 10 | 10 |
| A-TEAM | 10 | 16 |
| STREET DANCE 3-D | 4, 6 og 8 | 7 |
| SKÓGARDÝRIÐ HÚGÓ | 4 | L |


# Hjúskaparlögum fagnað

**Nýjum hjúskaparlögum var fagnað í Fríkirkjunni á sunnudagskvöld. Samkvæmt nýjum lögum gilda nú ein hjúskaparlög fyrir alla. Á meðal þeirra sem komu fram voru Páll Óskar, Hörður Torfason, Sigríður Beinteinsdóttir og Lay Low.**



Páll Óskar tyllti sér á fremsta bekk. Auðvitað. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Lay Low kom að sjálfsögðu fram á tónleikunum í Fríkirkjunni.



Guðfríður Lilja fagnaði í Fríkirkjunni.



Ragna Árnadóttir dómsmálaráðherra og stórsöngvarinn Bergþór Pálsson voru á meðal gesta.

# Í draumi sérhvers barns…

Bíó ★★

**A Nightmare on Elm Street**
Leikstjóri: Samuel Bayer

**Aðalhlutverk:** Jackie Earle Haley, Rooney Mara, Kyle Gallner, Katie Cassidy



**EKKI NÓG** Þrátt fyrir öll sín fyrri störf tekst Jackie Earle Haley ekki að blása sama lífi og óhugnaði í Freddy og Englund áður.

Kyndarinn Freddy Krueger er eitt best heppnaða óféti sem stokkið hefur úr kolli hryllingsgúrúsins Wes Craven. Allir sem komnir eru til vits og ára eiga að vita að Freddy er afmyndaður af brunasárum, afturganga sem á ferlega flottan hanska með hnífum í stað fingra sem hann notar til þess að sálga ungmennum í draumum þeirra. Aðal bömmerinn er svo sá að ef Freddy drepur mann í draumi vaknar maður ekki aftur.

Freddy byrjaði að hrella táningana á Álmstræti árið 1984 og hefur á löngum ferli sallað sofandi ungmennum niður í ótal framhaldsmyndum. Hann hefur meira að segja tekist á við Jason Voorhees úr Friday the 13th-bálknum í sérstakri mynd og á tíu ára afmæli Álmstrætis martraðamyndanna árið 1994 gerðist Freddy í meira lagi póst-módernískur, fann sér leið inn í raunveruleikann og fór að hrella fólkið sem gerði fyrstu Elm Street myndina, meðal annars þau Heather Langenkamp og sjálfan Wes Craven.

Það má því segja að í raun sé búið að reyna flest til þess að halda Freddy gangandi og græða á þessu harðhenta illfygli. Ef minnið svíkur mig ekki voru fyrsta og fjórða myndin áberandi bestar en restin meira og minna hefðbundið unglingahryllingsrusl. Maður nennti samt alltaf að sitja undir þessu, aðallega vegna þess að Robert Englund var alltaf hress í hlutverki Freddys.

Þessi nýja mynd er eiginlega frekar endurvinnsla en endurgerð á fyrstu Freddy-myndinni. Nokkur kunnugleg atriði koma nánast óbreytt fyrir en miklu meira púðri er eytt í sköpunarsögu Freddys en í báðum þessum myndum drepur hann í svefni krakka foreldra sem brenndu hann lifandi nokkrum árum áður. Í hugum foreldranna, sem tóku lögin í eigin hendur, var Freddy fyrst og fremst barnamorðingi fyrir 26 árum. Nú er ofuráhersla lögð á Freddy sem barnaníðing sem á skilið að brenna. Því má segja að valið á leikaranum í hlutverk Freddys að þessu sinni sé nokkuð sjálfsagt. Jackie Earle Haley lék barnaníðing af óhugnanlegu næmi í Little Children fyrir fjórum árum og þar fyrir utan var hann hörkufínn sem Rorschach í Watchmen en þar var hann meira og minna hulinn grímu eins og í þessu tilfelli.

Þrátt fyrir öll sín fyrri störf tekst Haley ekki að blása sama lífi og óhugnaði í Freddy og Englund áður. Haley er vitaskuld miklu, miklu betri leikari en Englund en vantar allan húmor og galsa sem Englund hafði. Haley er vitaskuld fínn í þeim atriðum þar sem Freddy tælir börn áður en hann verður að martraðarskrímsli en missir tökin þegar hann fer í röndóttu peysuna.

Leikstjórinn klúðrar svo því sem eftir er, myndin nær hvorki upp óhugnaði né spennu og draumadrápin eru allt of snyrtileg miðað við hryllingskröfur vorra tíma.

Þeir sem vilja kynnast Freddy af einhverju viti ættu að leita Freddy uppi á betri myndbandaleigum þar sem hér er ekki dregin upp rétt mynd af þessu hryllingsíkoni.

**Þórarinn Þórarinsson**

**Niðurstaða:** Máttlaus unglingahrollur sem virkar í besta falli fyrir 14 ára krakka á fyrsta stefnumóti. Hér er gert heldur lítið úr áhrifamætti Freddys Krueger sem á betra skilið. Hér hefði verið hægt að gera fínan hroll en tækifærinu er klúðrað.

TIL FJÖLSKYLDUNNAR MINNAR

Til uppáhalds afa míns

Til besta pabba í heimi

Til Siggu

Til afa og ömmu

Til strákanna okkar

Til allra í 3. bekk

Til duglegasta öskukarls í bænum

Til mömmu

TIL SLÖKKVILIÐSINS

Til Helgu frænku

TIL KONUNNAR Á NEÐRI HÆÐINNI

Til Björgunarsveitanna á Íslandi

Til: Unicef

Til eftirlætis frænda míns í öllum heiminum

Til litla bróður

Til Jóa

TIL VINNUFÉLAGA MINNA

Til allra leikskólakennara

Til: skemmtilegasta saumaklúbbs í heimi

Til dýranna í Húsdýragarðinum

TIL UPPÁHALDS GANGBRAUTARVARÐAR

Til bréfbera

TIL SNATA

Til allra hjúkrunarfræðinga á Íslandi

Til stóru systur

Til besta húsvarðar í bænum

# Hver fær bréf frá þér?

„Til fyrirmyndar“ er yfirskrift hvatningarátaks þar sem landsmenn eru hvattir til að senda kveðju til þeirra sem þeim þykir vera til fyrirmyndar.

Bréfsefni með yfirskriftinni „Takk fyrir að vera til fyrirmyndar“ verður dreift inn á heimili um allt land dagana 29. og 30. júní. Einnig verður hægt að nálgast kveðjuna á pósthúsum og N1-stöðvum um land allt. Bréfin má setja ófrímerkt í póst innanlands.

Átakið er tileinkað frú Vigdísi Finnbogadóttur og íslensku þjóðinni í tilefni af því að í dag eru 30 ár liðin frá því að Íslendingar voru til fyrirmyndar með því að vera fyrstir þjóða til að kjósa konu sem forseta í lýðræðislegum kosningum. Með átakinu eru landsmenn hvattir til að gefa sér tíma til að staldra við og huga að því sem vel er gert.

**tilfyrirmyndar.is**

**Til fyrirmyndar**

## > Valur fer í Árbæinn

Íslands- og bikarmeistarar Vals mæta Fylki í Árbænum í átta liða úrslitum VISA-bikars kvenna en dregið var í gær. „Við förum erfiða leið þetta árið,“ sagði Katrín Jónsdóttir eftir dráttinn. Valur sló út Breiðablik í 16 liða úrslitunum en þessi lið mættust í úrslitaleiknum í fyrra. Stjarnan, sem vann KR 6-0 í 16 liða úrslitunum, mætir Grindavík á heimavelli og FH spilar gegn Akureyrarliði á heimavelli eins og í karlaflokki þegar Hafnarfjarðarstúlkur taka á móti Þór/KA. Þá tekur 1. deildarlið ÍBV á móti Haukum í Eyjum.



**sport**

sport@frettabladid.is

**HELGI VALUR DANÍELSSON:** ER KOMINN AFTUR TIL SVÍÞJÓÐAR EFTIR STUTTA DVÖL Í ÞÝSKALANDI

# *Svolítil sorg að rífa sig strax upp frá Þýskalandi*

Landsliðsmaðurinn Helgi Valur Daníelsson spilaði í fjögur ár í Svíþjóð og eftir stutta dvöl í Þýskalandi er Árbæingurinn aftur kominn til Svíþjóðar, nú til meistaranna í AIK.

Helgi samdi við AIK frá Stokkhólmi en eftir stuttar samningaviðræður skrifaði hann undir þriggja og hálfs árs samning í gær. Hann var aðeins í hálft ár í Þýskalandi.

„Ég þekki vel til í Svíþjóð og var aðeins farinn að horfa til þess að komast þangað aftur,“ sagði Helgi sem spilaði með Hansa Rostock í Þýskalandi sem féll niður í 3. deildina þar í landi á tímabilinu.

Helgi spilaði með Öster og Elfsborg en fer nú til eins stærsta félagsins í Svíþjóð. Það spilar á 36.000 manna velli og spilar í forkeppni Meistaradeildarinnar þar sem það mætir Jeunesse d'Esch frá Lúxemborg.

„Ég fór aðeins til OB í Danmörku að æfa í síðustu viku en ekkert kom út úr því.



AIK sýndi strax mikinn áhuga en þeim hefur ekki gengið sem skyldi á tímabilinu. Þeir eru að stokka aðeins upp og það voru fjórir nýir menn kynntir núna,“ sagði Helgi sem segir leiðinlegt að fara strax frá Þýskalandi.

„Það er svolítil sorg að fara héðan, það er svo leiðinlegt að rífa sig upp strax, planið var að vera hér í nokkur ár. En þetta var reynsla útaf fyrir sig,“ segir Helgi sem fór til AIK á reynslu fyrir sjö árum síðan, þegar hann lék með Fylki.

„Mig langaði mikið til að semja við félagið þá. Ég hef spilað oft við það síðan og það verður fínt að flytja til Stokkhólms. Ég hef alltaf spilað á svo litlum stöðum, konan mín er ánægð með þetta,“ sagði Helgi sem flytur í dag eða á morgun til Svíþjóðar og gæti spilað sinn fyrsta leik þar þann 5. júlí.

„Ég fer til Svíþjóðar í ágætu formi, ég hef æft sjálfur og svo með OB. Það var mitt undirbúningstímabil fyrir AIK.“


Max1 er 10 ára




**Afmælistilboð**

Fáðu 20% afslátt af bremsuviðgerðum, varahlutum og vinnu, í dag!

**Sparaðu, láttu athuga bremsurnar hjá Max1**

**Höldum saman uppá 10 ára afmæli Max1**

Skipti á bremsuklossum að framan - verðdæmi:

**Toyota Yaris 1,3i árg. ´02-´09**
Varahlutir og vinna: 14.498 kr. (fullt verð)
Afmælistilboð: 11.598 kr.

**VW Golf V Plus 1,4i árg. ´05-´09**
Varahlutir og vinna: 17.459 kr. (fullt verð)
Afmælistilboð: 13.967 kr.

**Ford Focus 1,6i árg. ´99-´04**
Varahlutir og vinna: 17.406 kr. (fullt verð)
Afmælistilboð: 13.925 kr.

Tilboð gildir til 31.08.2010
Vara þessa tilboðs er eftirmarkaðsvara (non-OEM/ekki original)

*Engar tímapantanir - komdu bara!*

Spurðu um hvað við getum gert meira fyrir þig og öryggi þitt. Komdu á Max1 í dag.

**Nýttu þér betri þjónustu á Max1**

- Max1 Smurþjónusta
- Max1 Hjólbarðaþjónusta
- Max1 Demparaþjónusta
- Max1 Rafgeymaþjónusta
- Max1 Bremsuþjónusta
- Max1 Peruskipti
- Max1 Rúðuvökvaþjónusta
- Max1 Þurrkublaðaþjónusta
- Max1 Þrifþjónusta

**Reykjavík:** Bíldshöfði 5a og 8, Jafnasel 6, Knarrarvogur 2, sími 515 7190.
**Hafnarfjörður:** Dalshraun 5, sími 515 7190.
**Akureyri:** Tryggvabraut 5, sími 515 7050.

MAX1 BÍLAVAKTIN

*Við erum góðir í að gera hlutina fljótt og vel og ódýrt – skoðaðu: www.max1.is*



**Alþjóðleg ráðstefna um íþróttasálfræði og afreksíþróttir**

Háskólanum í Reykjavík miðvikudaginn 30. júní

Þann 30. júní munu níu af fremstu íþróttasálfræðingum Evrópu halda ráðstefnu um íþróttasálfræði og afreksíþróttir í samstarfi við ÍSÍ og Háskólann í Reykjavík. Ráðstefna er frá **kl: 8:30 til 13:30.**

Einkunnarorð ráðstefnunnar er ***hagnýting***. Þátttakendur munu læra hagnýta hluti til að auka færni sína í aðkomu að afreksíþróttamönnum.

Ráðstefnugjald er 12.000 kr. Veittur er 50% afsláttur fyrir háskólanemendur (láta vita hjá hvaða skóla).

Skráning fer fram á **skraning@ru.is**

Nánari upplýsingar um dagskrá, greiðslutilhögun og fleira er að finna á **www.isi.is**

**Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands**
**Háskólinn í Reykjavík**


# Veit hvernig leiðinlegir varnarmenn eiga að vera

**Marel Baldvinsson er leikmaður 9. umferðar Pepsi-deildar karla að mati Fréttablaðsins. Hann átti stórleik í hjarta varnarinnar hjá Stjörnunni sem vann 3-1 sigur á Íslandsmeisturum FH og þar með sinn fyrsta sigur á útivelli í rúmt ár.**

**FÓTBOLTI** Marel Baldvinsson, leikmaður Stjörnunnar, gerði sér lítið fyrir og lék sem varnarmaður í góðum útisigri liðsins á Íslandsmeisturum FH um helgina. Hann er maður 9. umferðar Pepsi-deildar karla að mati Fréttablaðsins en Marel hefur fyrst og fremst leikið sem sóknarmaður á ferlinum.

„Þetta herbragð gekk mjög vel eftir hjá Bjarna enda hefur hann sýnt að hann er klókur, karlinn,“ sagði Marel við Fréttablaðið en hann hljóp í skarðið fyrir Tryggva Bjarnason sem veiktist fyrir leikinn.

„Þetta kom mér vissulega á óvart en hann vissi að ég hef áður spilað í þessari stöðu nokkrum sinnum. Síðast gerði ég það með Molde í Noregi árið 2007 og þá aðeins nokkra leiki þegar það vantaði menn í vörnina vegna meiðsla.“

Hann segist kunna vel við sig í vörninni. „Jú, alveg ágætlega. Sem sóknarmaður veit ég líka hvernig leiðinlegir varnarmenn eiga að vera og maður vill alls ekki sjálfur mæta,“ sagði hann í léttum dúr.

Óvíst er hvort að hann haldi áfram að spila í vörninni. „Það hefur ekkert verið rætt um það sérstaklega og verður bara að koma í ljós. Ég geri bara það sem þjálfarinn segir. Aðalmálið er samt að við unnum þarna góðan sigur þar sem við náðum að koma til baka gegn öflugum FH-ingum.“

FH komst yfir í leiknum og hafði 1-0 forystu í hálfleik. En Stjörnumenn sneru taflinu sér í vil í síðari hálfleik.

„Við vorum slakir í fyrri hálfleik og byrjun þess seinni. Við vorum heppnir að vera bara 1-0 undir þá. En það var frábært að klára leikinn almennilega og þessi sigur mun gefa mönnum von. Það hefur verið einhver útivallargrýla viðloðandi okkur og við erum vonandi núna búnir að drepa hana.“

Stjarnan leikur á gervigrasi á sínum heimavelli og margir sparkspekingar halda því fram að þeir séu því aðeins góðir á heimavelli.

„Það var gott að stinga aðeins upp í þá sem eru þeirrar skoðunar,“ sagði Marel og hló. „En við höfum samt verið að hiksta á heimavelli. Við unnum að vísu frábæran sigur á Keflavík þar en gerum svo jafntefli við Hauka og Val á heimavelli og við Selfoss á útivelli. Þetta voru leikir sem við vildum fá meira úr.“

Hann segir að aðalatriðið nú sé að Stjarnan sýni stöðugleika. „Við getum unnið hvaða lið sem er á góðum degi eins og við sýndum gegn Keflavík. En svo hafa komið arfaslakir leikir inn á milli. Næst mætum við ÍBV á heimavelli og þurfum að mæta í þann leik eins og karlmenn. Ef okkur tekst að fylgja þessum sigri eftir þá verðum við í ágætis málum í deildinni.“

- esá



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**MAREL BALDVINSSON** Fór á kostum í vörn Stjörnunnar gegn FH um helgina.

**Lið 9. umferðar (4-4-2):**

**Markvörður:**
Lars Ivar Moldsked, KR.

**Varnarmenn:**
Baldvin Sturluson, Stjörnunni.
Marel Baldvinsson, Stjörnunni.
Bjarni Hólm Aðalsteinsson, Keflavík.
Daníel Einarsson, Haukum.

**Miðvallarleikmenn:**
Andri Ólafsson, ÍBV.
Tryggvi Guðmundsson, ÍBV.
Steinþór Freyr Þorsteinsson, Stjörnunni.
Paul McShane, Keflavík.

**Sóknarmenn:**
Jóhann Þórhallsson, Fylki.
Magnús Sverrir Þorsteinsson, Keflavík.

Hollendingar flugu áfram í átta liða úrslit HM eftir þægilegan sigur á Slóvökum:

# Við þurfum meiri sköpunargleði

**FÓTBOLTI** Eins marks sigur Hollendinga á Slóvökum gefur ekki rétta mynd af leik þjóðanna í 16 liða úrslitum HM í gær. Hollendingar voru miklu betri, en sem betur fer fyrir þá skoruðu þeir annað markið undir lokin sem kom þeim áfram áður en Slóvakar minnkuðu muninn.

Dæmigert mark fyrir Arjen Robben kom þeim yfir og þrátt fyrir sóknarþunga út hálfleikinn náðu þeir ekki að bæta við. Það tókst ekki fyrr en sjö mínútum fyrir leikslok þegar Wesley Sneijder kláraði færið sitt vel eftir góðan undirbúning frá Dirk Kuyt.

Í uppbótartíma fengu Slóvakar víti sem Robert Vittek nýtti og minnkaði muninn í 2-1. Það reyndist síðasta spyrna leiksins.

„Við hefðum átt að vinna þetta stærra en náðum ekki að skapa nógu mikið. Við þurfum að laga það og finna meiri sköpunargleði,“ sagði Kuyt um leik Hollands. „Við áttum sigurinn þó svo sannarlega skilinn. Við erum alltaf að nálgast markmiðið okkar,“ bætti hann við en Slóvakar sóttu lítið sem ekkert allan leikinn.

- hþh



**TÓM GLEÐI** Dirk Kuyt henti Sneijder á loft eftir annað markið. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

## ÚRSLIT

*HM 2010 - 16 liða úrslit:*

**Holland - Slóvakía 2-1**
1-0 Arjen Robben (18.), 2-0 Wesley Sneijder (84.), 2-1 Robert Vittek (90+3., víti).

**Brasilía - Chile 3-0**
1-0 Juan (35.), 2-0 Luis Fabiano (38.), 3-0 Robinho (59.).



**VALTUR Í SESSI** Harry Redknapp hefur lýst yfir áhuga á starfi Capello. AFP

Fabio Capello:

## Rekinn í sumar?

**FÓTBOLTI** Fabio Capello þarf að bíða í tvær vikur eftir að enska knattspyrnusambandið fundi um þjálfarann. Capello vill halda áfram með liðið sem datt út í 16 liða úrslitunum á HM.

„Ég vil halda áfram en þetta er ekki undir mér komið. Mér líkar við starfið mitt og hef neitað fjölda tilboða frá stórliðum til að halda hér áfram,“ sagði Capello.

Hann fundaði með stjórnarformanni enska knattspyrnusambandsins um framtíðarsýn þjálfarans og vildi fá svör strax um það hvort stjórnin bæri traust til hans. Þau fékk hann ekki og þarf því að bíða um stund til að vita hvort hann haldi starfinu. - hþh

Brasilía og Holland mætast í 8 liða úrslitum HM:

# Meistarataktar Brassa

**FÓTBOLTI** Þrátt fyrir að hafa sýnt skemmtilega takta á mótinu til þessa átti Chile aldrei möguleika gegn léttleikandi Brössum í 16 liða úrslitum HM í gær. Lokatölur 3-0 sigur Brasilíu sem hefði hæglega getað verið stærri.

Þeir unnu 3-0 í undankeppninni líka og sigurinn nú var jafn sannfærandi. Brasilíumenn sýndu meistaratakta, þeir gáfu nánast engin færi á sér og splundruðu veikri vörn Chile ítrekað.

Það var miðvörðurinn Juan sem skoraði fyrsta markið þegar hann stangaði inn hornspyrnu og kom Brössum á bragðið. Fram að því voru Brasilíumenn betri og voru óheppnir að skora ekki fyrr.

Annað markið kom eftir snarpa sókn sem lauk með lúmskri sendingu Kaká inn á Luis Fabiano sem fór framhjá markmanni Chile og lagði boltann í netið. Robinho skoraði svo þriðja og síðasta markið eftir góðan sprett Ramires.

Mörkin urðu ekki fleiri, en Brasilíumenn hefðu getað skorað miklu meira. Chile sótti eins og það gat en skapaði sér nánast ekkert.

Brasilíumenn voru sannfærandi en fá nú mun sterkari andstæðing í 8 liða úrslitunum, Hollendinga.

Ramires og Gilberto Silva eru ógnarsterkir á miðjunni og Kaká, Fabiano og Robinho sí ógnandi. Juan er gríðarlega sterkur líkt og Daniel Alves og Brassar sýndu að það eru þeir sem eru sigurstranglegastir á HM, ásamt Argentínu. Þegar Kaká og Robinho hafa spilað saman, í alls 33 leikjum undir stjórn Dunga, hefur Brasilía unnið 29 leiki og gert fjögur jafntefli. Liðið tapar einfaldlega ekki með þá innanborðs.

Flestir bjuggust við meira af Chile sem varð fyrsta Suður-Ameríkuþjóðin til að detta úr keppninni. Draumur margra um úrslitaleik á milli Brasilíu og Argentínu er mjög raunhæfur möguleiki miðað við spilamennsku þjóðanna til þessa.

Brasilíumenn ollu vonbrigðum gegn Portúgal en þurftu ekki að vinna þann leik. Þeir sýndu styrk sinn í gær og hinir fimmföldu heimsmeistarar eru til alls líklegir. Hollendingar bíða þeirra í 8-liða úrslitunum í stórleik sem verður leikinn á föstudaginn. - hþh



**FÖGNUÐUR** Brasilíumenn fagna marki Luis Fabiano, fyrirliðinn Lucio stekkur á liðsfélaga sína sem umkringja Kaká sem brosir út að eyrum. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP



**LYKILMAÐUR** Spánverjar leggja allt kapp á að stoppa Ronaldo. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Spánn mætir Portúgal í kvöld:

## Nágrannaslagur af bestu gerð

**FÓTBOLTI** Spánn og Portúgal mætast í nágrannaslag í 16 liða úrslitum HM í kvöld. Sigurvegarinn mætir Japan eða Paragvæ sem mætast í fyrri leik dagsins.

Allra augu beinast að Cristiano Ronaldo hjá Portúgal en hann mun mæta samherja sínum hjá Real Madrid, Sergio Ramos. Bakvörðurinn Ramos segir lykilatriði að stoppa kantmanninn knáa.

„Portúgal er með frábært lið og þeir eru í góðu formi núna. Ég hlakka til að spila á móti liðsfélögum mínum. Ronaldo er mjög sterkur og hraðabreytingar hans eru frábærar. Ég þarf að hindra að hann fái boltann áður en hann nær að koma sér í sínar uppáhaldsstöður,“ sagði Ramos.

Portúgalinn Simao segir að þeir séu alls ekki hræddir við nágrannа sína. „Þeir eru með eitt besta lið heims en við eigum jafn mikla möguleika og þeir á þessu stigi. Við erum líka með frábært lið,“ sagði Simao. - hþh




> **Courtney Cox**

„Heiðarleiki og heilindi er lykillinn að sambandi. Ef þú getur gert þér upp heiðarleika, þá ertu með í leiknum.“

Courtney Cox fer með hlutverk einstæðrar móður unglingsdrengs í Cougar Town á dagskrá Stöðvar 2 kl. 20.55 í kvöld.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ SVAVAR HÁVARÐSSON OG MIKILMENNSKUBRJÁLÆÐIÐ

# *Sahara og Elvis Prestley 85 þúsund sinnum*

Það verður að viðurkennast að í lífi Íslendings er hann reglulega minntur á smæð landsins og þjóðarinnar sem hann tilheyrir. Það væri því bæði tímans og peninganna virði að leggjast í rannsóknir á því af hverju við göngum út frá því vísu að útlendingar horfi hingað þegar þeir leita samanburðar á lífsgæðum eða öðru sem fellur undir mannlega tilvist.

Þessa litlu staðreynd; að Ísland er fámennt dvergríki, er hægt að finna í stóru sem smáu. Þessar upplýsingar flæða ekki síst yfir mann við sjónvarpsgláp.

Á sunnudagskvöldið kom ein svona píla í fréttamagasíninu 60 mínútum. Þar var til umfjöllunar stórútgerð sem eru umboðsmenn fyrir frægt fólk sem á það eitt sammerkt að þau eru öll löngu látin, en þéna peninga nú sem aldrei fyrr. Á því græða umboðsmenn þeirra á tá og fingri og eftirlifandi ættingjar njóta góðs af. Frændi leikarans James Dean, sem ræktar svín í suðurríkjum Bandaríkjanna, er til dæmis milljarðamæringur vegna ættartengsla sinna við leikarann sem lést árið 1955, aðeins 24 ára að aldri.



Í þessari umfjöllun kom líka fram að 85 þúsund manns hafa það sem fasta atvinnu að herma eftir Elvis Prestley. Er þessi litla staðreynd fengin frá bandarísku skattstofunni, sem er ekkert að leika sér þegar kemur að skráðum upplýsingum. Heggur nærri að það jafngildi því að allir Reykvíkingar hefðu þetta að fastri atvinnu að undanskildum Grafarvogsbúum. Merkilegt.

Og eyjan okkar stóra er 107 þúsund ferkílómetrar að stærð. Sahara-eyðimörkin er 5,1 milljón ferkílómetrar að stærð. Líka merkilegt.

## ÞRIÐJUDAGUR



▶ **20.00** Into the Wild STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **21.00** Eureka SKJÁR EINN



▶ **21.10** Að duga eða drepast SJÓNVARPIÐ



▶ **22.05** Curb your Enthusiasm STÖÐ 2



▶ **23.20** Torchwood STÖÐ2 EXTRA

### SJÓNVARPIÐ

**12.45 Íslenski boltinn** Í þættinum er fjallað um Íslandsmót karla í fótbolta. (e)

**13.30 HM-stofa** Hitað upp fyrir leik á HM í fótbolta.

**14.00 HM í fótbolta** (16 liðaúrslit, 1F-2E) Bein útsending frá leik í 16 liða úrslitum á HM í fótbolta í Suður-Afríku.

**16.05 Jimmy Tvískór** (11:13)

**16.30 Sammi** (12:52)

**16.40 Múmínálfarnir**

**17.05 Táknmálsfréttir**

**17.15 HM-stofa** Hitað upp fyrir leik á HM í fótbolta.

**18.00 Fréttir**

**18.20 HM í fótbolta** (16 liðaúrslit, 1H-2G) Bein útsending frá leik í 16 liða úrslitum á HM í fótbolta í Suður-Afríku.

**20.30 HM-kvöld** Í þættinum er fjallað um leiki dagsins á HM í fótbolta.

▶**21.10 Að duga eða drepast** (7:10) (Make It or Break It)Bandarísk þáttaröð um ungar fimleikadömur sem dreymir um að komast í fremstu röð og keppa á Ólympíuleikum.

**22.00 Tíufréttir**

**22.10 Veðurfréttir**

**22.20 Taggart – Lyftumorðið** (Taggart: A Study in Murder) Skoskir sakamálaþættir þar sem rannsóknarlögreglumenn í Glasgow fást við snúið sakamál.

**23.10 Íslenska golfmótaröðin**

**23.55 Popppunktur** (e)

**00.50 Fréttir** (e)

**01.00 Dagskrárlok**

### 2 BÍÓ

**08.25 Deck the Halls**

**10.00 Roxanne**

**12.00 Garfield Gets Real**

**14.00 Deck the Halls**

**16.00 Roxanne**

**18.00 Garfield Gets Real**

▶**20.00 Into the Wild**

**22.25 Eternal**

**00.10 The Prophecy 3**

**02.00 Paris, Texas**

**04.20 Eternal**

**06.05 Mrs. Henderson Presents**

### STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Strumparnir, Bratz

**08.15 Oprah**

**08.55 Í fínu formi**

**09.10 Bold and the Beautiful**

**09.30 The Doctors**

**10.15 Einu sinni var** (18:22)

**10.55 Numbers** (20:23)

**11.45 Wipeout** (7:11)

**12.35 Nágrannar**

**13.00 Worst Week** (9:16)

**13.30 Yours, Mine and Ours**

**15.00 Sjáðu**

**15.30 Barnatími Stöðvar 2** Risaeðlugarðurinn, Ben 10, Strumparnir

**17.08 Bold and the Beautiful**

**17.33 Nágrannar**

**17.58 The Simpsons** (4:21)

**18.23 Veður** Markaðurinn

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**18.47 Íþróttir**

**18.54 Ísland í dag**

**19.09 Veður**

**19.15 Two and a Half Men** (8:24)

**19.40 How I Met Your Mother** (6:22)

**20.05 How I Met Your Mother** (19:24)

**20.30 Modern Family** (22:24) Frábær gamanþáttur um líf þriggja ólíkra en dæmigerðra nútímafjölskyldna.

**20.55 Cougar Town** (3:24) Gamanþáttur í anda Sex and the City með Courtney Cox úr Friends í hlutverki kynþokkafullrar en afar sjálfsöóruggrar einstæðrar móður unglingsdrengs.

**21.20 Bones** (20:22)

▶**22.05 Curb Your Enthusiasm** (9:10)

**22.40 Daily Show: Global Edition**

**23.05 Gossip Girl** (13:22)

**23.50 Mercy** (9:22)

**00.35 Ghost Whisperer** (19:23)

**01.20 True Blood** (1:12)

**02.15 The Beat My Heart Skipped** Frönsk verðlaunamynd segir frá Parísarbúanum Thomas Seyr, 28 ára gömlum fasteignabraskara sem, í slagtogi við aðra keppist við að þenja þolmörk laga.

**04.00 Yours, Mine and Ours**

**05.25 Cougar Town** (3:24)

**05.50 Fréttir og Ísland í dag** (e)

### 2 SPORT besta sætið

**18.00 Sterkasti maður Íslands** Sýnt frá keppninni um Sterkasta mann Íslands en flestir af sterkustu mönnum landsins eru mættir til leiks í þessu skemmtilega móti.

**18.30 NBA körfuboltinn. LA Lakers - Boston** Útsending frá leik Lakers og Boston í úrslitum NBA körfuboltans.

**20.20 Barcelona - Man. Utd. 25.11. 1998** Leikir Barcelona og Manchester United eru alltaf stórskemmtilegir. Félögin mættust í riðlakeppni Meistaradeildar Evrópu keppnistímabilið 1998-99. Eftir 3-3 jafntefli á Old Trafford var búist við miklu og aðdáendur liðanna urðu ekki fyrir vonbrigðum. Rauðu djöflarnir mættu ákveðnir til leiks og voru staðráðnir í að láta Börsunga ekki slá sig út af laginu. Sú varð raunin en árangur Manchester United í Meistaradeildinni þennan vetur mun seint gleymast.

**22.05 Travelers Championship** Skyggnst á bak við tjöldin í PGA mótaröðinni í golfi. Öll mót ársins á PGA mótaröðinni krufin til mergjar.

**23.00 Main Event: Day 7** Sýnt frá World Series of Poker 2009 en þangað voru mættir til leiks allir bestu og snjöllustu pókerspilarar heims.

### 2 SPORT 2 enski boltinn

**06.10 4 4 2**

**07.00 4 4 2**

**07.45 4 4 2**

**08.30 4 4 2**

**09.15 16 liða** Útsending fra leik í 16-liða úrslitum á HM 2010

**11.10 Holland - Slóvakía** HM 2010

**13.05 4 4 2**

**13.50 4 4 2**

**14.35 4 4 2**

**15.15 4 4 2**

**16.00 Paragvæ - Japan** HM 2010

**17.55 Zidane**

**18.25 Paragvæ - Japan** HM 2010

**20.30 Maradona** Að þessu sinni verður fjallað um Diego Maradona sem af mörgum er talinn besti knattspyrnumaður allra tíma

**21.00 4 4 2**

**21.45 Spánn - Portúgal** HM 2010

**23.40 Paragvæ - Japan** HM 2010

**01.35 4 4 2**

**02.20 Spánn - Portúgal** HM 2010

**04.15 Paragvæ - Japan** HM 2010

### SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**

**08.00 Dr. Phil** (e)

**08.45 Rachael Ray** (e)

**09.30 Pepsi MAX tónlist**

**16.40 Rachael Ray**

**17.25 Dr. Phil**

**18.10 Matarklúbburinn** (3:6) (e)

Landsliðskokkurinn Hrefna Rósa Sætran grillar gómsæta rétti sem kitla bragðlaukana.

**18.35 Girlfriends** (8:22) (e)

**18.55 H2O** (13:26) Skemmtileg unglingaþáttaröð um þrjár sextán ára stelpur sem hugsa um fátt annað en föt, ströndina og stráka. En dag einn festast þær í dularfullum helli og líf þeirra breytist að eilífu.

**19.20 America's Funniest Home Videos** (14:46)

**19.45 King of Queens** (18:22)

**20.10 Survivor** (6:16) Bandarísk raunveruleikasería þar sem venjulegt fólk þarf að þrauka í óblíðri náttúru og keppa innbyrðis þar til aðeins einn stendur eftir sem sigurvegari.

▶**21.00 Eureka** (7:18) Bandarísk þáttaröð sem gerist í litlum bæ þar sem helstu snillingum heims verið safnað saman og allt getur gerst. Bæjarstjórakosningar eru á næsta leiti en Carter hefur öðrum hnöppum að hneppa þegar önnur sól fer að ilja bæjarbúum og halda þeim vakandi allar nætur.

**21.50 In Plain Sight** (2:15) Sakamálasería um hörkukvendi sem vinnur fyrir bandarísku vitnaverndina. Vitni sem Mary á að vernda notar dóp til að fást við kvíðaköst sín og missir síðan minnið rétt áður hann á að bera vitni.

**22.35 Jay Leno**

**23.20 CSI** (18:23) (e)

### iNN

**00.10 King of Queens** (18:22) (e)

**00.35 Pepsi MAX tónlist**

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.




## Í KVÖLD



**STÖÐ 2 KL. 20.30**

### Modern Family

Frábær gamanþáttur um líf þriggja ólíkra en dæmigerðra nútímafjölskyldna. Leiðir þessara fjölskyldna liggja saman og í hverjum þætti lenda þær í hreint drepfyndnum aðstæðum sem samt eru svo skelfilega nálægt því sem við sjálf þekkjum alltof vel.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

### Two and a Half Men

**Stöð2 kl. 19.15**

Gamanmyndaflokkur um þrjá stráka, tvo fullorðna og einn á barnsaldri. Charlie Harper er piparsveinn sem skyndilega verður að hugsa um fleira en hið ljúfa líf. Alan bróðir hans stendur í skilnaði og flytur til Charlies ásamt Jake syni sínum. Hér sannast enn og aftur að karlmenn deyja ekki ráðalausir.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**07.03** Morgunfrúin
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.05** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Tónlist fólksins
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Hádegisútvarpið
**12.20** Hádegisfréttir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Í átt að regnboga
**14.03** Tónar að nóni
**15.03** Útvarpssagan: Út að stela hestum
**15.25** Þriðjudagsdjass
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.05** Á sumarvegi
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.22** Syrpan
**18.50** Veðurfregnir
**18.53** Dánarfregnir
**19.00** Stefnumót
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Í heyranda hljóði
**21.30** Kvöldsagan: Konan í dalnum og dæturnar sjö
**22.10** Orð kvöldsins
**22.15** Fnykur
**23.10** Sumar raddir
**00.05** Næturtónar

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 91,9** Kaninn
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7**FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 102,2** Útvarp Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun

## 2 EXTRA

**19.30 The Doctors**

**20.15 Ally McBeal** (13:22) Ally líkar illa viss ábyrgð sem fylgir því að vera meðeigendi. Fish tekur að sér mál Claire Otoms sem hefur verið ákærð fyrir að áreita vinnufélaga sína kynferðislega.

**21.00 Fréttir Stöðvar 2**

**21.25 Ísland í dag**

**21.45 Glee** (17:22) Frábær gamanþáttaröð sem gerist í menntaskóla þar sem metnaðarfullur kennari og fyrrverandi nemandi skólans ákveður að setja aftur saman sönghóp skólans sem gerði einmitt stormandi lukku í sönghópakeppnum á árum áður.

**22.30 So You Think You Can Dance** (3:23) Stærsta danskeppni í heimi snýr aftur sjöunda sinn og hefur þátttakan aldrei verið meiri og aldrei fyrr hafi jafn margir hæfileikaríkir dansarar skráð sig. Þátttakendur eru líka skrautlegri en nokkru sinni.

▶**23.20 Torchwood** (1:13) Ævintýralegur spennuþáttur um sérdeild innan lögreglunnar sem tekur að sér mál sem eru svo undarleg að ómögulegt er fyrir óbreytta laganna verði að upplýsa þau.

**00.15 That Mitchell and Webb Look** (3:6) Skemmtilegur grínþáttur uppfullur af frábærum sketsum með þeim félögum David Mitchell og Robert Webb.

**00.45 The Doctors**

**01.30 Ally McBeal** (13:22)

**02.15 Sjáðu**

**02.45 Fréttir Stöðvar 2**

**03.25 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**12.15** Only Fools and Horses **12.45** My Hero **13.15** My Hero **13.45** My Family **14.15** My Family **14.45** The Weakest Link **15.30** The Inspector Lynley Mysteries **16.15** EastEnders **16.45** The Weakest Link **17.35** Last of the Summer Wine **18.05** Whose Line Is It Anyway? **18.30** Hotel Babylon **19.20** Spooks **20.10** Whose Line Is It Anyway? **20.35** Doctor Who **21.25** Last of the Summer Wine **21.55** Whose Line Is It Anyway? **22.20** Hotel Babylon **23.05** Spooks **00.00** Only Fools and Horses

## DR 1

**12.00** Hvor er vi landet? **12.30** Rig ved et tilfælde **13.00** Sommertid **13.30** Kender du typen **14.00** That's So Raven **14.25** Svampebob Firkant **14.50** Hyrdehunden Molly **15.00** Minisekterne **15.05** Landet for længe siden **15.30** Lille Nørd **16.00** Kær på tur **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** Chris på chokoladefabrikken **17.30** VM 2010 studiet **17.55** 3: Halvleg ved Krabbe & Mølby **18.00** Spise med Price **18.30** Drommehaver **19.00** TV Avisen **19.25** SportNyt **19.30** Sommervejret **19.40** Vilde roser **20.25** Garano & Lamont: Boston-kvæleren **21.55** Madoff og milliarderne **22.45** Naruto Uncut **23.05** Naruto Uncut

## NRK 1

**12.20** Sommerhuset **12.50** Skjergardsmat **13.20** Ut i naturen **13.50** Sommeråpent **14.40** Dallas **15.30** Lisa goes to Hollywood **16.00** Oddasat **16.05** Nyheter på tegnspråk **16.10** Kokkekamp **16.40** Norge i dag **17.00** Dagsrevyen **17.30** Grønn glede **18.00** En livskraftig planet **18.50** Extra-trekning **19.00** Dagsrevyen 21 **19.30** Sommeråpent **20.20** Ekstremsportveko **20.35** Vikingskip til siste havn? **21.05** Kveldsnytt **21.20** Dalziel og Pascoe **23.00** Damenes detektivbyrå nr. 1 **23.55** Svisj gull

## SVT 1

**12.20** Gomorron Sverige **13.10** Rapport **13.15** Fotbolls-VM **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** Engelska Antikrundan **17.05** Så såg vi sommaren då **17.20** Regionala nyheter **17.30** Rapport **18.00** Allsång på Skansen **19.00** Fotbolls-VM **20.30** Fotbolls-VM: Höjdpunkter **21.15** Stand-up med John Oliver **21.55** Cleo **22.25** Arvtagerskan **23.40** Vampyrskräckens offer





VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR: 2 2+ 2 BÍÓ 2 BÍÓ+ 2 EXTRA 2 EXTRA+ AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR. 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

## GOTT Á GRILLIÐ



*„Ég er nú ekki mikill grillari sjálfur en finnst gott að borða af grillinu. Fylltar grísalundir með piparosti eða rjómaosti og fleira er rosalega gott. Síðan er alveg ómissandi að grilla humar með hvítlauk og hvítlaukskryddi.“*

Jóhann Ágúst Jóhannsson, annar skipuleggjenda tónlistarhátíðarinnar Pönk á Patró.

# Eftirsótt að leika kærustu Buddy Holly

„Þetta er stórt tækifæri fyrir hvern þann sem hefur áhuga á söng og dansi,“ segir Ísleifur B. Þórhallsson hjá Bravó.

Eins og greint var frá í Fréttablaðinu á dögunum þá hyggjast Bravó og 3 sagas setja upp söngleikinn Buddy Holly í október. Ingó veðurguð fer með hlutverk Holly, en prufur fyrir hin hlutverkin fóru fram í Austurbæ á sunnudag og halda áfram næstu daga.

„Það voru um 80 manns sem komu í prufurnar, þar af um 40-50 stúlkur sem áhuga höfðu á hlutverki Maríu Elenu, kærustu Buddy Holly,“ segir Ísleifur. „Söngleikurinn er stór og flottur og það er ekki á hverjum degi sem fólki býðst tækifæri til að taka þátt í verki sem þessu. En það gæti svo sem vel verið að Ingó hafi spilað inn í þetta. Stúlkunum þætti nú ekki leiðinlegt að fá að leika á móti honum.“

Ísleifur segir bæði áhugamenn og atvinnuleikara koma til greina í verkið og segir fjölbreytta blöndu af fólki þegar hafa sóst eftir hlutverkum. „Þetta er skemmtileg blanda af atvinnuleikurum, vönu fólki, þekktu fólki og óþekktu fólki og nýstirnum,“ segir hann. „Við ætlum að kynna til leiks nýtt íslenskt hæfileikafólk sem hefur ekki sést mikið áður.“ **- ls**





**EFTIRSÓTT HLUTVERK** Þessar mættu galvaskar í prufur í Austurbæ á sunnudag. Hátt í 50 stúlkur hafa sóst eftir að leika kærustu Buddy Holly sem Ingó túlkar.



**LÁRÉTT**
**2.** skipalægi, **6.** til dæmis, **8.** sæ, **9.** tímabils, **11.** snæddi, **12.** gisinn, **14.** líffæra, **16.** skóli, **17.** hafið, **18.** drulla, **20.** fyrirtæki, **21.** teikning af ferli.

**LÓÐRÉTT**
**1.** málmur, **3.** mannþyrping, **4.** lögtak, **5.** net, **7.** strákur, **10.** móða, **13.** dýrahljóð, **15.** skrambi, **16.** iðn, **19.** guð.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** höfn, **6.** td, **8.** sjó, **9.** árs, **11.** át, **12.** lekur, **14.** nýrna, **16.** fg, **17.** rán, **18.** aur, **20.** ms, **21.** graf.

**LÓÐRÉTT: 1.** stál, **3.** ös, **4.** fjárnám, **5.** nót, **7.** drengur, **10.** ský, **13.** urr, **15.** ansi, **16.** fag, **19.** ra.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 8.

1. Tónlistarhúsinu Hörpu.
2. Kjúklingabringum.
3. Úrúgvæ.

SUPER PIZZA
Nýbýlavegi 32
Tilboð
16" Tex Mex
Lamba Pizza
1,099- kr.

## ÓLAFUR MÁR HREINSSON: SELJUM ALLT AÐ SJÖ 3D SJÓNVÖRP Á VIKU

# Dellukallar eyða milljónum í þrívíddarsjónvörp

„Það eru bara allt önnur gæði í þessum sjónvörpum en í venjulegum. Maður sér dýptina í myndinni,“ segir Ólafur Már Hreinsson, starfsmaður Sjónvarpsmiðstöðvarinnar.

Sjónvarpsmiðstöðin er byrjuð að selja þrívíddarsjónvörp og tækjaóðir Íslendingar taka nýjunginni vel. Þar á bæ seljast allt að sjö tæki á viku á um 650.000 krónur stykkið. Það er um 400.000 krónum meira en hefðbundinn flatskjár af sömu stærð. Prógastro hóf einnig nýlega innflutning á þrívíddarsjónvörpum og hefur þegar selt fimm tæki á um 560.000 krónur stykkið.

Baldur Steinarsson hjá fyrirtækinu vill meina að þrívíddartæknin sé framtíðin. „Við erum nýbyrjaðir að selja tækin og pöntuðum þau inn eftir eftirspurn frá viðskiptavinum,“ segir hann og bætir við að sjónvarpsstöðin Sky, sem nýverið hóf útsendingu á sérstakri þrívíddarrás, ætlaði að senda HM í knattspyrnu út í þrívídd en það gekk ekki eftir. „Það eru samt nokkrir leikir sýndir á þeirri stöð,“ segir Baldur.

**215** sjónvörp hafa verið flutt til landsins að mealtali á viku á árinu.

**HEIMILD:** HAGSTOFA ÍSLANDS

Ólafur Már hjá Sjónvarpsmiðstöðinni tekur undir orð Baldurs og segir þrívíddartæknina það sem koma skal. Hann vill meina að þrívíddin geri hversdagslegt sjónvarpsgláp að raunverulegri og skemmtilegri upplifun. „Það sem er miklu betra við þrívíddina er að þú færð bæði myndina á móti þér og ferð inn í myndina,“ segir hann. „Ef maður horfir á fótbolta beygir maður sig niður því það er eins og boltinn fari í mann.“



**FRAMTÍÐ ER NÚNA** Þrívíddarsjónvarpstæki er það sem koma skal og hér sýnir Ólafur Már hjá Sjónvarpsmiðstöðinni hvernig landslagið verður á heimilum landsmanna í nánustu framtíð. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

En hver kaupir sjónvörpin?

„Það eru nú helst dellukallar sem festa kaup á gripnum enn sem komið er.“

Til þess að nýta tæknina þurfa áhorfendur að nota sérstök þrívíddargleraugu. Tvenn fylgja sjónvörpunum, en hægt er að kaupa stykkið á um 20.000 krónur. „Það er örugglega hægt eyða svipuðum pening í áhugamál eins og golf eða veiði,“ segir Ólafur og viðurkennir að hann sé einn af þessum delluköllum og sé að safna fyrir gripnum.

alfrun@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Ný þáttaröð af bílaþættinum Top Gear fór í loftið á BBC á sunnudagskvöld. Það væri vanalega ekki tilefni til mola í þessum alíslenska dálki, en undantekningin sannar regluna hér eins og annars staðar. Þátturinn fjallaði nefnilega að hluta um ferð **James May**, eins af frábærum þáttarstjórnendum Top Gear, á Fimmvörðuháls þegar hið svokallaða túristagos stóð yfir. James fór á einum af jeppunum sem Arctic Trucks hafði breytt fyrir ferð Top Gear á Norðurpólinn. Í þættinum kom fram að jeppinn hefði aldrei verið sveipaður sama dýrðarljóma og hinir jepparnir sem voru í Norðurpólsferðinni af þeirri einföldu ástæðu að upptökuliðið hefði ekið honum ...



Eldfjallafræðingurinn **Haraldur Sigurðsson** er í nokkuð stóru hlutverki í innslaginu. Hann ferðaðist í jeppanum með James May en saman lentu þeir í miklum hrakningum og virtust um tíma vera týndir í blindbyl. Bresku sjónvarpsmönnunum tókst að skapa mikla dramatík í kringum óveðursförina, en Haraldur virtist þó pollrólegur allan tímann og sést taka upp viðbrögð May með litlili myndbandsupptökuvél ...



Mikla athygli vakti á sínum tíma þegar James May keyrði upp á eldheitt og nýtt hraunið með þeim afleiðingum að það kviknaði í einu dekki jeppans. Kerfið sem var notað til að kæla dekkin virkaði þó furðuvel, en í þættinum upplýsir hann hvernig farið var að því að halda vatninu ísköldu án þess að frysta það. May sagði frostlög hafa verið úr myndinni sökum mengunar. Þess í stað var vodka hellt út í vatnstankinn til að sporna gegn frystingu. Í versta falli gæti **Svandís Svavarsdóttir** umhverfisráðherra haft eitthvað að segja um það en í besta falli syrgjum við sóun á rándýrum og ofskattlögðum vökva. **- afb**



# Hjaltalín styrkt til að kynna landið

„Við vildum sýna að hægt er að nota íslenska tónlist á markvissan hátt við að kynna land og þjóð,“ segir Steinþór Helgi Arnsteinsson, umboðsmaður hljómsveitarinnar Hjaltalín.

Hjaltalín fékk styrk til að bjóða 14 erlendum blaðamönnum til landsins og sjá tónleika hljómsveitarinnar og Sinfóníuhljómsveitar Íslands fyrr í þessum mánuði. Afraksturinn má svo lesa í greinum og dómum um tónleikana í mörgum af fremstu dagblöðum og tímaritum heims. Meðal annars kynnir blaðamaður danska dagblaðsins Politiken hljómsveitina sem bjargvætt íslenska orðsporsins og að þeir muni spila landið út úr kreppunni.

„Við bárum hugmyndina undir Útflutningsráð sem síðan hafði samband við Inspired By Iceland sem styrkti okkur í þessu verkefni,“ segir Steinþór. „Hljómsveitin er að kynna plötuna Terminal í Evrópu og við töldum þetta vera góða leið til að koma okkur á framfæri; að leyfa fjölmiðlafólki að sjá Hjaltalín á heimavelli.“

Steinþór bætir við að innflutningur blaðamannanna hafi verið hluti af þeirra eigin kynningarátaki. „Við lögðum líka pening í þetta á móti styrknum frá Inspired by Iceland. Okkur fannst við vera að slá tvær flugur í einu höggi. Kynna landið og hljómsveitina.“

Anna Hildur Hildibrandsdóttir, framkvæmdastjóri Útón, útflutningsráðs íslenskrar tónlistar, segir að styrkur sem þessi sé ekki algengur. „Við töldum að í þessu verkefni færu saman hagsmunir beggja, sveitarinnar og kynningarátaksins,“ segir hún. „Það er ekki þannig að allar hljómsveitir geti sótt um styrki af þessu tagi. Hjaltalín fékk hann vegna þess að hljómsveitin er með útgáfuplan í Evrópu og fyrirhugað tónleikaferðalag.“ **- áp**



**BUÐU BLAÐAMÖNNUM HEIM** Hjaltalín fékk styrk frá Inspired by Iceland-átakinu til að kynna landið og sveitina í leiðinni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki

FRÁBÆRT VERÐ!

SESSUR FYLGJA



BORÐ + 2 STÓLAR + 2JA SÆTA SÓFI + SESSUR

**FIORENTINA borð + 2 stólar + 2ja sæta sófi + sessur**
Stílhreint sett úr áli og sterku, veðurþolnu polyrattan efni. Flott borð með glerplötu, 2 stólar og 2ja sæta sófi í stíl. Hægt að nota bæði innan- og utandyra. Ljósar sessur fylgja. Sessur með áklæði sem hægt er að taka af og þvo. Stærð á borði: B60 x L110 x H35 sm.

**99.990,-**

SÓLSTÓLL
**7.995,-**

**BRESCIA sólstóll**
Traustur og nýtískulegur sólstóll úr stáli og sterkum striga.



FLÍSTEPPI
**695,-**



**BROOKE flísteppi**
Góð flísteppi úr 100% polyester. Nokkrir litir fáanlegir. Stærð: 130 x 170 sm.

# Úrvalið er hjá okkur!



SKJÓLTJALD
**2.995,-**

ÚTILEGUSTÓLL
**1.995,-**

ÚTILEGUBORÐ
**2.995,-**

**Skjóltjald, útilegustóll og útileguborð**
Skjóltjald með þremur vængjum. Hælar og stangir fylgja. Stærð: 135 x 400 sm. Útilegustóll úr hvítlakkaðri röragrind með röndóttu áklæði. Útileguborð með stillanlegri borðplötu. Stærð: 60 x 80 sm.

SPARIÐ 795




Hitaþol svefnpokans
Þægindamörk +12/+25°C
Lágmarkshiti +5°C

TJALD + SVEFNPOKI ÁÐUR: 4.790,-
**3.995,-**

**TATRA OPEN AIR tjald + OSLO svefnpoki**
Gott 2ja manna tjald úr vatnsvörðu, akrýlhúðuðu nylonefni. Þéttur botn og sterkar stangir. Stærð: 205 x 140 x 105 sm. Þyngd: 1,8 kg. OSLO svefnpoki. Stærð: 75 x 190 sm. Þyngd: 1100 gr. Þolir þvott við 30°C.



**Útilegupottasett**
Útilegupottasett úr sérstaklega léttu áli. Settið inniheldur 2 potta, 1 ketil, 1 pönnu og handfang til að færa heitt álið.

ÚTILEGUPOTTASETT
**2.995,-**



EINANGRUNARDÝNA
**595,-**

**Einangrunardýna**
Létt og góð einangrunardýna fyrir útileguna. 6 mm. þykk. Stærð: 50 x 180 sm.



RAFMAGNSKÆLIBOX
**7.995,-**

**12V rafmagnskælibox**
24 ltr. rafmagnskælibox sem hægt er að stinga í samband við sígarettukveikjarann í bílnum. Mjög hentugt í útileguna eða ferðalagið.



**Sportbrúsi**
Flottur sportbrúsi í skemmtilegum litum.

BRÚSI
**199,-**



ÚTILEGUSTÓLL
**1.495,-**

**PISA útilegustóll**
Góður útilegustóll með örmum og glasahaldara. Hægt að leggja saman.

**DELUXE skjóltjald**
Sterkt og gott skjóltjald með 3 vængjum og gluggum. Hælar og stangir fylgja með. Stærð: 4,0 x 1,4 m.

FRÁBÆRT VERÐ!



SKJÓLTJALD MEÐ GLUGGA
**6.995,-**

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ
www.rumfatalagerinn.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000** VISIR.IS

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

Póst húsið

**DREIFING:** dreifing@posthusid.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



Landsins mesta úrval af girðingaefni
www.lifland.is





## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Ofurfyrirsæta á Jónsvöku

Breska fyrirsætan **Lily Donaldson** var stödd hér á landi síðastliðna helgi. Fyrirsætan kíkti meðal annars á tískusýningu sem haldin var í Hafnarhúsinu á vegum menningarhátíðarinnar Jónsvöku. Nærvera hennar vakti að sjálfsögðu mikla athygli viðstaddra, en Lily er ein eftirsóttasta fyrirsæta Bretlands. Hún hefur landað samningum hjá stærstu hönnuðum heims svo sem Dior, Burberry og Dolce & Gabbana. Einnig hefur hún setið fyrir og sýnt á tískusýningum fyrir flesta eftirsóttustu hönnuði heims ásamt því að vera á lista Vogue Paris yfir merkustu fyrirsætur fyrsta áratugar þessarar aldar. Lily yfirgaf landið á sunnudag. **- ls**



### Á eigin vegum í Kína

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, fyrrverandi ráðherra og formaður Samfylkingarinnar, er nú stödd í Peking í Kína ásamt manni sínum, Hjörleifi Sveinbjörnssyni. Hjörleifur nam kínversku og asískar bókmenntir í borginni árin 1976 til 1981 og sagðist Ingibjörg á Facebook-síðu sinni á laugardag hlakka verulega til ferðalagsins. Loksins hefðu þau hjónin tækifæri til að skoða borgina á eigin vegum og Hjörleifur geti leitt hana um sínar gömlu slóðir, í það minnsta þær sem ekki er búið að umturna. **-þeb**



## Mest lesið VISIR.IS

1. Sérstakur saksóknari gefur út sínar fyrstu ákærur
2. Brenndist af hrauni á Fimmvörðuhálsi
3. Saka Guðmund um einelti og hroka
4. Jóhanna og Jónína gengu í hjónaband
5. Veitingamenn vilja áfengisverslun burt úr miðbænum


SUMARÚTSALA
á útivistarfatnaði



LÍFLAND
Lynghálsi 3 Reykjavík
Lónsbakka Akureyri



Frábær
# OPNUNARTILBOÐ

Stórlækkað verð og vaxtalaus lán til 6 mánaða.




## Pavilion dv6 2010eo

**24.900 kr.***

Heildarverð:
**149.400 kr.**
Verð áður:179.900 kr.

Örgjörvi: AMD Turion II Dual Core M520 2,3 GHz, 1 MB Level 2 cache Harður diskur: 320GB SATA 7200 rpm Skjár: 15,6" HD LED BV, 1366x768 Skjákort: ATI Mobility Radeon HD 4530 512MB DDR3 Geisladrif: LightScribe DVD+/-RW Mesta minni stutt: 8GB Vinnsluminni: 4 GB DDR2 (2x2GB) Minniskortalesari: 5-í-1



### HP Deskjet D1660

KAUP AUKI

**9.990 kr.**

Ódýr og góður litaprentari sem hentar vel til skjalaútprentunar.



*HP Everyday Photo Paper, 100 bls. pakki Verðmæti: 1.400 kr.*



### HP PHOTOSMART All-In-One

KAUP AUKI

**19.900 kr.**

Fjölnotaprentari sem ljósritar, skannar og prentar í ljósmyndagæðum.



*HP Premium Photo 10x15 20 bls. pakki HP Everyday Photo Paper, 100 bls. pakki Verðmæti: 2.500 kr.*



### HP PHOTOSMART AIO WiFi

KAUP AUKI

**24.900 kr.**

Þráðlaus fjölnotaprentari sem ljósritar, skannar og prentar í ljósmyndagæðum.



*HP 364 Ljósmynda "value pack". Verðmæti: 6.800 kr.*

Í tilefni þess að Opin kerfi hafa opnað nýja og glæsilega verslun, **Ok búðina** Höfðabakka 9, bjóðum við frábær opnunartilboð á HP fartölvum og HP prenturum.

- MEST SELDU FARTÖLVUR Í HEIMI **




Opnunartími: mán - fös. kl. 9 - 18

* Verð á mánuði miðað við 6 mánaða vaxtalaust lán sem Ok búðin veitir. Fyrsta afborgun í ágúst. Tilboðið gildir meðan birgðir endast.

** Skv. úttektum IDC.

VERT - 13378

Opin kerfi eru dreifingar- og þjónustuaðili HP á Íslandi. HP tölvubúnaður fæst hjá samstarfsaðilum um land allt.

OK
búðin

Ok búðin / Höfðabakka 9 / 110 Reykjavík / Sími 570 1140 / www.okbudin.is